



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu  
[1890–1994]**



Landamerkjabréf fyrir jörðunni Rútstöðum og Sámstöðum.

Að sunnan eru landamerkin milli Oxnafellis og jarðanna eptir vörðum, sem eru hlaðnar á gömlum landamerkjagarði, beint strik eptir þeim ofaní Eyjafjarðará og eptir sömu stefnu uppá mitt fjall.

Að austan ræður Eyjafjarðará merkjum út að Rutstaðahólma, síðan farvegur sá, er liggur næst næst fyrir vestan hólman, svo langt sem land jarðarinnar nær úteptir – –

Að norðan eru merkin milli jarðanna og Bringu um svonefndan Birnustein, og upp þaðan eptir mjög fornu og óglöggu garðlagi, sem liggur upp í syðri barmi lagar þeirrar er kölluð er Merkjalág, þaðan rjettsýnis uppá Háls allt að þeirri gömlu steina vörðu, sem er fyrir utan Moldgötur á Moldgatnaholti, þaðan rjettsýnis austur á hálsinn, en vestur frá Bissu steini á sömu stefnu í farveg þann, sem áður er nefndur – –

Að austan ræður á framhaldslína af Bringu merkjum beina stefnu suður á Oxnafellsfjalls röðul. –

Staddur á Rutstöðum 12 maí 1890

A Stefánsson

Sem eigandi Bringu samþykkur.

J Jónsson.

Sem eigandi Grundar samþykkur þessum landamerkjum

M Sigurðsson

Í umboði Oxnafellis eigandans

þ. Thorlacius

Sem umboðs Stórahámar og Háhamars samþykkur

Stephán Stephensen.

Þinglesið að Ongulstöðum 19. maí m. 1890 og innfært



Garðsá:

Landamerki Garðsár í Eyjafirði eru að sunnan Gerðisdalsá frá fjallsbrún yfir miðjan Gerðisdals ofaní þverá, sem ræður merkjum að neðan eður vestan; sem ræður merkjum að neðan eður vestan; að norðan eru merkin í læk þann, sem rennur fyrir utan svokallaðan Skjólbrekkumó og nefnist merkjalækur, með honum er forn garðpartur til leiðbeiningar neðan frá þverárgili nærri upp jafnt Grænagerði. Úr læk þessum liggja merkin úr miðri Merkislág, fyrir utan og neðan Grænagerði beint í syðri klettaenda þá, sem eru í fjallinu fyrir ofan <sup>og</sup> nefnast Hálsklettur, þaðan austur á fjallsmiðju. Einnig liggur undir ofannefnda jörð fremri hluti Garðsárdals frá Fossgili að utan fram að Gönguskarðslæk og Gonguskarðið að norðan austur fyrir tjörn þá, er þar stendur allt á þroskuld –

Garðsá 10 maí 1890

A Hallgrímsson                      Hallgr Hallgrímsson  
(eigendur Garðsar)

Ofanskrifuðum landamerkjum samþykkt

Guðrun Sigurðardóttir  
(eigandi Syðrahols)

Samþykktur vegna Almennings

Stéphán Stephensen

Sigmundur Bjarnason              Eyrikr Jóhannesson  
(eigendr þramar)

Þinglesið á Ongulstöðum 19 maí 1890. og innfært



Landamerkjalyising Bjarkar í Ongulstaðahrepp.

Að neðan eru landamerkin frá Eyjafjarðará úr syðra horni Ongulstaðaness – sem er lítið utar en á móti Reykhúsum – þaðan upp yfir mýrarnar eptir gömlum garði, þaðan beina stefnu að öðrum garði og eptir honum allt til breknanna, og enn sömu stefnu í svo kallaða Merkjaklopp, sem er milli Bjarkar og Ongulstaða, þaðan í vörðu utanvið Háuborg og enn sömu stefnu gagnvart miðju fjalli, og suður fjall til ytri tjarnalands. Að vestan ræður Eyjafjarðará merkjum. Að sunnan eru þau frá Eyjafjarðará eptir garði, er liggur upp yfir mýrina; og upp brekkurnar eptir gömlum garði; sem liggur eptir merkjalág og það upp rjett sunnan við Bjarkartún og síðan beint í Dráng, og sömu stefnu á mitt fjall. –

Ongulstöðum 10. febr. 1890

Guðrún Sigurðardóttir

(eigandi Bjarkar.

Samþykkur vegna Ytri tjarna og Ytri-tjarnarkots.

Stephán Stephensen

Samþykkir vegna Ongulstaða

Jónas Gunnlögsson

(handsalað)

M. Benidiktsson

Þinglesið á Ongulstaðamanntalsþingi 19. maí 1890 og innf:



Landamerkjaskrá jarðarinnar Bringu í Ongulstaðahrepp.

Að utanverðu eru merkin í nokkuð stóran grjótmel miðjan, sem er hjerumbil mitt á milli bæjanna Stórhamars og Bringu, er sá melur kallaður Merkismelur, af honum liggja merkin í rjett austur upp á háhálsinn, svo langt sem sjer á túnið á Grund og þaðan beina sjónhending suður á Oxnafell. En vestur af Merkismel fyrir vestan landkvíslina sem kölluð er liggur ytri Bringuhólmi, og til heyrir hann allur Bringu, er hann aðskilin frá Stórhamarshólma með auðsjáanlegum árkvislarfarvegi. Svo liggja merkin milli Grundar og Bringu hjerum bil beint í suður, bæði eptir því, sem Eyjafjarðará nú rennur og á parti eptir hennar aðal farvegi  $\frac{1}{2}$ gamla, sem liggur fyrir vestan syðri Bringuhólma, og tilheyrir Bringu allur sá hólmi.

Að sunnan verðu eru merkin milli Bringu og Rutstaða í stóran stein, sem er rjett við Landkvíslina, eður austurkvísl Eyjafjarðará og skamt fyrir utan túnið á Rutstöðum er hann kallaður Bissusteinn. Upp frá steini þessum liggur gamalt garðbrot upp með graslág, sem kölluð er Merkjalág. Frá efri enda þessa garðbrots liggja merkin beina stefnu upp yfir Rútstaðaholt og upp á svokallaðan Moldflagshól eður Moldgatnahól og svo sömustefnu upp á háhálsinn. – En vestur frá Bissusteinum liggja merkin í þessa sömu stefnu og þvert yfir Rutstaðahólma og vestur í þann farveg, sem aðskilur hólma þann frá áðurnefndum Syðri Bringuhólma.

Múkaþverá í februar 1890  
Eigandi jarðarinnar Bringu  
J. Jónsson.

Sem umboðsmaður yfir Stórhamri og Háhamri er eg samþykkur þessum landamerkjum.  
Stephán Stephensen

Sem eigandi Grundar er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum  
M. Sigurðsson.

Í umboði eigandans að Rútstöðum samþykkur  
A. Stefánsson.

Þinglesið að Ongulstöðum 19. maí 1890. og innf.



Landamerki Syðra-Hóls í Ongulstaðahreppi.

Að sunnan ræður þveráin merkjum á nokkrum parti nfl. frá gljúfrum – eður þverárbrúninni – og upp að merkjalæk – sunnanvið svokallaðan merkjamel og eptir læknum eru þau upp mýrarnar, eður meðan farvegur hans sjest, frá honum upp sunnan við Hólskletta og beint á fjall upp. Að norðan eru merkin í vörðu, sem er syðst á Pjetursenni - skamt neðan við fjallsrætur – úr henni beint á fjall. En niður frá tjeðri vörðu, eru þau beina línu að gömlum garði – sem en sjest á milli túnanna á Ytra- og Syðrahóli, og enn sömu stefnu niður fyrir móana allt að þveránni, sem fellur framan undir melkambi þeim, er áin hefur myndað, síðan eptir henni suður og upp að fyrnefndum gljúfrum. –

Ongulstöðum 18 febr. 1890

Guðrún Sigurðardóttir

(eigandi Syðrahóls.

Framanskriafaðri landamerkjalyýsing er jeg samþykkur –

J. Jónsson.

eigandi Ytrahóls í Ongulstaðahreppi

Framanskriafaðri landamerkjalyýsingu erum við eigendur Garðsár samþykkir

Hallgr. Hallgrímsson

A Hallgrímsson.

Sigríður Hallgrímsdóttir

Þessum merkjum er eg samþykkur

Ari Jonsson

eigandi þverár

Þingl. að Ongulst. 19. maí 1890.



Landamerkjalýsing fyrir jörðina Litla-Eyjarland í Kaupangssveit innan Eyjafjarðarsýslu.

Að sunnan ræður varða á bakkanum niður við Eyjafjarðará, austur af vörðu þessari er hlaðin garður, sem liggur beint austur að svo kölluðum Fríðukíl, og fylgja merkin þeim garði að kílnum, þaðan út kílín og út fyrir hina gömlu ósgótu, þaðan beint uppi grjótvörðu á Merkisklöpp, og frá henni í aðra vörðu á melnum næst fyrir utan Leifstaðastekk og síðan beint uppi þingmannalæk, og fylgja svo merkin læknum þangað sem hann hefur upptök sín austur við Leifstaðatjarnir og þaðan austur svo langt sem merki aðgreina úr Fnjóskadal þar norður heiðina uns landamerki Syðri-Varðgjár taka við, sem liggja beint í vestur að vörðu á fjallsbrúninni við svokallað Stóralækjarskarð, þaðan rjettsýnis ofan fjallið til fossavörðu utanvið Stóragil, og en nú ofanað vörðu, sem stendur niður við leiruna, síðan vestur í kvísl þá, sem rennur utanvið Varðgjarhólma og fylgja svo merkin þeirri kvísl til suðurs, þartil kemur að vörðu þeirri, sem fyrst var um getið að stæði á bakkanum niður við ána. Í umboði jarðareigandans prestaskólakennara þórahallar Bjarnarsonar í Reykjavík  
Helgi Kolbeinsson.

Þessari landamerkjalýsingu erum við undirskrifaðir samþykkur.

Landamerkjaskrá þessari er eg samþykkur að því leyti, sem hún viðkemur jörðunni Syðri-Varðgjá í Ongulstaðahrepp.

Hermann Sigurbjarnarson.

Einnig samþykkur þessu fyrir hönd jarðareigandans að hálfum Leifstöðum

Einar Helgason      Helgi Pálsson

Samþykkur vegna Landamerkja Leifstaða

Vilhjalmur Bjarnason

Þinglesið á Ongulstaða manntalsþingi 19. maí 1890 og innf.



### Landamerki Syðri-Varðgjár í Ongulstaðahreppi

Að utan úr stórum steini niður við sjó kölluðum Ytri-Grásteini og þaðan beint upp fyrir utan Litu-Varðgjá og síðan óskipt land til fjalls. Að sunnan frá miðri leiru í kvísl þá; sem rennur vestan við Ingimundar og 2 litla hestahólma, sem eru vestan við Varðgjár hólma og suður og norður með honum að austan eptir kvíslinni eða út leiruna útá móts við vörðu þá, er stendur í brúnunum utan við Stóragil og svo beint í fossavörðu, sem stendur framaní Höfðabrunum og svo beina stefnu upp fjallið í vörðu þá, sem stendur á brúninni utanvert við Stóralækjarskarð og svo þaðan beina stefnu suður í miðja heiði að merkjum Fnjóskdæla. Að vestan á miðja leiru.

—

Syðri-Varðgjá 20 maí 1889.

Hermann Sigurbjarnarson

(eigandi jarðarinnar)

I umboði eiganda

Helgi Kolbeinsson

ábúandi

Landamerkjaskrá þessari er jeg samþykkur að því leiti sem hún viðkemur jörðunni Naust í Hrafnagilshrepp.

J. Halldórsson

umboðsmaður eiganda tjeðrar jarðar prófasts D. Halldórssonar á Hólumum — —

Þinglesið á Ongulstaða manntalsþingi 19 maí 1890. og innfært





Landamerki Ytri-Varðgjár í Ongulstaðahreppi.

Að utan úr vörðu utarlega í Stapaklöpp í vörðu niður á sjóarbakka og þaðan beina stefnu vestur á miðja leiru. Og svo aptur upp frá Stapaklöpp beina stefnu eptir vörðum í merkislæk á leitinu og þaðan í klöpp rjett sunnan við Merkislæk á Skeiðunum og þaðan í Tvístein og svo beina stefnu syðst í slakkan utanvert við Varðgjárhjúk og svo beint austur á miðja heiði. –

Að sunnan úr stórum steini niður við sjó kölluðum Ytri-Grásteini og þaðan beint upp fyrir utan Litlu-Varðgjá og síðan er óskipt land til fjallsins. .

Að vestan á miðja leiru. Að austan á hæðstu heiði

Syðri-Varðgjá 20 mai 1889.

Hermann Sigurbjarnarson.

eigandi jarðarinnar. .

Landamerkjum þessum er eg samþykkur hvað Veigastaði snertir þó með því að Stapaklöpp sje sama og Skipaklöpp. –

Stephán Stephensen.

sem umboðsmaður Mukapverárklausturs og fullmektugur prestsins á Þönglabakka. –

– Halldór Eiríksson

ábúandi á Veigastöðum

Landamerkjaskrá þessari er eg samþykkur að því leyti sem hún viðkemur jörðunni Naust í Hrafnagilshreppi.

J. Halldórsson

umboðsmaður eiganda tjeðrar jarðar prófasts D. Halldórssonar á Hólumum. –

Þinglesið á Ongulstaða manntalsþingi 19 mai 1890 og innfært. –



Landamerkjalysing fyrir jörðinni Leifstöðum í Kaupangssveit innan Eyjafjarðarsýslu

Að vestan ræður Fríðukíll út fyrir hina fornu ósgötu eður þingmannaveg, þaðan beint uppí vörðu þá, sem stendur á miðri merkisklöpp, og frá henni í aðra vörðu á melnum næst fyrir utan Leifstaðastekk og síðan beint uppí þingmannalæk og fylgja svo merkin læknum þangað sem hann hefur upptök sín austur við Leifstaðatjarnir, þaðan austur á miðja heiði, síðan suður heiðina uns landamerki Kaupangs taka við, sem liggja beint í vestur vestur syðst á Leifstaðafellsenda og þaðan vestur að vörðu þeirri, sem stendur á heiðarbrúninni rjett fyrir norðan Sólheima, þaðan alla leið beint niður fjallið vörðu frá vörðu allt að vörðu þeirri, sem stendur á stórum steini við enda á Kúalæk fast við vegin, Sem er beint á milli bæanna Leifstaða og Fífilgerðis, síðan ræður Kúalækur allt ofan og vestur í Fríðukíl, sem fyrr var nefndur.

Leifstöðum 17. maí 1890

Vilhjálmur Bjarnason

eigandi að hálfum Leifstöðum

Helgi Pálsson

I umboði Einars Helgasonar, sem er eigandi að hinum helmingnum.

Samþykkur vegna landamerkja Kaupangs

Vilhjálmur Bjarnason (eigandi)

Samþykkur framan skrifuðum landamerkjum í umboði jarðareigandans Eyrarlands.

Helgi Kolbeinsson

Lesið á manntalsþingi á Ongulstöðum 19 maí 1890 en mótmælt af núverandi eiganda Fífilgerðis jafnvel þó ekki sjáist af áðurlesnum landamerkjum Fífilgerðis að ósamkvæmni sje milli landamerkjanna, en einungis ónákvæmni.

S. Thorarensen.

Innfært



Landamerki Kotár í Hrafnagilshrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Að austan. Úr yzta horni á holti því, sem liggur fyrir austan Kotártún og fast út að Glerá, er bein sjónhending til suðurs eptir tveimur vörðum á austanverðu tjeðu holti milli Kotár og Hamarkots; ur nefndum vörðum er enn aptur bein stefna í vörðu norðanvert við Grófargilslæk lítið eitt fyrir neðan gamallt vað, sem verið hefur þar á honum.

Að sunnan og vestan frá síðast nefndri vörðu ræður Grófargilslækur merkjum stuttan spöl til vesturs og litlu vestar en þar sem hann þrýtur eða hættir að falla í stokk er hlaðin varða; úr þeirri jörðu er bein sjónhending til vesturs í miðjan Hestklett – á sunnanverðu svonefndu Krossholti, en úr honum er aptur sjónhending bein til útnorðurs eptir miðjum Hestklettsás í vörðu utarlega á honum, þar sem hann er hæstur, og þaðan beint úti Glerárgil. Að norðan og útnorðan ræður Glerá landamerkjum.

Akureyri 1 dag januarm. 1886

Í umboði eiganda jarðarinnar prófasts Daniels Halldórssonar

J. Halldorsson

(L. S)

Í umboði eiganda jarðarinnar Stóra-Eyjarlands samþykkjast þessi landamerki

Joh Halldórsson

Þinglesið á Hrafnagilsmanntalsþingi 21 maí 1890.



### Landamerki Nausta í Hrafnagilshreppi innan Eyjafjarðarsýslu.

Að sunnan frá Eyjafjarðará ræður merkjum lækjarseyra, er fellur ofan Yztagil og eptir lág fyrir ofan það; úr henni er bein stefna til vesturs í utanverðgarð, er liggur frá norðri til suðurs sunnan að svokölluðu leyti; þaðan beint eptir tveim vörðum í klofin <sup>2</sup>stein <sup>1</sup>stóran á Syðriborg; úr honum er bein stefna í stóran stein syðst og vestast á Stóruborg og aptur þaðan í stein sunnan til á Skjólborg, þaðan í garðsmót á Hamragerði og svo beint uppí yzta hnjúkinn á fjallinu sunnanverðan kallaðan Haus.

Að austan ræður Eyjafjarðará og sjórinn (Pollurinn) út að svonefndri Kongsvörðu, er suður takmork Akureyrarkaupstaðar lóðar; þá vesturhlið kaupstaðarlóðarinnar, sem er bakkabrúnin norður eptir að svonefndu Skammargili, skal eptir sömu stefnu dregin bein lína þvert yfir tjeð gil; þaðan ræður en bakkabrún Naustahöfðans norður að Búðargili, þá Syðri brún strax nefnds gils til vesturs allt að melhorni því, er gengur lengst fram (s. til norðurs) að Búðarlæknum og er hann norðurtakmark Naustalands.

Að norðan eru merkin milli Nausta og Stora-Eyjarlands: Úr vörðu er stendur norður af Klettaendum á mel við fremstu (s: syðstu) Kotárlág og beina sjónhending til austurs í vörðu á sunnanverðum Hofshamri, þaðan í garð þann, er liggur ~~ú~~ við Naustatjörn að norðan verðu og úr þeim sama garði eptir vörðum rjettsýnis austur í Búðargil og Búðarlæk allt á móts við melhorn það, er þegar áður hefir verið nefnt. Að vestan er stefnan úr Klettsendum í áður nefnda vörðu á melnum við fremstu Kotárlag.

### Jörðunni Naustum tilheyrir:

1. Leirar allar fyrir innan (s: sunnan) suðurtakmark kaupstaðarlóðarinnar (Kongsvörðu) yfir til miðs fyrir botni Eyjafjarðar.
2. Naustahólmi slægjuland er liggur milli kvísla í Eyjafjarðará fyrir austan miðja leiru; annar lítill hólmi þar austan við, kallaður Hesthólmi, svo og (3) þrír smáhólmar í vesturkvíslum árinna utan við Steinagerðishólma

Sem ítak er aðrir eiga í landi jarðarinnar telst grafreitir (kirkjugarður) Akureyrar kirkju upp á Naustahöfðanum 600 – sex hundruð ferfaðmar að flatarmáli. –

Onnur ítök engin nje kvaðir.

Akureyri 1 dag januarm. 1887

Í umboði eiganda jarðarinnar prófasts D. Halldorssonar á Hólmum

J. Halldorsson

(SS.)

Hvað snertir jörðina Kjarna samþykkir



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Þorgrímur Johnsen.

Samþykktur vegna Hamra

Stephán Stephensen

umboðsmaður Mukapveráklausturs

Samþykktur vegna jarðanna Ytri- og Syðri-Varðgjar

Hermann Sigurbjarnason.

Í umboði eiganda Jarðarinnar Stora-Eyrrarlands samþykkjast þessi landamerki

Joh. Halldórsson

Þingl. á Hrafnagils manntalsþingi 21. maí 1890.



Landamerkjalýsing Klúkna í Hrafnagilshreppi.

Að austan ræður Eyjafjarðará merkjum; að sunnan niður við ána eru þau úr kílskarði á bakkanum að konuklöpp, sem er neðst í brekkunum; þaðan á ská suður og upp að vörðu, sem er sunnan og neðanvið túnið, þaðan beint í melhrygg skamt utan við Hjálmstaðasel, þaðan uppá gamlan garð, er liggur þar út og suður, og ræður hann merkjum að vestan – eða ofan – . Að norðan ræður Bróká merkjum allt frá nefndum garði og ofanað Eyjafjarðará.

Ongulstöðum 10 aug. 1889

Guðrún Sigurðardóttir

(eigandi Klúkna)

Guðmundr Hjaltason

eigandi Hjálmstaða.

Samþykkur vegna Teigs og Kristness

Stephán Stephensen

Þinglesið á Hrafnagilsmanntalsþingi 21 maí 1890



Landamerki Hrafnagilsjarða: Hrafnagils, Hranastaða, Botns og **Grisarar**

Að sunnan ræður Botnslækur frá Eyjafjarðará að neðan og upp fyrir sunnan tún á Botni upp að Merkisteinum og svo úr þeim suður í Hraná eða Stokkahlöðnaá, sem nú er kölluð; síðan ræður hún um tíma merkjum upp í garð við ána, sem byrjast gegnt Stokkahlöðaseli, og liggur uppí Lækjarvog; þaðan liggja merki um Hagagarð, unz kemur í mýri eina og í stein þann, sem í mýrinni stendur, þaðan beina stefnu fram til fjalls. – Að norðan eru merki milli Kropps og Grísarar þessi:

Á Eyjafjarðarabakka er garðlag lítið út og ofan undan bænum á Grísará, er snýr í austur og vestur; þaðan liggur merkjalína upp utanvert við Grísarárgilskjaptinn; þaðan beina línu yfir sáðgarðshornið og um Vörðuhólinn sunnanverðan og í vörðu 30 föðmum út undan Byrgisholtinu; þaðan beina línu yfir steina tvo stóra í mýri þar skamt fyrir ofan og í vörðu á Gildruendanum syðri; þaðan beina línu eptir garðlagi, sem sumstaðar vottar fyrir upp í Pilthól; þaðan síðan beina sjónheindingu eptir garðlaginu yfir miðjan syðsta Grísarárdalsmelinn og upp í háfjall, svo sem sjóhending ræður kippkorn fyrir utan Tvílæki. –

Hrafnagili 30 maí 1889

Matthías Jochumsson

Jónas Jonasson

Undirritaða merkjalýsingu samþykkjum vjer undirritaðir að öllu leyti

1 Að því er snertir Kropp og Stokkahlöður

Jón Davíðsson

2 Að því er snertir Stokkahlöður

Þóra Þorkellsdóttir

3 Að því er snertir Hranastaði

Jóhannes Jónsson.

Ennfremur eru þessi mörk Hrafnagilskirkju jarðarinnar Syðra-Gils óbreytt frá fornri tíð:

Að norðan ræður áin, sem rennur milli ytra- og Syðra-Gils, og þaðan frá árgilinu niður beint að þúfu sunnan og neðan vert við Hólinn fyrir utan ána og þaðan í Keldufarveg á Eyjafjarðarabakka. En að sunnan verðu frá farveg við Eyjafjarðará til lækjarseyru (nu Merkjalækjar) á Svartahjalla og rennur hún sunnan Syðra-Gilsklappir nokkurn vegin beint fram af klifinu; þaðan upp til Langa hjalla og síðan upp á milli Selja; þaðan beint að Dauðavörðu og svo upp beina línu á neðri Hábrekkur.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Ut supra

Matthias Jochumsson

Hallgr. Helgason (hs)

Samþykktur að því leyti að Kristnes á að merkjagarði, er liggur frá Kristnesseli að Gilsá fyrir neðan Háubrekkur.

Stephán Stephensen

umboðsmaðr. –

Enn fremur á Hrafnagilskirkja afrjettarlandið Bleiksmýrardal allan fyrir neðan Fnjóská frá Skarðsá og suður til öræva. Um ítak þetta og mörk þess veit jeg ekki nokkurn ágreining.

Samþykktur vegna Múkapverár

Stephán Stephensen

umboðsmaður –

Landamerki Syðra-Gils að norðan og Ytra-Gils að sunnan eru: Gilsárgil og þaðan hjerumbil beina stefnu úr miðju gilinu eptir vörðum í Eyjafjarðará, samkvæmt landamerkjaskjali fyrir Ytra-Gili þingl.; og samþykktu af hlutaðeigandi prest. –

Stephán Stephensen.

Þinglesið að Hrafnagili 21. maí 1890 og innfært í landamerkjabók Eyjafjarðarsl. bl 11 2 part.





### Landamerki Kropps í Eyjafirði

Að norðan ræður Oldulækurinn, sem kemur efst ofan úr fjalli og rennur í Eyjafjarðará fyrir sunnan Kristnesöldu.

Að sunnan úr neðri enda á stíflugarði niður við Eyjafjarðará uppí gilbarminn nyrðri við Grísararána. Þaðan beina stefnu eptir gilbarminum yfir sáðgarðshornið í sunnanverðan Vörðuhólinn. Þaðan beint í vörðu 30 föðmum fyrir norðan Byrgisholtið, eða Klopp þá, sem stendur í holtinu. Síðan úr nefndri vörðu – yfir tvo jarðfasta steina og yfir Gildruendan syðri – upp í Piltholt. Þaðan eptir gömlu garðlagi uppí syðsta og neðsta Grísárdalshólinn. Síðan eptir sömu stefnu – fyrir sunnan Smala, en utan Ytri-Tvílæk – beint á fjall upp. Að vestan ræður fjallið.

Engi jarðarinnar er mestallt fyrir austan Eyjafjarðará og eru takmorkin þessi:

Að norðan ræður uppþornað kílfar, sem liggur í bugðum gegnum árbakkan uppí stíflugarð, sem ligur yfir kílinn.

Að austan úr ræsi, sem er á nefndum stíflugarði suður með Syðri-Tjarnamerkjum í vörðu í kílnum, sem stefnir í mjóan kíll í ofanverðu Kroppsengi. Síðan upp með Syðri-Tjarnamerkjum að sunnan í vörðu tvo faðma fyrir ofan Langaskurð. Síðan úr nefndri vörðu í skurð, sem liggur út frá Hólsgarði. Þaðan af ræður Langiskurður að mestu. Þó á Kroppur litla þríhyrnu fyrir ofan skurðinn sunnanvið Hólsgarð. Að sunnan ræður bein lína, sem miðuð er við neðsta fossinn í Grísaránni og fjárhús yzt á túni á Ytra-Laugalandi. –

Hvassafelli 16. maí 1890

Jón Davíðsson

(eigandi Kropps.

Framanskriafað samþykkir fyrir hönd Grísarár

Matthias Jochumsson

Sem umboðsmaður Legatsjarðarinnar Kristness og landsjóðsjarðanna Syðri-Tjarna, Hóls og Ytra-Laugalands samt Múkapverár samþykkur

Stéphán Stephensen.

Þinglesið á Hrafnagili 21/5 1890.



Landamerki Eyjafjarðarsýslujarðarinnar Moldhauga

Að utan ræður móti Trjestöðum og Glæsibæ bein lína vetan úr þórustaðaklökk austur í Söðulhóla, hinn efri og neðri og þaðan niður í Skiptagerði.

Að neðan ræður móti Skjaldarvík bein lína frá Skiptagerði í keldu fyrir sunnan Kerhól, sem er suður og niður frá Moldhaugum. –

Að sunnan ræður á móti sömu jörðu sjónhending úr nefndri keldu uppi Strítuhól á hálsbrúninni og svo sama lína áfram að Skútalandi, en að vestan móti Skútum eru merki ákveðin í merkjaskrá þeirrar jarðar. –

Nesi 14 maí 1890

Einar Ásmundsson

Þessi landamerki samþykkjast hvað jörðina Skjaldarvík snertir.

Jón Kristjánsson

samkv. fullmakt.

Samþykkur fyrir Glæsibæ

Davíð Guðmundsson

Þinglesið á manntalsþingi Glæsibæarhr. 22. maí 1890

Undirskrifaðir hafa komið sjer saman um, að landamerkjum milli Skjaldarvíkur og Moldhauga sem þinglesin voru á næstliðnu vori verði breytt þannig, svo þau verði einsog þau hafa haldin verið að undan förnu:

Úr litlu holti fyrir ofan Skiptagerði beint suður holtaraðirnar í merkjaþúfu sunnan undir þeim og svo bein lína úr henni í Strítuhól á hálsbrún.

Staddir á Akureyri 30. júlí 1890

Einar Ásmundsson

vegna skjaldarvíkur

Jón Kristjánsson

(eptir fullmakt).



Landamerki Ytra-Hóli í Glæsibæarhrepp.

Að norðan neðst úr Einarstaðakeldu og síðan beint upp mýrina eptir hnausum og uppá milli Ytra-Hóls og Einarstaða og þaðan upp utan við þinghól, sem liggur suður og upp undan Einarstaðabæ og þaðan beina stefnu milli Melgötuhóla og svo í stóran stein einstakan í Rauðuflagabrún.

Að sunnan: úr stórum polli utan við Merkisholt niður við Lónið og svo eptir skurði upp mýrina og í stóra skonsu þar, sem skurðurinn endar, þá rjettsýnis yfir flóan og í læk þann er viðtekur og vísar merkin fyrir ofan keldurna, þá fylgja merkin áðurnefndum læk, þar til hann beygist til norðurs, og svo í vörðu, sem er rjett í vestur, þaðan í merkjahæla sem aðskilja merkin á túnunum milli Hólanna, þaðan í Grænulág utan við Steinhjalla og þaðan beint uppi fjallsbrún. Að austan ræður Lónið.

Þratarhóli 14 apríl 1890  
Fyrir hönd Jarðareiganda  
Jónas Gunnlögsson

Landamerkin samþykkjast hvað snertir Einarstaði með Pjetursborg hjáleigu.  
Akureyri 25 Apríl 1890  
S. Thorarensen

Þinglesið á manntalsþingi Glæsibæar 22 maí 1890.



Landamerkjabréf fyrir Steðja í Glæsibæarhrepp

Að utan ræður Kyðalækur uppí Brúnkolluskarð og þaðan beina línu í vörðu sunnan til á Launguklettum og þaðan beint til fjalls.

Að sunnan úr vörðu á bakkanum við Hörgá og beint í dý uppundir melabörðunum og þaðan beint í vörðu á Grímshól, og þaðan í vörðu á Rekstrarhæð og þaðan í vörðu á Jónshól og þaðan í miðja Stökuklöpp í Viðarás og í vörðu á Einirhól og þaðan beint til fjalls. –

1 Apríl 1889.

Fyrir hönd systanna 3ja.      {Guðjón Manasesson      Jónas Þorsteinsson  
Eigendur Steðja

Þessu landamerkjabréfi er jeg samþykkuð sem umboðsmaður jarðanna Vagla og Skóga  
Einar Asmundsson.

Þinglesið á manntalsþingi Glæsibæarhrepps  
22 maí m. 1890



Landamerkjakýsing fyrir Bitrugerð í Glæsibæarhrepp.

Að austan ræður lónið merkjum milli Mýrarlóns og Bitrugerðis. – Að norðan milli Bitrugerðis og Krossaness austast eru merkin bein lína úr lóninu í Berghól, svo úr hólnum og beint í syðstu vörðuna í merkjalínunni austan við Biturland, svo milli Bitrugerðis og Bitru eru merkin eptir vörðum sem settar eru upp frá syðstu vörðunni í áðurnefndri línu og uppi merkjalæk eða Bitrulæk öðru nafni, sem ræður merkjunum á parti og svo vörður uppí kjelduna á götunni, sem liggur yfir túnið út fyrir neðan Bitrugerði og neðan við hól, sem er sunnan og ofan við keldu þessa, úr þeirri keldu beina línu uppí Bitrulækinn, svo ræður hann merkjum uppundir norðari og neðri enda á svokölluðum Laugamel og þaðan beina línu uppá fjallsbrún.

Að sunnan milli Bitrugerðis og Aslákstaða austast, ræður merkjum varða á syðri Krókholtssenda, svo úr þeirri vörðu aptur vörður upp utan undir gömlum heygarði á svonefndri Votufit, svo þaðan í miðja gamla gyrðingu ofan við áðurnefndan heygarð, svo ráða merkjum vörður, sem settar eru alla leið frá gyrðing þessari uppí Svartafoss, og svo vörður frá Svartafossi og af uppí grjótvörðu, sem stendur á ytrienda á svo nefndri Systrabrún sunnan og ofan við efri enda á Langamel, svo úr þeirri vörðu og beina línu á fjall upp utan við Stóra-hnjúk.

–

Bitrugerði 1 október 1889

S. Jónsson

Sumarliði Guðmundsson

eigandi Aslákstaða samþykkir

Samþykkur vegna Bitru

St. Jónsson.

Þinglesið á Glæsibæarmantalsþingi 22 maí 1890



Landamerkjalyýsing fyrir Bitru í Glæsibæarhrepp. –

Að norðan milli Bitru og Hraukbæjar austast ræður merkjum stór steinn á norðurenda svo nefnds Krókhólts, frá steini þessum ráða vörður, sem settar eru eptir beinni línu uppí merkjalæk eða Hraukbæarlæk öðru nafni, svo ræður lækur þessi merkjum þar til Steingilslækurinn fellur í hann, svo ræður þessi Steingilslækur alveg á fjall upp. Að austan eru merki milli Bitru og Krossaness úr áður nefndum steini eptir vörðum sem settar eru eptir beinni línu suður að merkjalínu milli Bitru og Bitrugerðis. En að sunnan milli þessara jarða eru merkin eptir vörðum, sem settar eru upp frá syðstu vörðunni í áðurnefndri línu að austan og uppí Merkjalæk eða Bitrulæk öðru nafni, sá lækur ræður svo merkjum á parti og svo vörður uppí kelduna á götunni, sem liggur yfir túnið út fyrir neðan Bitrugerði og neðan við hól, sem er sunnan og ofan við keldu þessa, úr þeirri keldu beina línu uppí Bitrulækinn, svo ræður hann merkjum uppundir norðari og neðri enda á svo kölluðum Langamel og þaðan bein lína uppá fjallsbrún.

Bitrugerði 1 október 1890

S. Jónsson.

Sem umboðsmaður Hraukbæar samþykki jeg þessa merkjaskrá

Einar Ásmundsson.

Sem umboðsmaður Krossaness samþykki jeg þessa merkjaskrá.

J. Gunnlögsson.

Samþykkur vegna Bitrugerðis.

S. Jónsson.

Þinglesið á manntalsþingi Glæsibæarhrepps 22/5. 90.



Landamerki Sólborgarhóls í Glæsibæarhrepp.

Að utan til móts við Syðri-Skjaldarvík að ofan úr króknum á Skjaldarvíkurlæknum, þar sem hann beygist út eptir, svo beint ofan sunnan við Biskupshól ofaní Grástein útundan Sólborgarhóli, úr honum ofan utanundan holtinu suður og ofan af Grásteini og ofan Breiðasund ofaná merkjaþúfu utarlega á sundinu, og úr henni beina stefnu fram í kelduna, sem er fyrir ofan Skjaldarvíkurósinn, svo þvert suður eptir keldunni að merkjum Lýtistaðakots í klopp sunnarlega og vestaná ásnum utan við mógrafirnar.

Að ofan til móts við Garðshorn frá svokölluðum görðum út frá Garðshorni suður í keldu skammt fyrir utan túnið á Garðshorni, svo beina stefnu niður í klöpp, sem er suður og upp frá Sólborgarhóli, en frá klöpp þessari bein lína suður í læk, er kemur ofan frá Garðshorni, þá ráða merkjum að sunnan gamlar vörður í merkjaholti fyrir utan Steingrímsmó og þaðan í klöpp vestaní Skjaldarvíkurósnum. –

Lönguhlíð 24 febr. 1890

S. S. Thorarensen

Eigandi.

Sem umboðsmaður Garðshorns er jeg merkjaskrá þessari samþykkur.

Einar Ásmundsson

Sem umboðsmaður Lýtistaða og Lýtistaðakots samþykkur

Stephán Stephensen

Sem eigandi jarðarinnar Syðri-Skjaldarvíkur er framanskriðuðum landamerkjum samþykkur

Jón Bergsson

(handsalað)

þingl. á Glæsibæ 22/5 1890



Landamerki jarðarinnar Syðri-Skjaldarvíkur í Glæsibæarhreppi.

Að sunnan til móts við Sólborgarhól að ofan úr króknum á Skjaldarvíkurlæknum, þar sem hann beygist út eptir, svo beint ofan sunnanvið Biskupshól ofan í Grástein, sem er útundan Sólborgarhóli, úr honum ofan utan undir holtinu, sem er suður og ofan undan Grásteini, ofan Breiðasund ofaní merkjaþúfu utarlega í sundinu, og úr henni bein stefna fram í Kelduna, sem er fyrir ofan Skjaldarvíkurásinn, svo þvert suður eptir þessari keldu að landamerkjum Sýlistaðakots í klöpp sunnarlega og vestaní ásnum utanvið mógrafirnar, og svo úr klöpp þessari bein stefna til sjóar. – Milli bæjanna eru hælur, sem skipta túninu uppí steinfor á vallargarðinum og úr því skáhalt út og upp í fossbrúnina á Skjaldarvíkurlæknum. Fyrir ofan Breiðasund í Ytri-Skjaldarvíkurlandi er óskipt land milli jarðanna uppá hólbrún. Að austan ræður sjórinn.

Oddeyri 18. júní 1889

Í umboði eigandans eptir fullmakt.

Jón Kristjansson.

Samþykkur vegna Sýlistaða og Sýlistaðakots

Stephán Stephensen.

Þessum landamerkjum er eg sem eigandi Sólborgarhóls samþykkur

J. S. Thorarensen.

Vegna Ytri-Skjaldarvíkur, er eg sem eigandi, landamerkjum þessum samþykkur

Jón Bergsson.

(handsalað)

Þinglesið á Glæsibæarmantalsþingi 22/5 1890.





Landamerki jarðarinnar ytri Skjaldarvíkur í Glæsibæarhrepp.

Að utan ræður móti Glæsibæ og Skjaldarvíkur bein lína úr Nefi, sem varða stendur á og skagar fram í sjó úr Hagaholti, síðan beint upp holtin í Flóaklöpp og úr henni uppí Skiptagerði. –

Að ofan ræður móti Moldhaugum bein lína frá Skiptagerði í keldu fyrir sunnan Kerhól, sem er suður og niður frá Moldhaugum, og svo úr nefndri keldu sjónhending eða bein lína uppí Strítuhól á hálsbrúninni; þaðan til suðurs í lækinn, sem kemur ofan úr Djúpulag utanvið Áslaugarsteina. Síðan ræður lækurinn merkjum niður á fossbrúnina, í honum, sem er spölkorn fyrir ofan túnið í Ytri-Skjaldarvík. – Að sunnan milli Skjaldarvíkanna ráða hælur, sem skipta túninu milli jarðanna uppí steinfor á vallargarðinum og þaðan skáhalt út og uppá áðurnefnda fossbrún í Skjaldarvíkurlæknum.

Til fjallsins eða hálssins til mots við Garðshorn eru merkin, einsog áður er sagt, ofan að svokölluðum görðum út frá Garðshorni, samkvæmt þessarar jarðar landamerkjaskrár. – Fyrir ofan Breiðasund er óskipt land milli Skjaldarvíkanna uppá hálsbrún.

Að austan ræður sjórinn. –

p. t. Hjalteyri 16. maí 1890

I umboði eigandans Jóns Bergssonar

Jón Kristjánsson

eptir fullmakt.

Þessi landamerki samþykkjast hvað jarðirnar Moldhauga og Garðshorn snertir

Gunnar Einarsson

eptir gefnu umboði.

Fyrir Glæsibæ samþykkir þessi landamerki

Davíð Guðmundsson.

Þinglesið á manntalsþingi Glæsibæarhrepps 22. 1890. (ef athugað við Moldhauga)



Landamerki Syðri-Reistarár.

Að utan til móts við Ytri-Reistará ræður Reistaráin og að neðan móti Pálmholti Pálmholtslækurinn þar til Neðri Grafarlækur fellur í hann að sunnan. – Þá ræður til móts við Hvamm og Hvammkot Grafarlækurinn neðri og síðan upp frá honum bein lína í merkjaskurð; en svo ræður skurðurinn upp að vegi þeim, er liggur beint frá Hvammi út fyrir neðan Syðri-Reistarártún. Upp frá veginum ræður bein sjónhending sunnan við Skiptagerði og sunnan við svokallaðan Kamb í miðjan Tóuklett, og þaðan sama stefna á fjall upp.

Syðri-Reistará á rjett til uppsáturs án endurgjalds í Hvammslandi sunnan við Pálmholtslækjarós og sömuleiðis á hún öll höpp þau, svo sem hvali o. fl. er berast upp á tuttugu faðma langan fjörustúf sunnan við nefndan lækjarós.

Nesi 27. mai 1889

Einar Ásmundsson.

Samþykkur fyrir Pálmholt

Jakob Snorrason

Sem eigandi Hvamms og Hvammkots

Þórður Sigfússon

Að Ytri-Reistará er landsjóðurinn eigandi eins og Syðri-Reistará

Einar Ásmundsson

Þinglesið á manntalsþingi Arnarnesshrepps 27 mai 1890.



Landamerki Hvamms og Hvammkots.

Til móts við Hof ræður hóll nokkur merkjum í fjallinu að ofan, er kallast Sauðhóll úr honum bein lína niður eptir fjallinu og í stein, er stendur á olboga vestan til á Reiðholtinu úr honum bein lína niðuri Einstakaholt. Þá ræður til móts við Ásláksstaði áður nefnt holt merkjum bein lína út í vörðu, sem hlaðin er þar æðilangt fyrir utan, úr henni ofaní garð, sem hefur upptök sín þar skamt fyrir neðan og ræður hann merkjum til sjáfar niður. Til móts við Syðri-Bakka og Pálmholt ræður Pálmholtslækur upp að Grafarlæk. Þá ræður til móts við Syðri-Reistará Grafarlækurinn neðri og síðan upp frá honum bein lína í merkjaskurð; en svo ræður skurðurinn upp að vegi þeim, er liggur beint frá Hvammi út fyrir neðan Syðri-Reistarártún. Upp frá veginum ræður bein sjónhending sunnan við Skiptagerði og sunnan við svokallaðan Kamb í miðjan Tónklett, og þaðan sama stefna á fjall upp.

Syðri-Reistará á rjett til uppsáturs án endurgjalds í Hvammslandi sunnan við Pálmholtslækjarós og sömuleiðis á hún öll höpp þau, svo sem hvali o. fl. er berast upp á 20 faðma langan fjörustúf sunnan við nefndan lækjarós.

Hvammi 27. maí 1889.

Þórður Sigfússon.

Samþykktur fyrir Ásláksstaði

Oddur Gunnarsson.

Samþykktur fyrir háflenduna á Pálmholti og hina

Jakob Snorrason

F Jónsson.

Sem umboðsmaður Syðri-Reistarár og Syðri-Bakka og sem eigandi Óss, er jeg þessari merkjaskrá samþykktur

Einar Ásmundsson.

Samþykktur fyrir Hof að mínum parti

Davið Guðmundsson

Johann Kristján Sigurðsson

Þinglesið á manntalsþingi Arnarnesshrepps 27. maí 1890.



Landamerki fyrir jörðunni Kúgili í Arnarnesþingi.

Að norðan ræður lækur sá, sem rennur í gili ofanúr fjalli norðanvert á svonefndum Kúgilshólmum, hjerumbil gagnvart Hrafnagilsá að austan, svo aðskilur hún svonefnda þorvaldsdalsá Kúgils og Hrafnagilslönd fram fyrir svonefnt Kúgilshraun, þar fyrir framan byrjar landeign þorvaldsdalsafrettar við svo nefnda þverá, sem að skilur Kúgilsland að sunnan frá þorvaldsdalsá og á fjall upp. –

Glerá 20 apríl 1890

E. Stefánsson

Sem umboðsmaður Grundar í þorvaldsdal er jeg þessari merkjaskrá samþykkur.

Einar Ásmundsson.

Þessari landamerkjaskrá er jeg samþykkur sem eigandi að parti í þorvaldsdal

J. Gunnlögsson

Þinglesið á manntalsþingi Arnarnesshrepps 27. maí 1890.



### Landamerki Stærrárskógs

Merki milli Birnunes og Stærrárskógs er garður, sem liggur utan frá þorvaldsdalsá suður fyrir neðan svonefnda Prestsklöpp, heldur garður þessi áfram allt suður að Grásteini og aðgreinir Selár og Stærrárskógs lönd, úr Grásteini eru merkin milli Selár og Stærrárskógs bein stefna suður í svonefndan Stórapoll í Selárgrofum. Merki millum afrjettarlands Arnarnesshrepps og Stærrárskógs eru þessi: neðan frá á frá Ytrahestahrauni og beina línu á fjall upp. Milli Kálfskinns og Stærrárskógs eru þessi merki: Í suðausturhorni Stærrárskógslands er landamerkjapúfa og frá henni ræður bein stefna norðanvert við Vatnkletta í miðja klöpp þá, sem stendur á svo nefndum Villingaborgum og í Grundarhnjúk, eiga þessi þrjú örnefni öll að bera saman, frá nefndri Klöpp ræður hin sama stefna uppá miðjan háls og svo í suður eptir hálsinum í svo nefnda hrútakletta. –

Völlum 20 mai 1890

T. Hallgrímsson.

Samþykktur sem umboðsmaður Flóvents Sigfússonar á Kálfskinni vegna jarðarinnar Kálfskinns  
Jónas Gunnlögsson

Samþykktur vegna þorvaldsdalsafrjettar  
Jónas Gunnlögsson

Samþykktur fyrir Birnunes og Selár  
Davíð Guðmundsson.

Þinglesið á manntalsþingi Arnarnesshrepps 27 mai 1890.



Landamerki Eyjafjarðarsyslu Jarðarinnar Grundar í Svarfaðardal.

Að sunnan ráða merki frá Svarfaðardalsá úr hólma farveg og rjettlínis uppí Breiðulág og að greinir Ytra-Garðshorns og Grundar lönd, og skýrt er framtekið við Garðshornsmerki að norðan. – Að norðan ræður Ljótsgil, úr skriðunni fyrir utan Grund, merkjum upp til fjalls ofan frá nefndu gili beint í tóttarbrott, þaðan frá tóttarbrottinu og rjettlínis út í Ós, svo eptir ásnum út að garði, sem liggur frá nefndum ás austur að Dalsá framundan svokölluðu þorvarðarnesi. – Að austan ræður Dalsásinn, fyrst frá garðinum að norðan suðurí Trjónubakka sýki (eður drag sem þá tekur við, og liggur alla leið suður eptir bökkunum, samt með nokkrum sveig austur á við um miðjuna, beygist svo í suður og vestur, svo aptur í suður fyrir austan svokallaðar þrætutungur, og endar dragið á Kjóaeyrarsyki; þetta drag að skilur Grundarbakkan, sem liggur vestan við Dalsána og leigur undir Velli.) Fyrir sunnan Kjóaeyri ræður Dalsáin merkjum, fyrst í vestur sunnanvið Skakkabakka upp undir Grundarmýri, svo suður að áðurumgetnu hólmadragi (sbr fyrstu merkjagrein þessarar jarðar). –

Samkvæmt ómótmælti lögfestu dagsetti á Þjetursmessu 1772 og 5 sinnum er lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Völlum, á jörðin selstöðu Kongstaðadal eptir rjettum máldögum í Vallnastaðarlandi fyrir svo kallaðan Trjónubakka úr Grundarlandi.

Þess skal getið, að eptir samþykki Amtsans með brjefi dags 18 maí 1878, er ákveðin engjapartur með ummerkjum eptir þarum framinni gjörð dags. 13. júní 1878 tekur undan jörðunni til slæгна og torfristu og lagður til jarðarinnar Ytra-Garðshorns. –

Steinstöðum 15 septembr 1883

St: Jonsson

Ofanskrifuð landamerki samþykki jeg að minu leyti

Tjörn 20 maí 1883

Kr E. Þorarinsson

Framanskrifuðum landamerkjum milli Grundar og Brekku er eg samþykkur.

Sveinbjörn Halldórsson.

eigandi Brekku.

Ofan skrifuð landamerki samþykki jeg að minu leyti

Gísli Jónasson

Fyrir hönd systkina minna og mín sjálfs, sem eigandi jarðarinnar Brekkukots, samþykki eg framanskrifuð landamerki.

Goðdölum 2 sept. 1884



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Zofonias Halldórsson

Með samþykki landshöfðingja er sú breyting gjörð á landamerkjaskrá þessari, að merkin milli Grundar og prestsetursins valla, utanfrá Trjónubakka sýki suður að Kjóaeyri, eru sett eptir beinni línu um þrætutungur og er lína sú afmörkuð með vörðum

Nesi 19. apríl 1890

Einar Asmundsson.

Framanskriðuð landamerki samþykki eg að því er viðkemur Vallastað.

Völlum 29 apríl 1890

T Hallgrímsson.

Þinglesið að Völlum 28 maí 1890



Merki milli Grundar og Vallastaðar.

Sunnan frá Kjóareyri ganga vörður eptir beinni línu yfir svo nefndar þrætutungur úti Trjónubakkasýki, sem upp frá því aðgreinir Grundar og Vallalönd.

Völlum 29 apríl 1890

Tómás Hallgrímsson

Ofanskriðuð landamerki samþykki jeg sem umboðsmaður Grundar

Nesi 30 apríl 1890

Einar Asmundsson.





Landamerki Hofs í Svarfaðardal.

Að sunnan ræður merkjum til móts við Hofsá bein stefna upp frá Svarfaðardalsá uppí Hofsárgljúfur út og upp frá bænum að Hofsá, en þar fyrir ofan ræður Hofsáin merkjum fram til jökla.

Að norðan verðu móts við Vallastaðarland ræður lækur sá, er rennur ofan úr fjalli næst Hofshólum að norðan verðu og á ymsum stöðum þar sem lækurinn er í bugðum, ræður beinn garður frá Svarfaðardalsá á fjall upp. Að vestan ræður Svarfaðardalsá. –

Sökku og Hofi 23 aug. 1889

Þorgils Þorgilsson

Jón Stefánsson.

Þessum landamerkjum er eg samþykkur hvað Velli snertir

Tómás Hallgrímsson.

Landamerkjum þessum er jeg samþykkur sem umboðsmaður Hofsár

Einar Asmundsson.

Þinglesið á Vallamanntalsþingi 28 maí 1890



### Landamerki Böggverstaða með Árgerði

Að austan eru merkin til móts við Háls á mölinni við sjóinn beint út frá Uxaár eða Hálsárósi. Þaðan takmarkar sjórin land jarðarinnar vestur með Böggverstaðasandi og allt út að hinni Ytriklauf, sem er milli Böggverstaða uppsáturs og Brimness uppsáturs: Upp frá Klaufinni ræður síðan til móts við Brimnes bein stefna í neðri enda Sellautar, sunnan við Moldbrekkumel, og svo Sellautin út og upp á Hálsbrún, en þaðan sama stefna vestur af hálsinum í Brimnesá. Þareptir ræður Brimnesáin til móts við Uppsir fram til jökla. –

Að neðan ræður Svarfaðardalsá merkjum upp að garðmóti, sem er á árbakkanum, en þaðan til móts við Hrapstaði bein lína suður og upp í Hrapstaðatjarnarós, og miðar lína þessi frá garðmótinu á stóran stein í brekkunni fyrir ofan engið. Þareptir ræður Hrapstaðatjarnarósinn merkjum út og suður þar til hann kemur í Svarfaðardalsá. En upp frá Hrapstaðatjarnarós ræður forn garður milli Böggverstaða og Hrapstaða, allt upp að gömlum garði, er liggur út og suður fyrir ofan Hrapstaðatún. Frá þessum garðmótum ræður bein stefna á svo kallað Teigakot og þaðan sama horf að garði þeim, er liggur ská halt út og upp fjallið, en hann ræður úr því uppá Flórkeldu stall.

Böggverstaðir eiga engja spildu, sem kölluð er Syðri-Breiða, ofan frá Glamutjörn eða Keri til Svarfaðardalsár milli Hrapstaðaengis og Ytra-Kotsengis. Ræður þar merkjum að sunnan garðmót, beint niður frá Halldórsgerði að Svarfaðardalsá, en að utan bein stefna frá Kistusteini á Hrásabæ að vorðu niður á bakkanum við Svarfaðardalsá. .

Enn fremur fylgir Boggverstöðum hálf Skáldalækjar og í Svarfaðardalsá.

Ítök annara jarða í Boggverstaðaland en þessi:

1. Brimnesland á engjaitak yzt á Böggverstaðaflæðum meðfram sandinum, suður að beinni línu eða sjónhending ofanúr Klauf í neðsta hólma í Svarfaðardalsárósi
2. Hrapstaðir eiga fyrir heimafje upprekstur á Böggverstaðadal.

Staddur á Boggverstöðum 28 dag maim. 1883

Einar Ásmundsson.

Með heimild landshöfðingjabrjefs 28. júlí 1882 samþykkjast framanskriðuð landamerki, þó þannig, að umboðsjörðin Ytra-Holt í Svarfaðardal skuli hafa búðarstæði og uppsátur á Böggverstaðasandi eptir næstu ábúenda skipti á Boggverstöðum.

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 15 júlí 1883

J. Havsteen.

Þessari landamerkjalytingu fyrir Brimnesi er eg samþykkur

Brimnesi dag 15 apríl 1886



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Jón Sigurðsson.

Fyrir Háls er jeg þessari landamerkja lýsingu samþykkur

Halsi 22 aug. 1889

Halldór Bjarnason.

Þinglesið á Vallamantalsþingi 28 maí 1890.



## Vallastaðar Landamerki

Vellir.

Merki að norðan: svo kallaður Deildarlækur frá Svarfaðardalsá einsog hann nú rennur upp fyrir sunnan þrætuholma; svo er stefnan suður og upp utan til í Hánefstaðahólahorn og til efstu upptaka Deildarlæks, og þaðan rjettlinis á fjall upp. Þessum merkjum er nú eptir samningi breytt þannig: Landshorn með hólmatanga sunnan við Deildarlæk, sem til skamms tíma tilheyrði, og var yrktur frá Olduhrygg, sömuleiðis önnur tvö engjahorn sunnan við nefnan læk leggjast nú til Hánefstaða, en þar á móti leggst sneið til Olduhryggjar upp frá sunnanvið Deildarlækinn suður og upp undan þrætuholum; sjá merkjastefnu hjer að framan.

Að sunnan ræður lækur sá, er rennur syðst úr fjalli næst Hofshólum og á ymsum stöðum þar sem lækurinn er í bugðum ræður beinn garður frá ánni á fjall upp. –

(Engi liggjandi við Grundarland og vestan Svarfaðardalsár kallað Trjónubakki til þessara ummerkja garðs er ræður úr Kjóeyrartanga út bakkana og beygist að Kjóeyrarsíki þegar það beygist að ánni; en frá garðinum ræður nefnt síki út í á.)

(sjá að aptan)

Teigar tveir ut á Sökkubökkum Breiðiteigur og Naustateigur heyra og til þessara ummerkja. Að norðan við Breiðateig er seyrudrag fram á bakkaneftið gegnt ytri Seleyrartanga, þar er steinn í þúfu og annar ofar í beinni stefnu í syðri enda á Ingólfshöfða. Að suðvestan ræður Svarfaðardalsá. Milli teiganna er garður frá ánni upp að veitunni, sem kallast Sakka.

Sunnan við Naustateig ræður lítið drag frá ánni upp að veitunni. –

I heimalandi Vallastaðar eru byggðar jarðir

## á Hánefstaðir

Merki að norðan: Deildarlækur einsog hann rennur nú ofan frá því fyrir sunnan þrætuhóla í á niður. En upp úr króknum á nefndum læk ræður rjett stefna upp utan til í Hánefstaðahólahorn og til efstu upptaka Deildarlæks, síðan beint á fjall upp sbr. merki að norðan við Velli.

Að sunnan er garður frá reiðgötum upp holtið upp að enginu, beygist svo heldur ut á við ofan til við holtið og verður þar óglöggur, þá ræður rjett stefna eptir þufnalínu eða garðmóti upp engið í laut framaní hólunum, þaðan sjón hending á fjall upp, en frá garðinum við götuna ræður rjett stefna í á niður.

b. Uppsafir.



Merki að vestan: reiðgötur sem liggja ofanvið Vallatúngarð. Að norðan ræður garður frá reiðgötum upp holtið, sem nefndur er við Hánefstaði að sunnan, og ráða sömu merki upp engið í Hólalaut og þaðan á fjall upp, því löndin liggja saman.

Að sunnan ræður lækur frá reiðgötum upp móinn og engið stefnu á fjall upp. –

#### c. Brautarhóll

Merki að norðan er kelda, á árbakkanum rjett ofanúr djúpu klaufarskarði í melnum. Úr nefndu skarði ræður dálítill bein og glögg lautardæld rjettlínis á fjall upp.

Að sunnan rjett við túnið er keldudrag frá ánni fyrst upp í móana, svo beina sjónhendingu á fjall upp. Þessi merki aðskilja Brautarhóls og Grafarlönd

#### d. Gröf

Merki að norðan eru nefnd við Brautarhól, að sunnan keldudrag milli túnanna uppí móana síðan sjónhending á fjall upp.

Að sunnan ræður garður og lækur sá syðst næst Hofshólum, sem aðskilur Valla og Hofslönd. Samanber Vallastaðamerki að sunnan.

Athgr: Hjáleigan Grundarkot er nú byggð í Vallastaðarlandi, en ekki eru þar fastákveðin landamerki, heldur eptir samkomulagi ábúanda á Völlum úthlutað landsdeild.

Völlum 24 maí 1883

H. Guttormsson.

Þessari merkjalýsingu erum við samþykkir hvað Sökku og Olduhrygg snertir.

J. Rögnvaldsson

Sigurður Sigurðsson

Benidikt Helgason.

Þessari merkjalýsingu er eg samþykkur hvað Hof snertir

B. G. Þorvaldsson.



Merki milli Grundar og Vallastaðar.

Sunnan frá Kjóaeyri ganga vörður eptir beinni línu yfir svonefndar þrætutungur úti Trjónubakkasýki, sem upp frá því greinir að Grundar og Vallalönd.

Völlum 24. apríl 1890

T Hallgrímsson

Framanskriðu landamerki samþykkjast hvað Grund snertir.

Vegna umboðsmanns E. Asmundssonar

Vilhjalmur Þorsteinsson

Þinglesið á Vallamanntalsþingi 28 maí 1890.



Gunhildargarðar.

Að sunnan milli Gunhildargarða og Fagraness eru merkin Miðskriðugil og úr því beina línu niður í Oxnadalsá. Að vestan ræður Oxnadalsá. Að utan móts við Engimýri eru merkin í gamalt garðbrot í móti miðjum Arnarhól og úr því beina stefnu í yztu tána á svonefndu Gunhildargarðahrauni þaðan beina stefnu í Hvítbergsklett, svo á fjall upp.

Að austan ræður fjallsbrúnin. Jörðin á frían upprekstur á Almenníng austan Oxnadalsár. –

Flöguseli 22 maí 1891

Johann Gunnlogsson

Vegna Fagraness er samþykktur þessari merkjaskrá

Theodor Jonsson

Samþykkt vegna Engimyrar

Jón Bergsson

Jón Jonasson

Þinglesið að Staðartúngu manntalsþingi 23/5 91



Landamerki Stokkahlaða í Hrafnagilshrepp

Að sunnan milli Espihóls og Stokkahlaða ræður Merkgilið og Merkgilsáin ofanfyrr utan Espihólsstekkinn. Þaðan beina línu eptir farvegi sem áin rennur nú í ofaní Eyjafjarðará.

Milli Merkgils og Stokkahlaða ræður steinn, krosssprúnginn, sem stendur utanvið Merkgilið, og úr honum bein lína út eptir neðst í Lögnulág. Síðan upp með Löngulág að sunnan upp í Sjónarhól. Þar fyrir ofan óskift land. –

Að norðan ræður Botnslækur frá Eyjafjarðará að neðan og upp fyrir sunnan túnið á Botni upp að Merkgisteinum, og svo úr þeim niður í Hraná eða Stokkahlaðaá sem nú er kölluð, síðan ræður hún merkjum upp í garð við ána gegnt Stokkahlaðaseli, er liggur uppí lækjarsog. Þaðan liggja merki um Hagagarð unz kemur í mýri eina (Starmýri) og í stein þann sem í mýrinni stendur, þaðan beina stefnu áfram til fjalls. Að austan ræður áin –

Hvassafelli 20 Mai 1890

Jón Davíðsson

Samþykktur vegna Merkgils

Stephan Stephensen

umboðsmaður

Samþykktur vegna Espihóls

Jón Sigfússon

Samþykktur vegna Hrafnagilskyrkju

Math: Jochumsson

Þínglesið að Hrafnagili 21/5 91

Thorarensen





### Landamerki Hrísa í Eyafirði

Að sunnan ræður skurður, sem grafinn er af bakka Eyafjarðarár upp að brekku, þaðan eptir gömlu garðmóti er sjest votta fyrir upp að Gatnahjalla, þaðan í svonefnda „Hrísauppgöngu“ og þaðan sömu stefnu uppá Hrísakletta.

Að norðan eru merkin í lítinn grashnaus ofanvið langan skurð er liggur út eystri bakka Eyafjarðarár beina stefnu í grjótvörðu sunnan og framan í melunum milli Nupufells og Hrísa, og þaðan sömu stefnu í vörðu, sem hlaðin er uppá hálsbrúninni sunnan við svonefndar Hrísa götur. Að austan eru merkin frá síðastnefndri vörðu suður eptir hálsinum til annarar vörðu uppá hálsinum á merkjum Nupufells og Solfahlíðar.

Að vestan ræður Eyafjarðará einsog hún nú rennur. Eptir afsalsbrjefi fyrir 10 hndr. 90 al. úr jörðinni Hrísum dags: 14 Júní 1881 er ábúendum Hrísa heimilt að veita vatni úr Eyafjarðará á engjar sínar um skurð þann sem gjörður er á árbakkanum milli Hrísa og Æsustaða, sömuleiðis að gjöra vatnsveitingaskurð sunnan frá Æsustaðatúni útað Hrísum til vatnsveitinga á túnið þar, og fá það vatn, sem ábuendur Æsustaða geta mist sjer að skaðlausu. Þó gyldir leyfið um hinn síðarnefnda skurð, því að eins að ábúendur Hrísa viðhaldi að rjettri tiltölu mots við ábúendur Æsustaða skurði þeim er liggur frá Æsustöðum þangað fram sem Eyafjarðará er tekin upp. Leyfið fyrir ofanefndum skurðum er aðeins gefið af eiganda hálfra Æsustaða Jóni sál Jónssyni og skal það vera endurgjaldslaust.

Samkvæmt afsalsbrjefi fyrir Nupufelli, dags 25 Maí 1815, áskil jeg Hallgrímur Thorlacius sem nú er eigandi að 10 ½ hndr. úr jörðinni Hrísum, að meðan jeg eða lífserfingjar mínir eiga nefndan part úr jörðinni, skuli ábúandi Hrísa mega hafa óátalda beit í Nupufellshaga fyrir gripri þá og fjenað er sá partur framfleytir og sömuleiðis ristu fyrir 100 heya torfs er rista skal ofan við hálsinn meðan þar er nokkurt ristuland; þetta hvortveggja endurgjaldslaust. Verði jeg, Hallgrímur Thorlacius, eða lífserfingjar mínir eigandi að meira eða minni parti úr jörðinni Hrísum skal ítak það, sem að ofan er nefnt aukast eða minka að rjettri tiltölu eptir hundraðatali.

p. t. Nupufelli 19 maí 1891

Eigandi að 10 ½ hndr. í Hrísum

H E. Thorlacius

Vilborg Pjetursdóttir

Eigandi að 8 hndr. úr Hrísum

Jon Johannesson

Sigfús E Thorlacius

Samkvæmt framanskriðuðu landamerkjabryjefi hafa ábúendur Hrísa fulla heimild til að nota vatnsstokk þann sem gjörður er til að ná Eyafjarðará upp í Æsustaðalandi til áveizlu á engjar jarðarinnar Hrísa. Aptur ámóti er sá samningur gjörður, að eigandi og ábúandi Æsustaða leyfir að taka megi vatnið upp í sama stað og nú er gjört móti því að fá árlega greiddar 2 Kr frá Joni bónda Johannessyni í Hleiðargarði vegna abuenda Hrísa og Nupufells frá því skurðurinn var



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

lengdur vorið 1888. En fari svo, að vatnið eigi náist þar sem það nú er tekið, leyfir sami eigandi Æsustaða að taka megi vatnið annarstaðar í landareign Æsustaða, en þá með öðrum skilmálum en hjer eru settir –

Vegna Hallgr: Thorlacius

Davið Ketilsson.

Jon Johannesson

Vilborg Pjetursdóttir

Sigfus E. thorlacius

Þinglesið að Saurbæarmantalsþingi 20 Mai 1891

Thorarensen



Landamerki Neðri Sandvíkur í Grímsey

Í heimalandi ræður að utan til móts við Bása bein lína neðan frá Merkikletti í Lönguvík upp að merkjavörðu, sem er suður og upp af Djupulaut.

Að ofan ræður moti Almennungi brún sú, er ber við loft að heiman að sjá. Að sunnan ræður móti Efri-Sandvík bein lína frá merkjavörðu sem kölluð er Sandvíkurstríta í skurð ofantil við Músarhól og þaðan þvert í sjó fram.

Auk þessa heimalands fylgir Neðri-Sandvík hinn svonefndi Eyarfótur, sem er nyrzti tångi eyarinnar og afmarkar hann að vestan Skegglungagjá en að austan Kaldagjá. Merki á bjargi eru að norðan mitt á milli tveggja stórra steina utan og framanundir Prestabjargsurð og þaðan beint á bjarg upp. að sunnan móti Efri Sandvík ræður lína neðan frá stritumynduðum steini í fjörunni á bjarg upp. I almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu. –

Nesi 17<sup>da</sup> Marts 1888

Einar Asmundsson.



Landamerki Efri Sandvíkur í Grímsey

Í heimalandi ræður að utan móti Neðri-Sandvík skurður ofantil við Músahól og þaðan bein lína upp í merkjavörðu, sem kölluð er Sandvíkurstrýta. Að ofan ræður moti Almenníngi brún sú er ber við loft, heiman að sjá.

Að sunnan ræður moti Eyðum bein lína ofan frá Almenníngi sunnan við Steinabrekku en norðan við þrætubolla niður í Merkjaklett. Merki á bjargi eru að norðan moti Neðri Sandvík lína frá strytuminduðum steini í fjörunni á bjarg upp, en að sunnan moti Sveinstöðum bein lína frá merkjasteini í fjörunni upp í Melhaus  
I almenningi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu

Nesi 13 marz 1888

Einar Asmundsson



Landamerki Bása í Grímsey

I heimalandi ræður að sunnan til mots við Neðri Sandvík bein lína neðan frá Merkikletti í Lönguvík upp að merkjavörðu, sem er suður og upp af Djupulaut. Að norðan ræður móti sömu jörðu Skeggluúngagjá að vestanverðu, en Kaldagjá að austanverðu og afmarka gjár þessar Eyarfótinn, sem liggur undir Neðri-Sandvík.

Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú, er ber við loft heiman að sjá.

Merki á bjargi eru að norðan Kaldagjá, en að sunnan bein lína lögð að neðan milli tveggja storra steina utan og framan undir prestabjargsurð og þaðan beint á bjarg upp. I almenníngi Grimseyar á jörðin rjetta hlutur til tölu.

Nesi 13 marz 1888

Einar Asmundsson



Landamerki Eyða í Grímsey

Í heimalandi ræður að utan móti Efri-Sandvík bein lína neðan frá Merkjakletti upp fyrir utan þrætubolla, en sunnan Steinabrekku. Að ofan ræður moti Almenníngi brún sú, er ber við loft að heiman að sjá. Að sunnan ræður móti Sveinstoðum gamall túngarður bogadreginn, en upp frá garðinum bein lína, er lögð er yfir neðra og efra horn garðsins, allt upp að Almenníngi. Á bjargi eru merki að norðan móti Borgum um bjargröðul, sem byrjar að neðan á Borgaforvaða, og liggja merkin suður og upp roðulinn á þrætunöf. Að sunnan ræður á móti miðgörðum Handfestargjá að ofan, en Miðflúð að neðan. Í almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu –

Nesi 13<sup>da</sup> Marz 1888

Einar Asmundsson



Landamerki Sveinstaða í Grímsey

I heimalandi ræður að utan móti Eyðum gamall túngarður bogadreginn, en upp frá garðinum bein lína lögð yfir efra og neðra horn garðsins allt upp að Almenníngi. Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá. Að sunnan móti Miðgörðum ræður sjónhendíng niður frá Almenníngi norðan við Nyabæarbrunn í Merkiþúfu á Stertubakka, en frá þufunni bein bein stefna í flúð í flæðarmáli. A bjargi eru merki að norðan móti Efri-Sandvík frá Melhaus að ofan niður í einkennilegan stóran stein í fjörunni. Að sunnan eru merki móti Borgum upp frá þrem steinum að neðan suður og upp Merkjagjá. –

I Almenníngi Grísmeyar á jorðin rjetta tiltölu.

Nesi 13 marz 1888

Einar Asmundsson

Þessari merkjaskrá er eg sem Grímseyarprestur samþykkur.

Þjetur Guðmundsson.



### Landamerki Sveinagarða í Grímsey

I heimalandi ræður að utan móti Miðgörðum sjónhendíng neðan frá árakletti upp í Merkjastein suður og upp frá Miðgörðum og þaðan til Almennings; þó skakkar lítið eitt frá beinni línu á þeim vegi, þar sem tun þessara jarða ná saman því þar ræður forn túngarður. Að ofan ræður móts Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá. Að sunnan ræður móti Borgum bein lína ofan frá Almenníngi norðan við brunninn Gát, niður í Merkjanef eður Hrafnanef. Á bjargi eru merki að norðan móti Miðgörðum laust norðan við Sveinagarðanöf að ofan, og undan syðsta sigi í Miðgarðabjargi að neðan; en að sunnan móti Ytri-Grenivík við Baðstofuröðul.

I Almenníngi Grímseyar á jorðin rjetta tiltölu.

Nesi 13 marz 1888

Einar Asmundsson

Þessari merkaskrá er eg sem Grímseyarprestur samþykkur.

Þjetur Guðmundsson





Landamerki Borga í Grímsey.

Í heimalandi ræður að utan moti Sveinagörðum bein lína neðaf af Hrafnsnefi eða Merkjanefti í merkjavörðu norðan við brunninn Gát, og frá vörðu þessari sjónhendíng í aðra Merkjavörðu við Almenníng. Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá.

Að sunnan ræður móti Grenivíkur efst bein lína ofan frá Almenníngi í Merkjastein utan og ofanvið Sáðgarðsbrekku, en síðan í Merkjaklöpp á austur barmi Skíðalágar, og þaðan sjónhendíng í vörðu þá, sem Borgakross er kölluð, og allt til sjóar.

Á Bjargi eru merki að norðan moti Sveinsstöðum upp frá þremur steinum að neðan suður og upp Merkjagjá. Að sunnan moti Eyðum eru merki um bjargröðul sem byrjar að neðan á Borgaforvaða og liggur suður og upp í þrætunof. Í Almenníngi Grímseyar á jörðin rjetta tiltölu

Nesi 13 marz 1888

Einar Asmundsson



Landamerki beggja Grenivíkna í Grímsey

I heimalandi ræður að utan moti Borgum sjónhendíng neðan frá vorðu þeirri, sem kölluð er Borgarkross, í Merkjaklöpp á austurbarmi Skíðalágar, og þaðan bein lína í Merkjastein utan og ofan við Sáðgarðsbrekku, en síðan bein stefna upp að Almenníngi. Að ofan ræður móti Almenníngi brún sú er ber við loft heiman að sjá, en að sunnan er sjórinn takmark.

Af landi þessu tilheyrir Ytri-Grenivík það sem hjer segir:

Í heimafjöru frá Hallgrímssteini að austan í Jónsflúð að vestan, Merkjaskorningur skilur tun Grenivíkna að neðan, en frá honum liggja merki mitt á milli bæanna yfir hóla tvo austur frá bæjunum. Heimaland á Ytri Grenivík frá götustíg úr tungarðshliði upp ámóts við Tjarnir, og þar norður milli þeirra allt í norðurenda hnútu þeirrar, er verður niður af Sáðgarðsbrekku og svo niður í Merkjaklöpp í austur barmi Skíðalágar; þaðan yfir lágina eptir stefnu á Borgarkross, þó eigi lengra en á vesturbarm lágarrinnar og þaðan suður að túngarði; svo eptir honum ofan í toptarstofn fyrir sunnan Aratopt, en síðan eptir skurði yfir Grenivíkurlág að hinum áðurtoldu merkjum í túninu.

Fuglbjarg eiga Grenivíkur suður frá Sveinagarða bjargi.

I Almenníngi Grímseyar á hvor jörðin fyrir sig sjetta tiltölu –

Um reka á Grenivíkurgjögnum fer eptir fornri venju. –

Nesi 13<sup>da</sup> Marz 1888

Einar Asmundsson. –



Útskrift úr dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar.

Ár 1890 þ. 12. mai var landamerkjadómur Eyjafjarðarsýslu settur aptur að Stóru Hámundarstöðum af sýslumanni S. Thorarensen með meðdóms mönnum F Jónssyni, M. Baldvinssyni J. Snorrasyni og þ. þorgilssyni. Var þá fyrirtekið landaþrætumálið milli jarðanna Stóru-Hámundarstaða og Háls í Svarfaðardal og í því uppkveðinn svohljóðandi

Dómur

Mál þetta er risið út af ágreiningi milli eigenda jarðarinnar Háls í Svarfaðardal Halldórs Bjarnasonar og umboðsmanns Stóru-Hámundarstaða í Arnarnesshrepp Einars Ásmundssonar um svonefndan Hálsdal. Fyrir neðan dal þennan eru glögg landamerki milli jarðanna, sem báðum málspörtum kemur saman um, sem sje gamall merkjagarður, er liggur frá sjó upp að svokölluðum Lokugarnarhaus við minni dalsins. Þareð báðar jarðirnar hingað til hafa notað Hálsdalinn án þess að nokkur fastákveðin takmörk hafi verið sett um hvað mikið hver jörðin eigi af dalnum, verður merkjadómurinn að álíta það náttúrliga og eina rjetta, að merkjagarður sá, sem umgetið er, og sem partarnir eru ásáttir um, að sje rjett landamerki allt að Lokugarnarhaus, hugsist haldinn áfram í beinni stefnu, sem þá fram dalinn verður frá Lokugarnarhaus í Riplatjörn, þaðan beina línu í [Innskot á spássíu] <sup>Neðri</sup> Sauðdalshaus og svo beina línu í Klettaendana austan við jökulslakkan í dalsbotni. Málskostnaður falli niður, en hverjum málspartanna ber að borga dómendum 12 krónur í fæðispeninga og ferðakostnað sýslumanns.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Háls og Stóru-Hámundarstaða skulu vera merkjagarður, er gegnur frá sjó upp í Lokugarnarhaus, þaðan beina línu í Riplatjörn, þaðan í Neðri-Sauddalshaus og svo í klettaendana austan við jökulslakkan við dalsbotninn. Málskostnaður falli niður, og greiði hver málspartanna H. Bjarnason og umboðsmaður E. Ásmundsson hvor 12 – tólf krónur í fæðispeninga og ferðakostnað dómendanna.

Rjetti slitið

S. Thorarensen

Jakob Snorrason

F. Jonsson

þorgils þorgilsson

Magnús Baldvínsson

Rjetta útskrift staðfestir

Kl. Jonsson



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi Arnarnesshrepps á Hjalteyri 25. maí og innfært í ~~afsals- og veðmála~~  
landamerkja bók Eyjafjarðarsýslu ~~og Akureyrar~~

Kl. Jonsson

Gjald. Þingl. 1. 00

Bokun 0,25 1,25

ein króna tuttugu og fimm aurar

Kl. J.



Skrá yfir landamerki og ítök jarðarinnar Æsustaða í Saurbæarhrepp.

Landamerki að utan á milli Æsustaða og Hrísa er skurður, sem gjörður var á merkjum og liggur frá Eyjafjarðará þvert yfir engið upp að brekkum, þaðan liggja merkin til fjalls í vörðu, sem er á myrarhjallabrúninni og þaðan beina sjónhending í svokallaða uppgöngu framaní Hrísaklettum og eptir sömu línu á fjall upp.

Að sunnan eru merkin milli Æsustaða og Æsustaðagerðis í vörðu, sem hlaðin er á Eyjafjarðarárbakka beint á móti Skeiðagili á fjallinu vestan fram; úr nefndri vörðu liggja svo merkin til austurs í vörðu, sem stendur utanvert á svokölluðum Steinhól beint út frá Æsustaðagerði; þaðan eru merkin beina sjónhending til fjalls í skarð, sem er á fjallsbrúninni lítið eitt fyrir sunnan fjallshöfuðið.

Að vestan ræður Eyjafjarðará merkjum alla leið; að austan nær land jarðarinnar upp uppá fjall

Sömuleiðis fylgir Æsustöðum afrjettarland það fram af Solvadal, sem Aðaltungur nefnast, eða Æsustaðatungur öðru nafni og eru merkja takmörk þessi: að norðan Kollhóll, sem er lítið eitt fyrir framan þormóðsstaðaá, þar sem hún fellur í Sölvadalsá, að sunnan eru klettur þeir, sem Hrafnabjörg nefnast, merkjatakmörk og eru þeir nokkru framar en í miðjum dalnum.

þá á nefnd jörð það ítak í Arnarstaða og Æsustaðagerðislöndum, að eiganda eða ábúanda Æsustaða skal heimilt að endurbæta og viðhalda vatnsleiðsluskurði þeim sem þegar hefur verið gjörður og leiða vatn eptir honum svo lengi á hverju vori, sem þörf gjörist, bæði á tún og engi, svo skal honum líka heimilt hleðsluefni það, sem nauðsynlega þarf til viðhalds skurðinum í landi áður nefndra jarða, þá svo, að sem minnst skemd verði að. Skurður þessi liggur alla leið úr Eyjafjarðará fyrir neðan Arnarstaði þvert í gegnum Æsustaðagerðis land og á parti yfir túnið. – Fyrir skurð þennan greiðist engin borgun, hvorki til eigenda eða ábúanda Æsustaðagerðis, en ábúandi Æsustaða er skyldur að borga ábúandi Arnarstaða fyrir notkun vatnsins og skemdir þær, sem orsakast kunna á engi þar af leirburði við vatnsleiðslurnar 8 kr – átta krónur á ári; en heimilt skal að taka vatnið upp annarstaðar, en nú er ef þörf gjörist, þó svo að hann greiði fyrir landnám það, er orsakast þarvið eptir því sem löglega tilkvaddir menn meta ef hlutaðeigendur ekki geta komið sjer saman um það sjálfir.

Æsustöðum, 21. Jan 1890. Akureyri 13. Mai 1890

I umboði prófasts B. Kristjánssonar

Eggert Laxdal

Samþykkur vegna Æsustaðagerðis Páll Pálsson  
nafnið handsalað.

Samþykkur vegna Hrísa Jón Jóhannesson



-- „ -- Davið Ketilsson fyrir hönd Hallgr Thorlacius

-- „ Núpufells Sigfús E. Thorlacius

-- „ Möðruvalla Jóhannes Ólafsson Skriðu

-- „ Arnarstaða Randver Bjarnason

-- „ ½ Arnarstaða fyrir hönd Helgu Jóhannesdóttur  
þ. Thorlacius.

-- „ Æsustaða Vilborg Pjetursdóttir  
Pálmi Jónsson

Samkvæmt landamerkjabryfi Hrísa hafa ábúendur þeirrar jarðar fulla heimild til að nota vatnstokk þann, sem gjörður er, til að ná Eyjafjarðará upp í Æsustaðalandi til áveitslu á engjar Jarðarinnar Hrísa.

Aptur á móti er nú sá samningur gjörður, að eigandi og ábúandi Æsustaða leyfir að taka megi vatnið upp í sama stað og nú er gjört móti því, að fá árlega greiddar 2 kr frá Jóni bónda Jóhannessyni í Hleiðárgarði vegna ábúenda Hrísa og Núpufells, frá því skurðurinn var lengdur vorið 1888. En fari svo, að vatnið eigi náist þar, sem það nú er tekið leyfir sami eigandi Æsustaða að taka megi vatnið annarstaðar í Æsustaðalandi, þó með öðrum skilmálum, en hjer eru settir.

Vegna Hallgr. Thorlacius

Jón Jóhannesson

Davið Ketilsson

Vilborg Pjetursdóttir

Sigfús E. Thorlacius.

Þinglesið á Saurbæarmantalsþingi 17. maí 1892 og innfært í Landamerkjab. syst.



### Landamerki Núpufells í Eyjafirði

Að norðan ræður farvegur í Núpáreyrum, er liggur frá Núpárgili til Eyjafjarðará, og er sú stefna norðanvert við svonefndan Keppsteig og þaðan í Gerðagil í Hvassafellsfjalli, þar sem það hverfur undir hálsinn norðan vert við Halstún. Að austan ræður Núpárgil. Að sunnan, austanvið hálsinn, ræður gamalt garðmót í holti, skamt fyrir sunnan „Sjónarhól“, neðan frá Núpárgili beina stefnu upp á hálsinn í vörðu, sem þar er hlaðinn. Frá þeirri vörðu liggja merkin eptir hálsinum í merkjavörðu, sem er milli Hrísa og Æsustaða, þá úr þeirri vörðu út og ofan eptir hálsinum í vörðu, sem hlaðin er á hálsbrúninni sunnan við hinar svonefndu „Hrísagötur“, þaðan í vörðu, sem hlaðin er sunnan og framan í melunum milli Núpufells og Hrísa, beina stefnu í hnaus, er stendur austanvið langan skurð, er liggur úteptir eystri bakka Eyjafjarðará. Að vestan ræður Eyjafjarðará einsog hún rennur nú.

Afrjettarland á jörðin Núpufellsdal allan, austan við þormóðsstaðadalsá, framan úr dalsdragi og út í svonefndan Tungusporð, og þaðan fram í Kollhól, sem er heimarlega á Æsustaðatungum, liggja merkin neðan frá árgili rjettsynis<sup>línis</sup> yfir hólinn á fjall upp. Samkvæmt afsalsbrjefi fyrir Núpufelli dags. 25. maí 1815, áskilur Hallgrímur Thorlacius, sem nú er eigandi að 10 ½ hndr. úr jörðunni Hrísum, að meðan hann eða lífserfingar hans eiga nefndan part úr jörðunni, skal ábúandi Hrísa mega hafa óátalda beit í Núpufellsbithaga fyrir gripi þá, og fjenað, er sá partur fram fleytir, og sömuleiðis ristur fyrir 100 heyja torfs, er rista skal austan við hálsinn, meðan þar er nokkurt ristuland, þetta hvortveggja endurgjalds laust. Verði nefndur Hallgrímur Thorlacius, eða lífserfingar hans eigandi að meira eða minna parti úr jörðunni Hrísum, skal ítak það, sem að ofan er nefnt aukast eða minka, að rjettri tiltölu eptir hundraða tali – –

Núpufelli 19. maí 1890

Sigfús E. Thorlacius eigandi Núpufells

Hallgrímur E. Thorlacius

(eigandi að 10,5 hndr. úr Hrísum)

Vilborg Pjetursdóttir

Jón Jóhannesson

eigandi að 4 hndr. úr Hrísum.

Í umboði prófests B. Kristjánssonar fyrir Æsustaði

Eggert Laxdal



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Marselia Kristjánsdóttir (eigandi Möðruvalla).

Fyrir hönd Ørum og Wulffs og verslunarfjelagseigendur að 4 hndr. úr Hrísum  
Einar Sigfússon.

Samkvæmt sætt 9. júní 1891 breytast framanskriðu landamerki þannig, að kaflinn frá orðunum: „að sunnan austan við hálsinn“ til orðanna „sem þar er hlaðinn“ falli burtu en í staðinn komi: Að sunnan austanvið hálsinn eru merkin í vörðu, sem hlaðin er skammt fyrir sunnan hinn svonefnda „Sjónarhól“ og beint strik úr henni um vörðu, sem hlaðinn er sammt fyrir ofan gilbarminn og beint strik eptir þessum merkjum í vörðu, sem hlaðinn er á fjallsbrúninni. –

Núpufelli 17. maí 1891

Sigfús E. Thorlacius

eigandi Núpufells.

Samþykktur vegna Solvahlíðar

Ólafur Ólafsson. –

Þinglesið á Saurbæarmantalsþingi 17. maí 1892 og innfært í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu

Kl Jónsson





Landamerki Jarðarinnar Sölvahlíðar í Saurbæarhrepp.  
í Eyjafjarðarsyslu.

Eru að sunnan í miðjan svo nefndan Hríshól og beint strik þaðan og ofaní Núpá, um vörðu, sem hlaðin er skammt fyrir ofan gilsbarminn og beint strik eptir þessum merkjum í vörðu, sem hlaðinn er á fjallsbrúninni og úr henni aptur beint strik vestur á mitt fjall. –

Að norðan eru merkin í vörðu, sem hlaðin er skammt fyrir sunnan svo nefndan Sjónarhól og beint strik úr henni ofani Núpá um vörðu sem hlaðin er nokkuð fyrir ofan gilsbarminn og beint strik eptir þessum merkjum í vörðu, sem hlaðin er á fjallsbrúninni og úr henni aptur beint strik vestur á mitt fjall. Að vestan eru merkin eptir miðju fjallinu, en að austan ræður Núpá merkjum.

Hleiðargarði 14. maí 1892  
Í umboði eiganda  
Olafur Olafsson.

Samþykkt fyrir Eyvindarstaði Ranveg Pálsdóttir  
-- -- Stefán Jónsson

Sigfús E. Thorlacius  
(eigandi Núpufells.)

Þinglesið á Saurbæarmantalsþingi 17. Maí 1892 og innfært í landamerkjabók sýslunnar.  
Kl Jónsson



### Landamerki fyrir jörðunni Stóra-Dunhaga í Skriðuhreppi

Að utan móts við Dunhagakot ræður merkjum stýflugarður neðst í enginu upp bakkann frá Hörgá og svo hnausavörður upp að Vallarbrekkum, svo í grjótvörðu á brekkunni suður frá fjárhúsum í Dunahagkoti, síðan beina línu eptir niðurreknum steinum gegnum túnið og í torfvörðu á garðinum suður og upp frá Dunhagakotsbæ, þá eptir garði þessum í skástefnu suður og upp og yfir lækinn í torfvörðu sunnantil í Kvíholti, skamt fyrir ofan fjárrjettina í Dunhaga, er og stór steinn í stömu stefnunni. Síðan liggja merkin upp sundin eptir vörðum upp fyrir sunnan Kots-stekk og í grjótvörðu uppá Skálarbrún, þaðan beina línu upp nyrstu gjá í Dunhagahnjúk á fjall upp.

Að austan ræður aðalfarvegur Horgár.

Að sunnan móts við Auðbrekkutorfu ræður „Merkjagarður“ á bakkanum upp frá Horgá; svo hnausavörður eptir sömu stefnu upp „Silungamýri“ að reiðgötum í grjótvörðu, sem nú er sett á miðhól, síðan aptur merkjagarðurinn upp sundin og alla Húsármóa og kemur að Húsá rjett neðan við Sveigshóla, síðan ræður Húsá og Húsárskarð á fjall upp.

Þess skal geta, að í Silungamýri er merkjagarðurinn sokkinn, en þar eru merkin sett eptir sömu stefnu, sem nefndur garður hefir upp bakkann, með samkomulagi beggja málsaðila. –

Stóra-Dunhaga í apríl. m. 1892

Ólafur Jonsson

eptir fullmakt.

Þessum landamerkjum samþykkur hvað Dunhagakot snertir

H Stefánsson

Samþykkur fyrir Auðbrekku jarðirnar

Eptir umboði

Eggert Laxdal

Þingl. Að Skriðu 24/5 92

KI J.



Landamerki fyrir Gunnólfsá.

Að norðan ræður þrætuskjer og þaðan bein stefna upp norðan við há Hvanndalsbjarg og beint uppá eggjar <sup>ráða svo eggjar</sup> vestur og fyrir botninn á Fossdal, og suður eptir eggjum fyrir <sup>botninum á Rauðskarðardal [og] enn suður eptir eggjum fyrir</sup> miðjan botninn á Árdal og þar er suðvestur horn landsins; þaðan beint niður í í svokallaða Innri-Gunnólfsá, sem ræður merkjum til sjávar og er þar suðaustur horn landsins. þaðan liggja merkin eptir landhelgi norður í áðurnefnt þrætuskjer og er þar norðausturhorn landeignarinnar.

Samkvæmt sátt frá 29. maí 1840 á Vallakirkja í Svarfaðardal hálfan reka hvals og viðar að undanteknum einum sjötta, sem ábúendum ber fyrir rekavöktun fyrir lands jarðirnar frá Ytri-Gunnólfsá til þrætuskers. Fleiri ítök <sup>eru</sup> ekki í landi jarðarinnar.

p. t. Gunnólfsá 12. sept. 1891.

Eigandi og umráðamaður Gunnólfsár

Jón Jónsson

frá Hafsteinsstöðum.

Abúandi á Syðri A

Jón Guðmundsson

T. Hallgrímsson

samþykkur.

Fyrir hönd Sigríðar Jónsdóttur í Leyningi eigandi að ½ Hvanndölum

C. J. Gronvöld.

Þinglesið á manntalsþingi að þoróddsstöðum þann 4. júlí 1892

Kl Jónsson.



Landamerki fyrir jörðunni Neðstalandi í Skriðuhreppi.

Að norðan ræður syðri reiðhóll. þaðan beina línu á fjallsbrún upp  
Að sunnan ræður merkjagil og þaðan beina stefnu í Yxnadalsá.  
að vestan ræður gamall farvegur vestan við svokallaða Neðstalandsholma  
Jorðin á frían upprekstur á almenning (austan Yxnadalsá.)

Þverá 30. apríl 1895

J. Bergsson

I umboði eiganda

Sem umboðsmaðu Miðlands samþykku

Stephán Stephensen

Sem eigandi Syðri Bægisá

Jón Andreson

Þinglesið á manntalsþingi Skriðuhrepps 23. maí mán. 1891 og mótmælt af eigendum  
Skjaldastaða

S. Thorarensen

Innfært 17. júní 1893

Kl Jonsson



Landamerki fyrir Syðra Hóls í Glæsibæjarhrepp í Eyf.sýslu

Milli Samtúnstorfunnar gagnvart Syðra-Hóli eru merki úr Einbúahól niður við Lónið, – og þaðan upp norðanvert við Ytri-Svarðarhól, beint í vörðu lítið fyrir utan og ofan Grástein. þaðan bein sjónhending í Klöpp, sunnarlega á Steinhjalla, þá beint á fjall upp, í stóran melhól utan við Bungu

Að neðan milli Hólanna úr stórum polli utan við Merkjaklett niður við Lónið, og sér eptir skurði upp mýrina, og sér í stóra skonsu, þar sem skurðurinn endar, - þá rjettsýnis yfir flóann í læk þann, sem viðtekur og vísar merkin fyrir ofan Kelduna. þá fylgja merkin ofan nefndan læk, þar til hann beygist til norðurs, og sér í vörðu, sem er rjett í vestur. þaðan í merkjahæla, sem aðskilja merkin á túnunum milli Hólanna; þaðan í Grænulág utan við Steinhjalla, og þaðan beint uppá fjallsbrún.

Ofan skrifuðum landamerkjum samþykku vegna Samtúnstorfunnar fyrir prestsekkju Þóru R. Sigurðarsdóttur á Miðsitju í Blönduhlíð í Skagafjarðarsýslu

Umboðsmaður ekkjunnar

Sumarliði Guðmundsson

Samþykku vegna Syðrahóls

eigandi Jón Guðmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að Glæsibæ 18. maí 1894.

Kl Jónsson



Landamerkjabrjef fyrir jörðina Hreppendsá í þóroddstaðahrepp í Eyjafjarðarsýslu

Að sunnan ræður merkjum hól sem kallaður er Dýrhóll, og liggja merkin í beinni línu frá hólnum til fjalls uppí svokallaða Hlasskverk, utan til við Súlu fjallstind, eins liggja merkin frá áður nefndum hól ofan í árgil sem er rjett austarn til við hólinn. Að vestan ræður merkjum fjallsegg alla leið, sem beygist í bugðu fyrir dal þann, sem kallaður er Hreppendsárdalur, og tilheyrir hann allur jörðinni. Að utan (norðan) ræður merkjum lækur, sem kallaður er merkislækur, og hefur hann upptök sín í fjallshlíðinni, og rennur ofan utan undir svo nefndu Brúnsholti og beina línu fyrir utan stóran hól, sem kallaður er Einbúi; þá beygist lækurinn til norðurs, enn sjest móta fyrir garði, sem liggja beint úr bugðum á læknum og í grasdrag, sem liggur ofan að Fjarðaánni. – Að austan ræðu merkjum alla leið á sú, er kemur framan af Lágheiði, og aðgreinir austari og vestari hluta fjarðarins og kölluð er Ólafsfjarðará.

Eigendu Hreppendsár

þorlákur Einarson

Bjarni Einarson

Samþykkur

Emil Guðmundsson

(landsdrottinn að Bakka

Fyrir hreppsnefndina

Á. Guðmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að þóroddstöðum 15. júní 1894

Kl Jonsson



Landamerkjalýsing Nyjabæjar.

Að utan móts við Einhamar eru merkin í svokallaða miðgjá, þaðan beint suður í þúfu og af þúfunni niður í hnaus á [hulls] og þaðan að áfram.

Að sunnan móts við Framland ræðir djúpt Skriðugil, sem nær ofan af svokallaðri Bröttuskeið og niður í Grundarhöfuð, spölkorn fyrir utan landsskál úr gilinu að neðan liggja merkin beina línu ofani Hörgá. Að vestan ræður Hörga, en fjallseggin að austan. Grjótárdalur fyrir framan Illagil tilheyrir báðum jörðunum Nyjabæ og Framlandi. –

Nýjabæ 21. maí 1895

G. Guðmundsson

Samþykkur sem eigandi Framlands

Johann Gunnlögsson

Þínglesið á manntalsþingi Skriðuhr.

22. maí 1895

Kl Jonsson

Bergsson

1-00 króna

KIJ



Landamerki Lóns í Þorodstaðahreppi

Að sunnan frá svonefndum Nýbuhnjúk beint niður í Fjarðará gagnvart túngarðsenda jarðarinnar Þorodstaða.

Að vestað Fjarðará, þó þannig, að þrír hólmar í henni tilheyra jarðareigninni.

Að norðan beint úr Fjarðará í gamalt garðsendabrot og þaðan beint upp utanvert í Lambatunguhaus í Vatnsenda fjalli.

Að austan fjallseggjar

p. t. Vatnsenda 27. maí 1895

Jón Magnusson

Jeg sem eigandi jarðarinnar er samþykkur þessari landamerkjaskrá.

Sigurður Pjetursson

(handsalað)

Þinglesið á manntalsþ. 5/7 -96

Kl Jónss





Útskrift úr domabók Eyjafjarðarsýslu.

Ár 1892 þann 10 ágúst var merkjadómur Eyjafjarðarsýslu settur á Oddeyri eptir samkomulagi milli partanna og haldinn af sýslumanni Kl. Jónssyni með meðdómsmönnum Hallgrími hreppstjóra Hallgrímssyni á Rifkellsstöðum, Ólafi veitingamanni Jónssyni á Oddeyri, Jóni Hjaltalín skólastjóra og Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum, var þá fyrirtekið

Málið  
Jón Sigfússon á Espihóli  
gegn  
Consul J. V. Havsteen

um ágreining um landamerki milli Bandagerðis og Krossanes. Meðdómsmennirnir undirskrifuðu svo látandi eið:

Vjer sem erum undirskrifaðir til þess að dæma í landamerkjamáli milli Bandagerðis og Krossaness lofum hjer með og heotum því að dæma í máli þessu eptir beztu vitund og samvizekusemi, svo framarlega hjálpi oss guð og hans heilaga orð.

Hallgr. Hallgrímsson  
Stefán Stefansson

J. A. Hjaltalin  
Olafur Jonsson.

Hinn stefndi er mættur personulega og skilar aptur skjölum málsins og leggur fram N<sup>o</sup> 8 vörn í málinu með 7. Fylgiskjöllum, N<sup>o</sup> 9. kaupbrjef fyrir Krossanesi og N<sup>o</sup> 10 landamerki fyrir sömu jörðu. Skjöl þessi voru fram lögð og upplesin svohl. (- -).

Fyrir stefnda var mættur Sigtr. Jónsson bóndi á Espihóli eptir áður framlögðu umboði. Síðan gengu domendur á merki og kynntu sjer vandlega landsháttu og land það er málsaðilar kalla sjer og gjörðist þá milli partanna svolátandi

Sátt.

Að landamerki milli Lögmannshlíðar torfunnar (Bandagerðis) og Syðra-Krossanes skyldu vera frá sjó úr viki í næstu klöppum norðan við Sandgerðisbót þar sem sett verða merki og þaðan beina línu í mitt Viðarholtsvik þar sem varða verður hlaðin í beinni línu við landamerki jarðanna að vestan. –

Málskostnaður skiptist til helminga.

Sátt þessa undirskrifa báðir málspartarnir

Sigtryggur Jonsson

J. V. Havsteen



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Var svo rjettinum slitið.

Kl. Jónsson

Hallgr. Hallgrímsson

Stefán Stefánsson

Ólafur Jónsson. –

Jón A. Hjaltalin

Vottar

Björn Jónsson

A. Pjetursson

Rjetta útskrift staðfestir

Kl. Jónsson

Borgun

25 – tuttugu og fimm aurar

Kl. J.

Þínglesið á Glæsibæjarmantalsþingi 21 maí 1895

og innfært í bók þessa.

Kljónsson

Borgun 1 – ein Króna

Klj



### Landamerki jarðarinnar Ytra-Hóls í Ongulstaðahrepp.

Að norðan ræður gamli vallargarðurinn á Ytrahóli, er liggur í austur og vestur fyrir utan túnið þar, og kallaður er merkjagarður; svo eru merkin beint frá efri enda hans í grasivaxin gilskorning neðarlega í fjallinu er nefnist Krókagil, og er gil þetta suður og ofan frá Bægishól, og næsti gilskorningur fyrir sunnan Háahrygg og svo liggja merkin þaðan beint uppá fjallið. Frá neðri enda ofan nefnds garðs liggja merkin ofaní Pollalæk, sem er Ytra-Hóls lækurinn, ræður þá Pollalækur merkjum lengst af, en fyrir neðan brekkurnar dálítið fyrir sunnan Pollalækin er gamalt heygarðsbrot, og úr því eru svo merkin í annað heygarðsbrot, hjerum 160 föðmum neðar og svo þaðan beina áframhaldsstefnu yfir tvö gömul heygarðsbrot vestur í mýrinni allt að svokölluðum Bræðrakýl og þaðan beina stefnu í Eyjafjarðará.

Að sunnan eru merkin milli YtraHóls og Syðra-Hóls auðsjáanlegt garðsbrot, er liggur í austur og vestur milli þeirra bæja og þaðan beint austur og upp í stóra einstaka grasvaxna þúfu, er stendur á sljettu enn nokkuð suður og upp frá gömlu beitarhúsbroti, er stendur ofarlega í Ytra-Hólsengi og svo frá þúfu þessari beint á fjall upp.

Frá neðri enda fyrnefnds merkjagarðs brots liggja merkin beint ofan eptir fyrir sunnan klöpp þá, er nefnist berjaklöpp og svo þaðan beint ofaneptir um móana og í þann farveg þverárinnar, er liggur norðanvið hinn svokallaða þverárhólma (Er sjerstaklega var virtur sem þrætuland árið 1849 sjá jarðabók 1861) og liggur farvegur þessi mjög glöggur alla leið ofaní Eyjafjarðará og kemur í hana lítið eitt fyrir utan bæinn á Ytragili.

Munkaþverá í febrúarman. 1887

J. Jónsson

Eigandi jarðarinnar Ytra-Hóls.

Framanskrifaðri landamerkjalyýsing er eg samþykkur

Guðrun Sigurðardóttir

(Eigandi Syðra Hóls)

Sem umboðsmaður yfir Gröf og Skalpagerði samþykkir

Stephán Stephansson.

Ár 1895 þann þann 16. maí var landamerkja skrá þessi lesin að Ongulstaðamanntalsþingi og var henni mótmælt af Ara bónda Jónssyni á þverá af þeim ástæðum, að hún væri í mótsögn við merkjadóm Eyjafjarðarsýslu uppkveðin 5. júlí f. á., en eigandi Ytra-Hóls Jón bóndi Jónsson á Munkaþverá neitar því að skráin komi í neinn hátt í bága við tjeðan dóm. –



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Kljónson

Borgun 1 – ein Krna

Klj



Landamerkjalýsing jarðarinnar þverár (ytri) á Staðarbyggð.

Að sunnan milli Jódýsarstaðar og þverártúns er rjett merki varða ofan vert við lágarskorn, þaðan til vesturs eptir vörðum, allt ofaní Eyjafjarðar árbakka, gagnvart túngarði norðan við túnið í Teigi. En til austurs eru þau frá nefndri vörðu eptir því er vörður liggja upp að beitarhústöptum þverár og sömu stefnu til þverárgils. Að austan og norðan ræður gilið merkjum ofanað þverárbrú þaðan út og ofan með melkambinum og út fyrir neðan svokallað Hólshorn, þar ofan frá liggur yztí farvegur þverár, er ræður merkjum allt í Eyjafjarðará og liggur þessi yztí farvegur í Eyjafjarðar á rjett sunnan við syðri enda Staðareyjar á móti Hvammsklöppum.

Að vestan ræður Eyjafjarðará landamerkjum.

þvera 21 apríl 1890

Ari Jónsson

(eigandi þverár)

Vegna móður minnar Guðrúnar Sigurðardóttur. – eiganda Syðra Hóls – , er jeg framan skrifaðri merkjalýsingu samþykkur, enda brúkaði jeg þetta land – þá jeg bjó á þverá – einsog mjer var heimilað í byggingarbrjefi mínu.

Ongulstöðum 21. apríl 1890

S. Sigurðsson

Framanskrifapri landamerkjalýsing er jeg samþykkur

Davíð Kristjansson

(í umboði eigenda Jódýsarstaða).

Ítök

Heimilt er ábúendum Ongulstaða og Jódýsarstaða að veita vatni úr þveránni á engjar sínar eptir þörfum gegn því að búpeningur þverár megi óátalið ganga í bithaga nefndra jarða, þá hann gengur þangað órekinn.

þverá 21. apríl 1890

Ari Jónsson

þinglesið á manntalsþingi að Ongulstöðum 16 mai 1896.

Kljónson

Borga 1 Kr



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

KIJ

Skoðuð 11. sept 1900

Páll Briem



Landamerkjakýsing fyrir jörðinni Reykhúsum í Hrafnagilshreppi

að austan ræður Eyjafjarðará , en að vestan niður undir ánni ræður varða, sem er mitt á milli lækjanna g þaðan bein lina uppeptir, eptir vörðum uppi merkjalæk, úr því ræður lækurinn upp að Kristnesland að sunnan og ofan er allt óskipt við Kristnes hvað bithaga snertir

Einnig á jorðin Reykhús frían upprekstur á Glerárdal að sunnan verðu

Þratarhóli 6. septbr. 1900

J. Gunnlogss.

Samþykkur vegna Eyrarlands eptir ákvörðun á bæjarstjórnarfundi 9. október 1900.

Bæjarfóg á akureyri, 10. októbr 1900

Kl Jonson

Þinglesið á manntalsþingi Hrafnagilshreppi 18. maí 1901

Kl Jonson



Guð. Guðmundsson

sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu bæjargófeti á Akureyri kunngjörir: Abúandi og umráðamaður prestssetursjarðarinnar Melgerðis í Saurbæjarhreppi hefir tjáð mér, að hann óski þess, að útnefndir séu tveir óvilhallir og vel hæfir menn til þess að skifta óskiftu landi milli prestsjarðarinnar Saurbæjar og prestsseturshjáleigunnar Melgerðis og selja merki milli jarðanna.

Fyrir því hefi ég útnefnt hreppstjóran Benedikt Einarsson á Hálsi og bónda Árna Hólm í Saurbæ til þess, sem óvilhalla og þar til sérstaklega hæfa menn, að framkvæma skiftingargjörð þessa, sem um er beðið.

Skiftingargjörðina, er framkvæma ber skriflega og rita á þetta skjal, eru hinir útnefndu menn skyldir að leysa af hendi eftir bestu vitund og þekkingu og svo samvizkusamlega, að þeir geti staðfest gjörð sína með eiði, þegar þess verður krafist. Þessu til staðfestu – er nafn mitt og embættisinsigli.

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 6. Apríl 1912.

Guðl. Guðmundsson.

Við undirritaðir höfum í dag samkvæmt útnefningu sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu ákveðið landamerki prestsseturshjáleigunnar Melgerðis í Saurbæjarhreppi innan Eyjafjarðarsýslu og er lýsing merkjanna á þessa leið:

Að vestan liggja merkin frá vörðu er stendur framan í svonefndum „Jörundi,“ beint í vörðu sem stendur á háum melhól sem er suður og upp frá „Ólafstjörn“ þaðan í vörðu á hól sem er milli svonefndra „Pollaläga“ þaðan liggja merkin í vörðu, sem stendur á svonefndri „Löngubrekku“ vestan vert við djúpa lægð í brekkuna, og þaðan út í syðsta farveg Djúpadalsár. Að norðan ræður merkjum fefndur árfarvegur ofan í krók þann á Djúpadalsá; er gengur lengst til suðurs, ræður svo Djúpadalsá merkjum þar til hún fellur í Eyjafjarðará fyrir utan „Þórishólma,“ litlu sunnar en mós við Arnarhól. Að austan ræður Eyjafjarðará eins og hún rennur nú – merkjum, alt suður fyrir „Guðrúnarstaðaklif. Þaðan liggja merkin eftir árfarvegi í suðvestur eftir árfarvegi þeim, sem er norðan og vestanvert við „Helgastaðarhólma,“ en sunnan og austan við „Melgerðishólma“ og „Hrínhólma“ alt að syðsta enda girðingar, sem liggur að Eyjafjarðará fyrir neðan svonefndan „Stýfluhól“

Að sunnan liggja merkin frá girðingarendanum á stóran stein sem stendur á „Stýfluhól“ og þaðan á vörð þá sem fyrst er nefnd. Jörðin á frían upprekstur fyrir sauðfé og trippi á afrétti þá er tilheyra prestssetrinu Saurbæ.

Gjöd þessa höfum við leyst af hendi eftir bestu vitund og þekkingu, og erum við reiðubúnir að staðfesta hana með eiði, ef krafist verður.

Gjört að Melgerði 11 maí 1912.

Benedikt Einarsson.

Árni Hólm





ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Samþykktur vegna Saurbæjar

Jakob Björnsson

Samþykktur vegna Rauðhúsa að því áskildu, að eftirgjald Rauðhúsa færist niður um 6 kr. árlega.

Jón Einarsson

Vegna Melgerðis

Jóhannes Ólafsson

Rétt eftirrit vottar Ben. Einarsson (hreppstjóri)

Gjald ein króna .

Afskrifuð 28/1. 1922



Viðauki við landamerkjaskrá Hafnar í Siglufirði.

Frá lækjarseyrunni undir Búðarhólsnefi suðaustur sandinn til Stórstraumsfjörumáls beina línu á Efri Skútu bæ.

Höfn í Siglufirði 12. júní 1914.

Rakel Pálsdóttir

Páll Kr Jóhannsson

H. Guðmundsson.

Þessi landamerki samþykkir umráðamaður Hvanneyrar á Siglufirði.

B. Þorsteinsson

Prestur.

Gjald 2 – tvær krónur.



Landamerkjabréf Kaupangsbakka í Öngulstaðahreppi.

Að sunnan ræður garður ræður garður, vestan frá Eyjafjarðará austur að landamerkjagirðingu Grafar. Á garðinum eru tréstólpar, sem gaddavírsgirðing er strengd á.

Frá garðendanum beina línu í þórustaðamerki.

Að austan ráða þórustaðamerki að girðing þeirra úr gaddavír sem þar er á tréstólpum, þar til að merkjavörðum á milli Kaupangs og Kaupangsbakka ber saman norður í svonefnda Hornvörðu.

Að norðan ræður vörðulína til norðvesturs frá Hornvörðu, beina línu í vörðu sem stendur norð-austast í svonefndum Kvíhólma þaðan beina línu eftir Kvísl, sem rennur í Kaupangskíl vestan við vörðu sem er á svonefndum Tanga síðan út, (norður) Kaupangskílinn út með Tanganum og vestur í Eyjafjarðará.

Að vestan ræður Eyjafjarðará sem rennur vestan við bæinn.

O. C. Thorarensen eigandi Kaupangsbakka.

Vitundarvottar:

Jón Stefánsson

Jóhann Tr. Jóakímsson.

Ofanrituðum landamerkjum, er ég Bergsteinn Kolbeinsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Kaupangur. Samþykktur í öllum atriðum

Kaupangi 28. des 1916

Bergst. Kolbeinsson

Vitundarvottar:

Jón Kristjánsson

Helgi Sveinsson.

Hinsvegar rituðum landamerkjum er ég Páll Jónsson eigandi og ábúandi þórustaða samþykktur í öllum atriðum.

Þörustöðum 28. des. 1916

Páll Jónsson

Vitundarvottar:

Jón Kristjánsson

Helgi Stefánsson



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Hinsvegar rituðum landamerkjum Grafar og Kaupangsbakka er ég Stefán Guðjónsson eigandi Grafar samþykkur í öllum atriðum.

Gröf 28. des. 1916

Stefán Guðjónsson

Vitundarvottar:

Jón Kristjánsson

Gjald 2 – tvær

krónur.



Af því að ósamkvæmi er i landamerkjalykingum Vallastaðar og Sökku frá 1884 annarsvegar og merkja setningunni milli ítaks Vallastaðar á Sökkubökkum og Sökku hinsvegar, vil eg undirritaður eigandi og ábúandi Sökku skýra frá, hvernig sú ósamkvæmi er til orðin.

Árið 1887 þann 3. október flæddi Svarfaðardalsá langt upp fyrir alla bakka sína brekknanna á milli. Fellu þá stórkostlegar skriður á Skíðadal og Svarfaðardal, og varð vatnið í anni þíkt sem grautur af leir og möld. Þegar út fjaraði var alt engi hér fyrir neðan, bakkarnir og Sakkan slétt af leir og sandi. Sumarið næsta á eftir 1888 ~~var~~ var als enginn blettur slægur á öllum Sökkubökkum nema á Vallabakkanum – ítaki Vallastaður á Sökkubökkum – þar heyjaði Jón Jónsson húsmaður í Hamarkoti 8 hesta. Næstu árin þar á eftir greru bakkarnir smátt og smátt upp en Sakkan, bleytan sem áður var fyrir ofan bakkann, var slétt og þurt leirflag, og kom ekkert gras upp úr því fyr en eftir 10 ár. Um 1890 komum við séra Tómas Hallgrímsson, sem þá var prestur á Völlum, okkur saman um að setja glögg merki ofan við Vallabakkann; lét ég hann eðlilega ráða merkjasetningunni, þar sem ég flutti ekki vistfestum að Sökku fyr en fimm dögum áður en leirinn féll á og var því alókunnugur öllu Sökkulandi áður en á fell. Að norðan við Breiðateig var þá þúfa á bakkaneftinu fram við ána, en enginn steinn var þar sjáanlegur þar byrjuðum við að setja merkin í beina lína á syðri enda Ingólfshöfða, svo bygðum við merkin austur fyrir ofan bakkann og grófum á mörgum stöðum niður gegnum leirlagið, sem sumstaðar var full þrjú fet á þíkt, til að sjá hvernig grasrótin leit út undir leirlaginu. Síðan við séra Tómas sál. settum þessi merki, hefi eg haldið þeim samviskusamlega við og flutt að merkjavorðunum steina á mörgum stöðum

þenna framburð minn er ég fús til að staðfesta með eiði, ef þess væri krafist.

Sökku 23. apríl 1917

Þorgils Þorgilsson

Lesið á manntalsþingi Svarfaðardalshrepps 21. Júní 1917.

Gjald 2 – Tvær

krónur



Utskrift úr sáttabók Siglufjarðarsáttaumdæmis í málinu:

Hafnarnefnd Siglufjarðar gegn eigendum jarðarinnar Höfn, út af umþrættu svæði sunnantil á eða sunnar til við Siglufjarðarhöfn var á sáttafundi 18 og 19 Júní 1917 gjörð og undirskrifuð svohljóðandi:

Sátt

Eigendur jarðarinnar Höfn falla frá og afsala sér öllu tilkalli til hins umþrætta svæðis og leigu eftir það frá þessum degi, en njóti leigunnar hingað til. Svo og lofa þeir að selja og afhenda hafnarnefnd Siglufjarðarkauptúns fyrir hönd hafnarsjóðsins allt það svæði við botn Siglufjarðar sem tilheyrir Höfn og hafnarnefnd og hreppsnefnd hafa á sameiginlegum fundi talið öldungis nauðsynlegt til væntanlegra umbóta á Siglufjarðarhöfn – en það svæði nær austur frá landamerkjum Skútu og Hafnar, og vestur að graslendi Hafnartúns og Hafnarbakkanna og sunnanfrá merkjalínu beint úr Hafnarnefi á Skútu á, þar sem brúin liggur yfir hana, og norður að hinu umþrætta svæði, og í norðvesturhorninu að línu úr stórum steini í fjörunni norðaustur af húsi Helga læknis Guðmundssonar og í Staðarhóls bæ, allt gegn því að hafnarnefnd fyrir hönd hafnarsjóðs greiði eigendum jarðarinnar Höfn 15.000 kr – fimmtán þúsund krónur, innan eins mánaðar frá þessum degi.

Að þessu gengur umboðsmaður kæranda, bæði fyrir hönd kæranda og fyrir hönd hafnarsjóðsins. Skal afsal útgefið strax og borgun hefir farið fram – Hinn seldi jarðarpartur skal vera laus við allar veðskuldir sem hvíla kunna á jörðinni Höfn í heild sinni og vera kvaðalaust að öllu leyti, oðru en því, er snertir samning, dags. 5 Des. 1916, við Ole O. Tynes; en við þeim samningi með réttindum hans og skyldum tekur hafnarnefndin upp frá þessum degi

Seljendur telja landamerkin milli Hafnar og Skútu beina línu úr Fjarðaránni, þar sem hún rennur síðast, milli grasbakka fram á sandana og í Helluhryggsnef undir Nesskeiðum, og skuldbynda þeir sig til að afhenda þinglesið bréf fyrir þessum merkjum, svo fljótt sem auðið er, og ekki síðar en innan eins árs.

Í þessari sátt liggur engin viðurkenning annars málspartsins um eignar eða eignarett hins, til hins umþrætta svæðis að þessum tíma En með sátt þessari er öllum ágreiningi lokið í þessu máli og undirskrifa málspartar hana til staðfestu.

Á sáttafundi 19. Júní 1917.

Eigendur Hafnar

H. Guðmundsson, Páll Kr Jóhannsson.

Fyrir hönd hafnarnefndar



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Jón Guðmundsson

B. Þorsteinsson

Tómas Bjarnarson.

Að sátt þessi sé þannig orðrétt bókuef í sáttabokina vottar:

B. Þorsteinsson.

Landamerki á milli jarðanna Efri-Höfn öðrumegin og Efri og Neðri-Skútu hinumegin, takmarkast af línu úr miðjum ósi Fjarðarárinnar, þar sem hún fellur nú úr grasbakka fram á leiruna, beina stefnu á Helluhryggsnef við sjó, undir Nesskriðum.

Gjört á Neðri-Höfn 28 ágúst mán 1917

Samþykkir vegna Efri-Hafnar

H. Guðmundsson,

Páll Kr. Jóhannsson

Samþykkur vegna Efri og Neðri-Skútu

Jón Jónsson

Frá Hafsteinsstöðum.



Við undirritaðir eigengur jarðanna Efrihóls og Víðigerðis í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu, höfum orðið ásáttir um þannig löguð merki á milli nefndra jarða:

Merkin eru úr vörðu við Merkigilsá suður brúnirnar bein lína í vað á Víðigerðislæk norðan við eyðibýlið Rófu og sama lína 52 faðma suður frá læknum í vörðu þar. Úr þessari vörðu bein lína vestur í stóran jarðfastan stein sunnan og ofan til við Víðigerði, þaðan bein lína í vörðu norðan og vestan við Espihólssel; þaðan bein lína í hæstu hólnibbuna utan við Smalhól; þaðan bein stefna í skarð sunnan við ysta klettaranann á Kerlingarfjalli og gildir sú stefna aðeins það upp, sem grasvegur nær, þaðan bein lína upp á fjallsbrúnina norðan við Kerlingarhausinn.

Rjettur til lækjanna haldist óbreyttur framvegis, eins og meðan löndin voru óskipt.

Gjört að Víðigerði 23. júní 1912

Sigtryggur Jónsson  
vegna Víðigerðis

Jósep Helgason  
vegna Espihóls.

Vottar: -  
Davíð Jónsson  
Hannes Kristjánsson.

Gjald 2 – tvær Krónur.





Landamerki jarðarinnar Hrauns i Øxnadal

Að austan ræður merkjum Øxnadalsá.

Að sunnan ræður Hraunsá upp að Hraunsvatni. Að vestan ræður svonefnt „Drangafjall.“ Að norðan ræður gamalt garðsbrot i Valsnesi þaðan beint yfir mýrarnar i litla graslág, sem er i mel utan við Hraunalæk og beint á syðri „Berghamarsenda“ og þaðan beint á fjall upp Jordinni fylgir svonefndur „Vatnsdalur sem fjallseggjar ráða báðu ~~þeg~~ megin með Kiðlingsdal og Vatnadalsvatni. Einnig á jörðin frian upprekstur á Almanning á Øxnadalsheiði vestan Oxnadalsar.

Viðimýri 7 ágúst 1917

þorvaldur Arason

Lesið á manntalsþingi Oxnadalshr

12. júní 1920



Merkjalýsing jarðarinnar Spónsgerðis.

Landamerki jarðarinnar eru:

Að vestan, til móts við Hallgilsstaði, úr merkjaþúfu við Spónsgerðislæk, eftir merkjaskurði, og þaðan bein lína – sama stefna – út í neðri enda merkjaskurðarins á milli Hallgilsstaða og þrastarhóls. Að norðan, til móts við þrastarhól, eftir merkjaskurði, og þaðan bein lína – sama stefna; niður sunnan við Mannshól í vörðu á Skeiðmel.

Að austan, til móts við Möðruvelli, úr vörðu á Skeiðmel, ræður gata sú, er liggur frá Neskotshólum upp á Spónsgerðisholt, suður í hól þann er mestur er fyrir norðan keldugdrag það, er næst liggur utan við Spónsgerðisholt, þá bein lína, þá bein lína úr þessum hól og niður í merkjaþúfu við kílfarveginn, þá ræður kílfarvegurinn suður í Spónsgerðislæk.

Að sunnan, til móts við Möðruvelli, ræður Spónsgerðislækurinn upp að áðurnefndri merkjaþúfu á milli Spónsgerðis og Hallgilsstaða.

Beitiland á Spónsgerði óskift með Möðruvöllum að rétttri ítölu við landskuldarhæð hjáleigunnar og heimajarðarinnar.

Spónsgerði, 9. sept. 1921.

Stefán Marzson.

Samþykkir ofanskráðum merkjum, eru eigendur og ábúendur jarðanna:

Vegna Hallgilsstaða – Jón St. Melstad

–,– – Þórh. Ásgrímsson

–,– – Eggert Davíðsson

–,– – Jón Þorsteinsson

Innfært til þinglesturs 2. Des. 1921.



### Landamerkjabrjef Stóradals í Saurbæjarhreppi

Að sunnan ræður Brandabúðardalsá merkjum, alt það, er Brandabúðardalur nær, en þar ofanfrá eru merkin niður úr gljúfrinu til Djúpadalsár beina stefnu á fornar beitarhúsatóftir í Strjúgsarlandi. - Út þaðan liggja merkin eftir Djúpadalsá undir langhólum og þaðan beina stefnu í Gerðarhólagilið. –

Að norðan liggja merkin úr Djúpadalsá eftir grjotvörðum á fjall upp. Merkjálína þessi liggur skamt fyrir norðan svonefndann „Alviðruhól“ – Síðan liggja merkin vestur fjallið vestur fyrir dragið á Brandabúðardal. –

Einnig á Stóridalur land austan megin Djúpadalsár þverdal allar fram á fjall og allt land eyðihjaleigunnar "Mælifells. – þar ræður merkjum að austan Sneisará og Strjúgsá, að norðan bein stefna úr Strjúgsargilsmynninu niður undir Djúpadalsá. Eftir línu, sem úr gljúfrunum stefnir á Stekkjartóft – Litladalslandi norðan við svonefnda Stóruskriðu. –

Að vestan liggja merkin frá siðastnefndri línu fram Djúpadalsáreyrar í beinni stefnu milli Strjugsarbæjar vestanverðs og Skiphóls, þá fylgja merkin Djúpadalsanni frá Skiphól að grjótgarði þeim, sem liggur uppfrá ánni gegnt Kambfelli og eftir honum á fjall upp. Itök jarðarinnar; Saurbæjarland eru þessi: Vetrarheit í varmhaga fyrri 60 fjár í 8 vikur eða 120 fjár í 4 vikur, Selstöðu á Djúpadal fyrir framan grótgarð á móti Kambfeli; gegn því að ábúandi Stóradals veiti hryssum þeim, er þangað eru rekin, fyrirstöðu sem hann getur, að þau fari ekki til byggða á meðan selstöðutíminn stendur yfir. –

Itak það, er Syðra-Dalsgerði og Ytra-Dalsgerði eiga í land jarðarinnar er að þær jarðir eiga upprekstrarrjett á afrjettarland á þverdal fram fyrir allt eigið fje, tryppi og folaldshryssur, er á afrjett eiga að ganga um lengri tíma, gegn því að þeir annist fyrirstöðu að jöfnu við ábúanda Stóradals.

Storadal 23 Desbr. 1921

Bjarni Einarsson

Eigandi jarðarinnar

Kristinn Jónsson

eigandi Strjúgsár og Syðri-Dalgerða

Magnus Arnason Jp. Trampe

eigendur Litladals

Gunnar Benidiktsson

f. h. Saurbæjar



Landamerki á milli Grísarár og Hrafnagils

Merkjum ræður skurður frá Eyjafjarðará og upp að brekkum. Þaðan bein stefna upp yfir brúnina í klöpp þá, sem nefnist Nýlenduklöpp þaðan beina stefnu upp í fjalls brún eftir vörðum í næstu nibbuna á stóra-krumma.

Á manntalsþingi Hrafnagilshr.  
p. t. Grund 21 Júní 1922

Davið Jónsson  
eigandi Grísarár

Hólmgeir Þorsteinss.  
ábúandi Hrafnagils



Landamerkjabrjef prestssetursins Saurbæ i Eyjafirði

Að sunnan liggja merkin frá vörðu í bakka Eyjafjarðarár fyrir sunnan svo nefnt Diskvað eftir vörðum upp engið í jarðfastann stein, sem stendur sunnan undir holti, en utan og ofan við ysta mel hólinn, sem er skamt fyrir norðan Sandhólatún, og sömu stefnu upp á fjallsöxlina í syðri steininn af tveim, sem neðan frá að sjá ber við loft, og standa á mel utan og neðan við Bolla og þaðan sömu stefnu upp í miðja fjallsöxlina. Síðan beygjast merkin út og ofan utan vert við Bláhól austur og ofan í klopasteina þaðan eftir sömu stefnu í móleitann stein, sem stendur í holti skamdt fyrir ofan Vörðuhús; fra steini þessum beygjast merkin inn á við inn í tvílembu lág, og þaðá eptir vörðum út í Vallar götur hinar fornu og stendur þar varða utan í litlu holti þaðan liggja merkin norður og upp í stefnu á melhól, sem stendur utan og ofan við Hólsflóa, en beint austur frá Stóruborg og ~~beint~~ þaðan norður í Stóruborg, þaðan ræður bein lína stefnu til norðausturs í tvo steina, sem eru utanvert við Ásgarð, og þaðan bein lína ofan á Jórmund og Stífluhól og niður í Eyjafjarðará; Að austan ræður síðan Eyjafjarðará merkjum að markalínu þeirri milli Saurbæjar og Sandhóla, sem fyr er nefnd.

Auk þess tilheyrir prestssetrinu Saurbæ svo nefndur Varmhagi vestan í Saurbæjarfjalli. Eru merki hans að utan verðu bein lína úr stórum steini fyrir sunnan og vestan Halsstekk hinn forna. –

Itak fyrir 60 fjár til vetrar beitar um 8 vikur eða 120 fjár um fjórar vikur viðurkennist að ábúandi Stóradals megi nota.

Afrjettarlönd jarðarinnar eru: Fyrst Sneis eða Þrjúgstunga milli Þrúgsar að austan, og Sneisarár að vestan allt fram í jökul, eftir máldögum Ólafs Rögnvaldssonar og Pjeturs biskups frá 1461 og 1394. – Annað: Djúpi-dalur fram frá, grjót og auði þeim, er liggur fram á mots við Kambfell og fram ur í gegn svo sem Djúpadalsá ræður að vestan á þessum parti er viðurkent ítak fyrir selstöðu um sumartímamann fyrir búsmala Stóradals Syðri og Ytri-dalsgerða gegn því að abúendur nefndra jarða veiti trippum þeim sem þangað eru rekin fyrir stöðu, að þau fari ekki til byggða, meðann selstöðutíminn stendur yfir. – Jarðirnar Krónustaðir, Sandhólar, Melgerði, Rauðhús, Háls, Vellir, og þrúgsá eigi fryja afrjett fyrir sínar eigin skepnur sauðfje og trippi í Sneis og Djúpárdal. –

Saurbæ 6. Júní 1922  
Gunnar Benediktsson  
prestur

Framanskrað landamerki samþykkja:

Kristinn Jónsson  
Vegna þrúgsár og



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Ytri-Dalsgerði. –

Jóhannes Ólafsson  
vegna Melgerðis –

Jón Einarsson  
vegna Rauðhúsa. –

Magnús Kristjánsson  
vegna Sandhóla

Vald. Pálsson  
vegna Moðruvalla. –

Bened. Einarsson  
vegna Háls. –

Pálmi J. Þórðarson  
vegna Gnupufell. –

Þorður Danielsson  
vegna Núpafells. –



### Landamerki Hólakots í Eyjafirði

Að sunnan milli Holakots og Vatnsenda gengur fram tangi vestur að Eyjafjarðará, sem heitir Brúarnes, upp frá þessu Brúarnesi liggja landamerkin austur í stóru vörðu, sem stendur upp á svokölluðum Vatnshól rjett vestan við Hólavatn, þaðan beina línu yfrum Hólavatnið og austur í vörðu er stendur utan við svo nefndan merkja hrygg, svo fra þeirri merkja vörðu og uppi ysta Skálarhól og þaðan til efstu fjallsbrúnar. – með því að samþykkja framanritaða landamerkjalinu milli Vatnsenda og Hólakots áskildu Hóla og Hólakots eigendur sjer að hafa svo nefndan Hryggjalæk til afnota eftir þörfum. Að vestan ræður Eyjafjarðará eins og hún rennur nú. Að norðan milli Hólakots og Hóla eru merkin þannig: I mýrinni, sem er austan við tún áður nefndra jarða er garð brot við vörslu girðingu jarðanna. Garð brotið liggur frá austri til vesturs. Merkin eru frá garð brotinu og i vestur eftir glöggum merkjum og að skurði sem er austan við Hólatún. – þá liggja þau suður með skurðinum (45 metra) og i vörðu sem er austan við skurðinn. Frá þeirri vorðu liggja þau i beinni línu, yfir lítinn hól, sem er syðst i svo kallaðri kirkju dagsláttu og i klopp sem er skamt vestur af suðnesta horni kirkjugarðisins. þaðan liggja þau i suður eftir melbarði. I barðinu eru þrjár klappir með litlu milli bili. Merkjalinan liggur suður í miðkloppina og fra henni i suðvestur og i vorðu sem er syðst á svokölluðum lambhúsvelli og litið eitt norðan við vatnsveituskurð, sem liggur austur og vestur. Þaðan beygja þau i vestur og liggja í beinni línu eftir sjónhendingu í svo kallaðan Grástein, sem er í Skáldastaðalandareign.

Að austan eru merkin efsta fjalls brún Heimabeitiland Hólakots, Hóls og Nýjabæjar er liggur frá vörslu girðingu jarðanna út og suður það sem löndin ná og til fjalls er sameiginlegt fyrir áður nefndar jarðir

Upprekstrarland á Hólaafrijettt fyrir framan Klaufá á Hólakot endurgjaldslaust fyrir sínar skepnur

I svo nefndu Holaranni er skilur lönd Vatnsenda og Holakots, hefur Hólakot veiðirjett

Hólum 14. Des. 1921

f. h. eigand Holakots Nyjabæjar og; 9/20 úr Hólum  
Magnús Kristjánsson Sandhólum

Tómas Benediktsson (eigandi að 11/20 úr Hólum)

Kristján Jósefsson (eigandi að 1/3 úr Vatnsenda)

Jón Jónsson (eigandi að 2/3 úr Vatnsenda)



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Július Jakobsson (eigandi að ½ Skaldsstöðum)  
Samþykktur vegna Jórunnarstaða F N. Sigurðsson

Ólafur Sigurðsson eigandi að ½ Skálfsstöðum





Landamerki Nýjabæjar í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. –

Að norðan, milli Nýjabæjar og Árnastaða eru landamerki frá Eyjafjarðará til fjallsegja efstu, beina línu eftir garði þeim sem hlaðinn er út og niður frá Nýjabæ. –

Að sunnan milli Nýjabæjar og Hóla eru landamerkin þannig: I fjallinu suður og upp af Nýjabæ eru þrjú gilskorningar sem allir koma saman úr nyrðsta gilsskorninginum beina línu vestur í vörðu sem hlaðin er neðan til á grundunum. Þá beygir merkjalínan í norður, beint í vörðu sem hlaðin er suður og niður frá Nýjabæ og þaðan beina leið vestur í Eyjafjarðará, um vörðu, sem stendur ofan vert við árbakkann og stefnir merkjalína þessi í gilsskorning niður við ána vestan megin.

Eyjafjarðará ræður merkjum að vestan en að austan efsta fjallsbrún

Upprekstrarland á Hólaafrjett á Nýibær endurgjaldslaust.

I svo nefndu Holavatni sem skilur lönd Vatnsenda og Hólakots Hefir Nýjabær veiði rjettindi.

Hólum 14. Des 1922.

f. h. Eigenda Nýjabæjar, Hólakots, og 9/20 ur Hólum

Magnús Kristjánsson Sandhólum

Tómas Benediktsson eigandi að 11./20 úr Hólum

Frímann Jóhannesson umráðandi að ½ Arnarstöðum

Jón Tómasson eigandi að ½ Arnarstöðum

Sveinbj. Sigtryggsson eigandi Kolgrímastaða



Landamerki sjalfseignarjarðarinnar Neðstalands í Öxnadalshreppi. –

Að norðan eru merkin í miðjan Syðri-reiðhól og beint upp í storann stein, sem er a syðri – háa skeiðarenda. Virgirðing er á merkjalinu þessari

Að sunnan ræður varða hlaðin á merkjaskriðu beint suður af merkjagili sem liggur beint á fjall upp

Að austan ræður fjallsbrúin.

Að vestan ræður Öxnadalssá suður að gömlum árfarvegi, þá eftir þeim farvegi, vestan við Neðstalandsbólma suður að Miðlands landamerkjum.

Jörðin er talinn að eiga fríann upprekstur a Almenning.

Neðstalandi 8. Júní 1922

Jóhann Sigurðsson

Samþykktur vegna Meðlands

Þverá 8. Júní 1922

Stefan Bergsson

Samþykktur vegna Syðri Bægisá 21. Júní 1922

Snorri Þórðarson



Landamerki jarðarinnar Kollugerði í Glæsibæjarhreppi

Að norðan bein lína úr gras þúfu í miðju Viðarholtsviki í Guddumel vestur við Lónið. –

Að austan bein lína úr merkjaþúfu sunnan til við Viðarholtsvikið í aðra merkjaþúfu, norðan við merkjalínu þá sem er milli Rángárvalla og Kollugerðis, og sem nú ræður merkjum milli þessara jarða (að sunnan). –

Að vestan bein sjónhending alla leið norður að norðurmerkjum eftir tveim norðum sunnan til á merkjalínunni milli Rangárvalla og lögmannshlíðar

Akureyri 26. Júní 1922

Sigtryggur Jónsson

Samþykkur vegna Mýrarlóns og Bændagerðis

f. h. bæjarstj. Akureyrar

Jón Sveinsson

Samþykkur vegna Rangárvalla

Þorsteinn Helgason

Samþykkur vegna Mýrarlóns

Einar G. Jónasson

oddviti Glæsibæjarhr.

Samþykkur vegna Lögmanshlíðar

Sigtryggur Jónsson



Landamerki jarðarinnar Djúpárbakki í Glæsibæjarhreppi eru þessi:

Að norðan móts við Trjestaði:

Svo kölluð Ferjuklauf við Hörgá og þaðan lækarseyra upp að vörðu sem er efst í klaufinni. Þaðan bein lína í Vaðstein á Vaðhól og þaðan sama beina lína í vörðu á Rollhól þaðan sjón hending í vörðu sem er við lækjarkrók utan og austan við litinn hól á svonefndum Grænabakka. Þegar línan kemur í lækinn hjá vörðunni, ræður lækurinn (þórustaðalækur) merkjum úr því suður á móts við þórustaðaklöpp sunnanverða. –

Læk þennan sem nefndur er þórustaða lækur eiga Trjestaðir óskiftann.

Djúpárbakki á fría veiði og uppdrátt í Hörgá frá ferjuklauf að Trjestaðalækjarós þar sem hann fellur í Hörgá.

Ofanritaðri merkjalýsingu erum við undirritaðir samþykkir sem eigendur og ábúendur tjeðra jarða og því til staðfestu eru eigin handar nöfn okkar. –

Trjestöðum og Djúpárbakka,  
Halld. Árnason.

Sigurvin Jónsson



Landamerki fyrir jörðina Bændagerði í Glæsibæjarhrepp

Að norðan eru merkin úr steinlímdri vörðu á sjóarhömrum, og yst í Kríugerði, og þaðan beina línu vestur í minn Viðarholtsvík. Þaðan að vestan eptir vörðunni niður að vörðu er stendur utan við svo kallaðann merkis hól, og frá henni beint austur í Glerá. Úr því ræður Glerá merkjum að sunnan, niður í neðsta nef eða klöpp sem stendur syðst og austast norðan við ána, þar sem melarnir beygjast til norðausturs, og þaðan í sýkji!<sup>1</sup> [Innskot á spássíu]<sup>síki</sup> sem liggur neðan við Holtsklöpp og Heingingarklöpp; og eftir þeirri beinu línu í sjó fram, þar sem klapparnefin ber saman. Síðan ræður sjór norðu að aðurnefndri sements vörðu á sjóarhömrum.

Akureyri 26 Júní 1922

Jón Sveinsson

Samþykkur vegna Oddeyrar

H/F Hinar sameinuðu isl. verðslanir

Jón C. F. Arneson

Samþykkur vegna Syðra-Krossaness

útibú Landsbankans Akureyri

Julius Sigurðsson

þor. Vestmann

Samþykkur vegna Kollugerðis

Sigtryggur Jónsson

---

<sup>1</sup> Undirstrikun og upphrópunarmerki virðast vera bætt við síðar, auk innskots á spássíu.



Landamerkjabrjef fyrir Krosshóls land.

1. að norðan á móts við Kverhól liggur gamall og glöggur merkisgarður frá Skiðadalsá og upp i miðja fjallshlið og þaðan beint upp fyrir sunnan svonefndan Syðri-Strák og þaðan yfir þveran Kálfadal og þaðan upp sunnan við svo nefnda Siðukletta og upp með þeim á fjall upp.
2. að austan ræður Skiðadalsá framað afrjettargirðingu
3. að sunnan móts við Sveinsstaða afrjett liggur gaddavirsgirðing frá Skiðadalsá og meira en upp i mitt fjall og þaðan beint á fjall upp. Girðing þessi er merki á milli afrjettar lands og Krosshólslands
3. á fjalli uppi á móts við Kóngsstaðadal eða land, á Krosshóll land þar til hallar vestur af og á miðjan flata þar sem hann er um að ræða

Krosshóli 16 Des. 1921

Sigurður Olafsson

Samþykkur vegna Kverhóls: Óskar Kr. Júlíusson

Samþykkur vegna Sveinsstaða: f. h. hr. Þorsteinn Jónsson

Samþykkur vegna Kongsstaða: Jóh. Johannsson



### Landamerki Hóla í Eyafirði

Að sunnan, á milli Hólakots og Hóla, eru merkin þannig: Mýrinni, sem er austan við tún áðurnefndra jarða, er garðbrot upp við vörzlugirðingu jarðanna. Garðbrotið liggur frá austri til vesturs. Merkin eru frá garðbrotinu og í vestur eftir glöggum merkjum, og að skurði, sem er austan við Hólatún. Þá liggja þau suður með skurðinum (45 metra) og í vörðu, sem er austan við skurðinn. Frá þeirri vörðu liggja þau í beinni línu yfir lítinn hól, sem er syðst á svokallaðri kirkjudagsláttu og í klöpp, sem er skamt vestur af suðvestur horni kirkjugarðsins. Þaðan liggja þau í suður eftir Hólbarði. Á barðinu eru þrjár klappir með litlu millibili. Merkjalinan liggur suðurí mið klöppina og frá henni í suðvestur og í vörðu, sem er syðst á svökölluðum lambhúsvelli, og lítið eitt norðan við vatnsveituskurð, sem liggur frá austri til vesturs. Þaðan beygja þau í vestur og liggja í beinni línu eftir sjónhendingu í svokallaðan Grástein, sem er í Skáldstaða landareign.

Að vestan ræður Eyafjarðará merkjum, eins og hún rennur nú.

Að norðan eru merkin þannig: Í fjallinu suður og upp frá Nýabæ eru þrír gilskorningar, sem allir koma saman í eitt í giljabotnunum. Eru merkin úr nyrsta gilskorningnum beina línu vestur á merkjavörðu, sem hlaðin er neðan til á grundunum. Þá beygir merkjalínan í norður og beint í vörðu, sem hlaðin er suður og niður frá Nýabæ. Þaðan beina leið vestur í Eyafjarðará um vörðu, sem er ofanvert við árbakkann. Stefnir merkjalína þessi í gilskorning niður við ána að vestanverðu. Ábúendur Hóla hafa heimild til, að halda við og nota áveituskurði þá, sem liggja um Hólakotstún, eins og hingað til hefir átt sér stað. Einnig hafa þeir heimild til, að nota bæjarlækinn í Hólakoti til áveitu, en þó þannig, að það komi ekki í bága við hagsmuni Hólakotsbónda. Þar að auki hafa ábúendur Hóla, í félagi við ábúendur Hólakots, heimild til að nota svo nefndan Hryggjarlæk, sem tekinn er í Vatnsendalandi.

Hólum tilheyrir svonefnt Hólavatn, norðan við merkjalínuna, sem skilur lönd Vatnsenda og Hólakots.

Beitiland Hóla, Hólakots og Nýabæjar, liggur austan (ofan) við vörzlugirðingu jarðanna, út og suður það sem löndin ná og til fjalls, allt austur á miðja brún. Beitlandið er sameiginlegt fyrir áðurnefndar jarðir.

Afréttarland er sem hér segir: Á Eyafjarðardal austanverðum, er þverá, er Klaufá heitir. Við hana er hlaðinn fyrirstöðugarður. Gegnt þessum garði, er annar garður vestan megin árinna. Eiga Hólarafrétt frá Klaufá og garðinum vestan megin, og fram það, sem dalurinn nær, á efstu fjallsbrún að austan og að sýslumótum að vestan.

Vörzlugirðing sú, gerð af gaddavír, ca 1700 m. á lengd, sem nú stendur fyrir framan Tjarni, norðan við svonefndan Glerárdal, hefir verið kostuð að 2/3 hlutum af ábúanda Tjarna, og að 1/3 hluta af ábúendum Hólatorfunnar, og skal viðhaldskostnaðurinn skiftast á sama hátt,



nema hvað viðhaldskostnaður á hliði því, sem á girðingunni er, hvílir eingöngu á ábúanda Tjarna. Á meðan girðing þessi stendur á sama stað, hafa Tjarnir og Hólatorfan (Hólar, Hólakot og Nýibær), gjaldfrían upprekstur fyrir afréttarpening sinn á Eyafjarðardal austanverðan, eins og að undanfögnu, framan við girðinguna. Ennfremur eiga Tjarnir þar gjaldfría beit, fyrir nautgripi þá og brúkunarhross, sem tilheyra jörðunni. Rétt til að taka fénað á dalinn af öðrum, hafa Tjarnir og Hólar að sinum helmingi hvor.

Með framanritaðri merkjalýsingu og samþykkt hlutaðeiganda um sameiginleg afnot Eyafjarðardals, austan megin árinna, eru allar eldri merkjalýsingar og samþykktir sem landamerki á milli Tjarna og Hóla úr gildi numdar, og sömuleiðis ágreiningur sá, sem verið hefur, um ítök eða afnotarétt annarar hvorrar jarðarinnar í land hinnar, fallinn niður. –

Hólum, 15. júní 1923

Tómas Benediktsson (eigandi að 11/20 úr Hólum)

Eftir umboði eigenda Tjarna

Davíð Jónsson

Jón Siggeirsson (eigandi að 1/5 úr Hólum)

Magnús Kristjánsson, umráðam. að 9/40 úr Hólum

Jón Tómasson (eigandi að ½ Arnarstöðum)

Júlíus Jakobsson (eigandi að ½ Skáldstöðum)

Frímann Jóhannesson (umráðam. að ½ Arnarstöðum)

Ólafur Sigurðsson (handsalað) eigandi að ½ Skáldstöðum

Sveinbjörn Sigtryggsson (eigandi að Kolgrímastöðum)

Kristján Jósefsson, eigandi að 1/3 Vatnsenda

Jón Jonsson, eigandi að 2/3 Vatnsenda

Guðmundur Jónsson, eigandi þormóðsstaða.

Lesið á manntalsþingi Saurbæjarhrepps 19. júní 1923





### Landamerki Tjarna í Eyafirði

Að norðan: á milli Halldórsstaða og Tjarna, er gamall en glöggur merkjagarður á láglandinu, en eftir að honum sleppir, eru merkin bein stefna til fjalls, ~~á milli Tjarna og Hóla-afrétta~~ upp fyrir sunnan svonefndan Geldingaklett.

Að austan: eru landamerkin á miðju fjalli brúna á milli.

Að sunnan ræður merkjum á Eyafjarðardal, á, milli Tjarna- og Hóla-afrétta, svonefnd Klaufá.

Að vestan: Eyafjarðará eins og hún rennur nú, nema hvað land það, svonefndur Tjaldbakki, sem síðan 1888 hefir legið vestan árinna, er eign Tjarna, vestur í miðjan gamla árfarvegin.

Vörslugirðing sú gerð af gaddavír ca. 1700m. á lengd, sem nú stendur fyrir framan Tjarni, norðan við svonefndan Glerárdal, hefir verið kostuð að 2/3 hlutum af ábúanda Tjarna, og að 1/3 hluta af ábúendum Hólatorfunnar, og skal viðhaldskostnaðurinn skiftast á sama hátt, nema hvað viðhaldskostnaður á hliði því, sem á girðingunni er, hvílir eingöngu á ábúanda Tjarna. Á meðan að girðing þessi stendur á sama stað, hafa Tjarnir og Hólatorfan (Hólar, Hólakot og Nýibær), gjaldfrían upprekstur fyrir afréttarpening sinn á Eyafjarðardal, framan við girðinguna, og enn fremur eiga Tjarnir þar gjaldfría beit, fyrir nautgripi þá og brúkunarhross, sem tilheyra jörðunni. Rétt til að taka fénað á dalinn af öðrum, hafa Tjarnir og Hólar, að sínum helmingi hvor.

Með framanstæðri merkjalýsingu og samþykkt hlutaðeigenda, um sameiginleg afnot Eyafjarðardals, austan árinna, eru allar eldri merkjalýsingar og samþykktir um landamerki milli Tjarna og Hóla, úr gildi feldar, og sömuleiðis ágreiningur <sup>sá</sup>, sem sem verið hefir, um ítök eða afnotarétt annarhvorra jarðarinnar í land hinnar, fallinn niður.

p. t. Hólum Eyafirði, 15. júní 1923.

Í umboði eiganda Tjarna.

Davíð Jónsson.

Tómas Benediktsson, eigandi að 11/20 úr Hólum

Jón Tómasson (eigandi að ½ Arnarstöðum)

Fyrir hönd eigenda að hálfum Arnarstöðum

Frímann Jóhannesson

Sigtryggur Guðlaugsson, eigandi að Halldórsstöðum



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

– handsalað –

Jón Siggeirsson (eigandi að 1/5 úr Hólum).

Sem umráðamaður að rúmum 1/5 úr Hólum  
Magnús Kristjánsson

Jón Jóhannesson eigandi Holsgerðis

Eggert Davíðsson, sem umráðamaður Ulfár.

Guðmundur Jónsson (eigandi þormóðsstaða).

Lesið á manntalsþingi Saurbæjarhreppi, 19. júnímánaðar 1923



Útskrift úr Landskiftingabók Eyafjarðarsýslu.

Ár 1920, hinn 7. dag júlímánaðar voru úttektarmenn Hrafnagilshrepps: Davíð hreppstjóri Jónsson á Kroppi og Júlíus Ólafsson bóndi í Hólshúsum, staddir að Ytra-Gili og Vöglum í Hrafnagilshreppi, til þess eftir ósk <sup>eigenda</sup> nefndra jarða, að skifta sameignar beitolandi milli þeirra og ákveða nánar, engjamerki, og fóru skifti beitolandsins fram, samkvæmt lögum 43, 10. Nov. 1913. – Einnig er mættur sem oddamaður við gerð þessa, Hallgrímur Hallgrímsson, hreppstjóri í Kaupangi, samkv. skipunarbréfi sýslumannsins í Eyafjarðarsýslu 9. f. m. Viðstaddir eru eigendur jarðanna, þeir: Kristján P. Skjöldal á Ytra Gili og Benedikt Tryggvason á Vöglum.

Eftir að skoðað og mælt allt beitolandið allnákvæmlega og athugað gæði þess og gengið á engjamerkin, höfum við orðið ásáttir um:

Engjamerki: Neðst ræður skurður frá Eyafjarðará og uppað brekkum, og þaðan bein stefna eftir vörðum í gróf, spolkorn sunnan við túnið á Vöglum, og uppeftir grófinni á móts við svo kallaða nónlöpp.

Bithagi: Neðst ræður varða á Nónlöpp, 60 faðma fyrir norðan merkjagrófina, þaðan bein lína til fjalls í vörðu á Beizlabrekku, þaðan í vörðu á Laugahjalla, þaðan í vörðu yzt á Skollahjalla, þaðan eftir sömu stefnu, beina línu vestur að Kristneslandi.

p. t. Ytra-Gili, 7. júlí 1920.

Davíð Jónsson, Júlíus Ólafsson

Hallgrímur Hallgrímsson

Sem eigandi Ytra-Gils, samþykkur: Kristján P. Skjöldal

Sem eigandi Vagla, samþykkur: B. Tryggvason,

Retta útskrift staðfestir:

Skrifstofa Eyafjarðarsýslu og Akureyrar, 5. júní 1923

Lesið á manntalsþingi Hrafnagilshrepps 20/6. 1923.



Landamerki Kífsár í Glæsibæjarhreppi í Eyafjarðarsýslu.

Að sunnan: Frá stórum steini, sem stendur á kollóttum mel vestan við Lónið, beint í krók á Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum. Síðan ræður Merkjalækurinn merkjum upp á Fjall.

Að austan: Ræður Lónið.

Að norðan: Úr Lóninu í gamlan farveg Hrappsár. Síðan eftir læk, er rennur næst fyrir norðan Hrappstaðaá, og svo beina línu úr honum, upp í syðra gilið, er liggur í gegnum Hrappstaðaskálabrún, og svo þaðan beina leið á fjallsbrún.

Að vestan: Ræður fjallsbrún.

p. t. Kífsá, 24. júní 1922.

Hallgrímur Hallgrímsson  
umboðsmaður eiganda jarðarinnar

Samþykkur vegna jarðarinnar Hrappstaða, sem er sameign  
Hallgrímur Hallgrímsson

Samþykkur vegna eignarjarðar minnar Hesjuvalla  
Vilhjálmur Jónasson

Samþykkur vegna Jarðarinnar Mýrarlóns  
Fyrir hönd Glæsibæjarhrepps.  
Einar G. Jónsson, Oddviti

Lesið á manntalsþingi Glæsibæjarhrepps, 21. júní 1923.



### Hrappstaðair

Breyting á landamerkjum <sup>Hrappstaða</sup> í Glæsibæjarhreppi í Eyafjarðarsýslu.

Að sunnan – – – – „ upp í Hrappstaðagil“. Síðan eftir læk, er rennur næst fyrir norðan Hrappstaðaá, og svo beina línu úr honum uppí syðra gilið, er liggur í gegnum Hrappstaðaskála brún, og <sup>svó</sup> þaðan beina línu á fjallsbrún.

p. t. Hrappstöðum 24. júní 1922  
Hallgrímur Hallgrímsson  
umboðsmaður eigenda jarðarinnar

Sam<sup>bykkur</sup>ningur vegna jarðarinnar Kífsár, sem er sameign.  
Hallgrímur Hallgrímsson.

Lesið á manntalsþingi Glæsibæjarhrepps 21./6. 1923



Landamerkjabréf milli Hjalteyrar og Ytri-Bakka

Við undirrituð, Jónas og Jónasson og Jörundur Jóhannesson eigendur Hjalteyrar í Eyafjarðarsýslu og Anna Friðriksdóttir eigandi jarðarinnar Ytri-Bakka í Arnarneshreppi í sömu sýslu, höfum komið okkur saman um ~~at~~ svohljóðandi landamerki á milli áðurnefndra eigna.

Að sunnan: ræður merkjum frá sjó bein lína milli tveggja staura, fimm álnir sunnan við svonefnt Knútshús. Frá efri staurnum beinæ lína í merkjastaur í enda túngarðsins ofan við svonefnt Hjalteyrartún, og ræður sá túngarður merkjum alla leið út í Hjalteyrartjörn.

Túngarðurinn auðkendur með merkjastaurum (fjórum að tölu.).

Af landamerkjabréfi þessu eru til tvö samhljóða eintök, og heldur sinn aðili hvoru.

Hjalteyri, 21. Okt. 1923.

Jónas Jónasson                      {fyrir hönd Hjalteyrar  
Jörundur Jóhannesson

Anna Friðriksdóttir  
fyrir hönd Ytribakka

Vitundarvottar:  
Hallgrímur Hallgrímsson  
Lúðvig Möller. –

Þinglesið á manntalsþingi Arnarneshrepps.  
28. júní 1923.



Hofsá og Skeggstaðir í Svarfaðardalshreppi.

Þann 14. júní 1918, hefi ég undirritaður, eftir beiðni eigenda jarðanna Hofsár og Skeggstaða, gengið á merki nefndra jarða, og látið uppi álit mitt um það, hvernig beri að skilja merkjalýsingu þá, sem fyrir liggur, og verið hefir í gildi nú yfir 30 ár, en vafi hefir verið á, hvernig beri að skilja. –

Hlutaðeigendur eru samþykkir álitinu mínu, og rita nöfn sín undir það, en álit mitt er svohljóðandi:

Þaðan sem merkjarðurinn slitnar ofan við göturnar á melunum, ræður sama stefna, sem hann hefir síðast haft fram á melbakkabrunina, þar sem garðurinn sýnist koma fram aftur, þaðan ræður bein lína vestur yfir mýrina og bakkana að Bakkamerkjum, eftir sömu stefnu og merkjarðurinn hefir niður hlíðina og engið, áðuren hann beygist suður og vestur á melbarðið. Þessi lína frá áðurnefndu garðmóti á melbrekkubruninni, stefnir í litla grasi gróna sýtingu í miðjum mel þeim, sem er norðan við klauf í melana vestan Svarfaðardalsár, sem fyrst kemur fram, norðan landamerkjanna, milli Bakka og Syðra-Garðshorns. –

G. Jónsson

samþykkur sem eigandi Hofsár

Samþykkur sem eigandi Skeggstaða

Bergur Jónsson (handsalað)

Jón Jóhannsson

Vottar

Sigrún Valdemarsdóttir

Rannveig Stefánsdóttir.



Landamerki Syðsta Kambhóls í Arnarneshreppi.

Að sunnan ræður til móts við Kjarna tvær vörður í gomlum merkjagarðsstúf við læk milli bæjanna, og bein lína gegnum þær frá sýsluveginum á fjall upp. að norðan eru merkin til móts við Syðri-Kæmþól bein stefna úr merkjastaur við sýsluvegin í annan merkja staur, er stendur beint á milli bæjanna við læk, er skilur tún jarða<sup>nna</sup> ~~innar~~, eins og þau nú eru, og svo bein stefna úr síðarnefnda staurnum í miðjar stekkjarrústir, á svo kölluðum „Steinahjalla“, og þaðan bein stefna á fjall upp, um suðurendann á Kambhólsskíl. Að austan til móts við Arnarnes, ræður sýsluvegurinn, eins og hann nú liggur.

Syðstakambhóli 17. júní 1923

Friðrik Guðmundsson

Landamerkjum þessum samþykkur sem eigandi Kjarna

Árni Ólafsson

Ofanrituðu samþykkur sem eigandi Arnarness.

Guðm. Magnússon.





Útskrift úr dómssmálabók Eyafjarðarsýslu og Akureyrar.

Ár 1922, fimmtudaginn þann 12. okt., var landa merkjadómur Eyafjarðarsýslu, settur og haldinn á Syðsta-Kamphóli í Möðruvallasókn af sýslumanni og bæjarfógeta Steingrími Jónssyni, ásamt meðdómsmönnum: Hannesi bónda Davíðssyni á Hofi, og Rosenkar Guðmundssyni bónda á Kjarna.

Var þar og þá tekið fyrir:

Landamerkjamálið:

Eigandi og ábúandi jarðarinnar Syðra-Kamphóls

Stefán Baldvinsson

gegn

Eiganda og ábúanda Syðsta-Kamphóli

Friðrik Guðmundssyni

Komst eftir nokkrar umræður á með málspörtunum svohljóðandi ~~sæ~~

Sætt:

Landamerki milli jarðanna Syðra Kamphóls – og Syðsta Kambhóls skulu vera:

Bein stefna úr staur, sem merkjadómendurnir ráku niður, beint á milli bæjanna við læk þann, er skilur tún jarðanna, eins og þau nú eru, í staur sem þeir ráku niður við sýsluvegin nálægt 6 – sex – föðmum sunnan við endann á merkjagirðingunni milli Galma'æstaða og Arnarnessæ. En til fjalls. bein stefna úr áður nefndum staur, beint á milli bæjanna í miðjar stekkjarrústir, á svo kölluðum – „Steinahjalla“, og þaðan beina stefnu á fjall upp um suðurendanum á „Kambhólsskál“. – Skyld er málsaðilum að gera merki þessi greinleg og varanleg, og kosta þeir þá merkjagerð að helmingi hvor.

Kostnað merkjadómsins – 80 – áttatíu krónur – greiða málsaðilar að helmingi hvor.

Stefán Baldvinsson

Friðrik Guðmundsson

Sættin var upplestin í réttinum og undirskrifuð af málsaðilum báðum.

Rétti slitið

Steingrímur Jónsson

Hannes Davíðsson.

Rósenkar Guðmundsson.

Réttan útdrátt staðfestir



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Skrifstofu Eyafjarðarsýslu og Akureyrar, 31. maí 1923

Steingrímur Jónsson

(Embættisstimpill.)

Ritlaun

1 – ein króna -



### Landamerki fyrir Bakka í Svarfaðardal

Að sunnan móts við Steindyr frá Svarfaðardalsá í klauf utar en í miðjum Bakkamel og í stóran stein, sem stendur framan í brekku skamt fyrir ofan. Úr þeim steini bein lína eftir hnausavörðum upp móana í vörðu á sunnan og ofanverðum Stekkjarhól, þaðan í hnausavörðu við lítinn læk og svo eftir honum lítinn spöl upp fyrir göngugarð, þaðan eftir vörðum við gamlan lækjarfarveg í stóra þúfu og þaðan suður og upp í klauf milli Engjahóla. Þaðan í steina þrjá, sem standa í réttri röð, og er sá neðsti á næsta holtbarði ofan við þvergirðingu en sá efsti á Hólabrún. Fyrir ofan Holabrún tekur við oskift land.

Að norðan móts við Syðra-Garðshorn, sem liggur frá Svarfaðardalsá í stein, sem stendur í melnefi skamt upp frá ánni, þaðan upp eftir Merkjaklauf og réttlínis upp í svonefndan merkistein, fyrir neðan akbrautina, sömu stefnu upp í skurð í enginu og upp með honum, þaðan upp með laut utan við Bakkagerðisbæ uppí staur við lækinn, skamt fyrir neðan þvergirðingu, og síðan eftir læknum uppí Syðstahaus, þaðan í stóran stein í svokallaðri Efribrún og síðan sömu stefnu á fjall upp.

Að austan móts við Hofsá, Skeggstaði og Hofsárkot norðan frá Skíðadalsá eftir vilpu, þar til hún beygir austur á við, þá eftir girðingu suður á við eftir milli tveggja fornra farvega, sem liggja út og suður nálægt miðjum bökkum (Sambr. kort af Bakkabökkum, gert í Maí 1918). suður að beinni línu úr merkjaskurði austan ár, vestur á syðra Bakkamelshorn. Eftir henni móts við Skriðukot, vestur í Svarfaðardalsá.

St. á Bakka 11. maí 1921.

Hallgrímur Hallgrímsson  
(Hreppstjóri)

Samþykktur fyrir Steindyr  
Baldvin Jóhannsson.

Samþykktur fyrir Syðra-Garðshorn  
Júlíus Daníelsson.

Samþykktur fyrir Hofsá  
Bergur Jónsson (14/8. 1923.)

Samþykktur fyrir Hofsárkot.  
Gunnlögur Sigurðsson

Samþykktur fyrir Skriðukot



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Fr. Jóhannsson.

Samþykktur fyrir Seggstaði

Dalvík 29. Ágúst 1923.

Jóh. Jóhannsson.

Þinglesið á manntalsþingi Svarfaðardalshrepps 27. júním. 1924.



Útskrift úr dómsmálabók f. Eyafjarðarsýslu

Ár 1924, þriðjudaginn 30. sept var landamerkja dómur Eyafjarðarsýslu, settur á skrifstofu sýslunnar á Akureyri með sýslumanni og bæjarfógeta Steingrími Jónssyni og meðdómsmönnum þeim: Kristjáni bónda Jónssyni í Glæsibæ og Jóhannesi bónda Júlíussyni á Syðra-Brennihóli

Var þar og þá tekið fyrir  
Landþrætumálið:

Pétur Jóhannsson  
Eigandi og ábúandi Ytra-Brennihóls  
Gegn  
Jóni Baldvinssyni  
eiganda og ábúanda Pétursborgar

og í því uppkveðinn svonefndur:

Dómur

Landsvæði ###

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðanna Ytra-Brennihóls og Pétursborgar í Glæsibæjarhreppi skulu vera: Bein stefna úr Hólsnefi sunnan verðu, þar sem nú er landamerkjagirðing Blomsturvalla og Pétursborgar í gamlan heygarð skamt fyrir ofan Lónið og þaðan sömu stefnu eftir vörðu í myrinni í Einarstaðakeldu, 12 föðmum sunnan við hornmerkið milli Brennihóls og Einarstaða. Að vestan verðu Einarstaðakelda.

Af kostnaði merkjadómendanna greiði Pétur Jóhannsson bónda á Ytra-Brennihóli 64 krónur, en Jón Baldvinsson bóndi á Pétursborg 16 krónur. Málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá löglegri birting birting dóms þessa, að við lagðri aðför að lögum.

Steingrímur Jónsson

Kristján Jónsson

Jóhannes Júlíusson

Dómurinn var í réttinum upplesinn og undirritaður

Rétti slitið

Steingrímur Jónsson

Kristján Jónsson

Jóhannes Júlíusson



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Rétta útskrift staðfestir eftir nákvæman samanburð.

Skrifstofu Eyafjarðarsýslu og Akureyrar, 12 júní 1925

Steingrímur Jónsson

L. S.

Gjald 1 – ein – króna

greitt



Landamerki milli jarðanna Skóga og Steðja í Glæsibæjarhr.

Bein lína úr vörðu niður við ána í vörðu á Jónshól – vörður, er ákveða þá línu nánar eru á móbarði, 40 metra fyrir ofan yzta garð á Skógabokkum á Neðstahalli á Steingerðishalli og á Grænholtshalli. Úr Jónshól er bein lína á Viðarklopp, þaðan í miðjan Einirhól og suður í Bauluhól.

16. júlí, 1925

Fyrir jörðina Skóga, er ég sem eigandi samþykk  
Svanfríður Bjarnadóttir, Skógum.

Fyrir jörðina Steðja er ég sem umboðsmaður samþykkur.  
Pétur Jóhannsson

Finnsstað, 22. júní 1926

þingl. Kr. 1.00  
stimpilgj. – 3.00  
Kr. 4.00



Landamerki milli Myrkár annarsvegar og Saurbæjar og þúfnavalla hinsvegar.

milli Myrkár og Saurbæjar eru landamerkin grjótgarða á vestari Hörgárbakka og þaðan bein lína, er skerst í gegnum sunnan vert dý á höllunum neðst í Svartagil. þaðan ræður gilið á fjall upp og svo eftir miðju fjalli beint á hæsta tind Stórahnjúks og þaðan eftir háfjallinu vestur á Myrkarjökul.

Myrká og þúfnafjöllum 14. júní 1926

Guðmundur Guðmundsson

Baldur Guðmundsson

Skafti Guðmundsson

Eigendur þúfnavalla og Saurbæjar

Ármann Hannsson

(Eigandi Myrkár)

Þingl. á manntalsþingi Skriðuhrepps 24/6. 26.





Útskrift úr dómsmálabók fyrir Eyafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað

Ár 1925, Laugardaginn 10. okt. kl. 7 e. h. var merkjadómur Eyafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar settur í Brekkugötu N<sup>o</sup> 6 á Akureyri og haldinn af settum dómstjóra, cand. juris Böðvari Bjarkan, með með domendum Sigurjóni Sumarliðasyni bónda að Ásláks stöðum og Stefani Jónasyni, bónda að Múnkaþverá

Var þar og þá fyrirtekið

Landamerkjamálið: Bæjarstjóri Akureyrar kaupstaðar, sem eiganda jarðarinnar  
Stóra Eyrarlands  
gegn

Stjórn Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar f. h. sjóðsins sem jarðarinnar Kristness, og Mariu  
Jónsdóttur, eiganda Reykhúsa og í því uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðanna Stóraeyrarlands annarsvegar og Reykhúsa hinsvegar skulu vera þessi: Frá nyrðri-Súlutindi beina stefnu í Stakaklett, en þaðan beina stefnu mitt á milli Syðri ~~en þaðan beina st~~ Stórhæðar og Steinmanna og ræður lína þessi merkjum svo langt, sem lönd beggja jarðanna ná.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför; Dómurinn var í heyranda hljóði upplessin í réttinum

Böðvar Bjarkan  
Settur

Sigurjón Sumarliðason

Stefán Jónsson

Frekara ekki fyrirtekið. Rétti slitið

Boðvar Bjarkan

Rétt eftirrit staðfestir.

Skrifstofu Eyafjarðarsýslu og Akureyrar

19./7. 1926

Jón Steingrímsson

fr.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Bls. 85 II

þingl. á manntalsþingi Akureyrar

14. Ágúst 1926



Útskrift úr dómsmálabok fyrir Eyafjarðarsýslu og Akureyrarkaupst.

Ár 1925, Laugardaginn 10. okt, kl. 7 e. h. var merkjadómur Eyafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar, settur í Brekkugötu N<sup>o</sup> 6 á Akureyri og haldinn af settum dómstjóra, cand. Juris Böðvari Bjarkan, með meðdómendum Sigurjóni Sumarliðasyni, bónda að Ásláksstöðum, og Stefáni Jónssyni, bónda að Múnkaþverá

Var þar og þá fyrirtekið  
Landamerkjamálið:

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar  
f. h. kaupstaðarins sem eiganda  
jarðarinnar Kjarna  
gegn  
Stjórn Legastjóðs Jóns Sigurðssonar  
f. h. sjóðsins sem eiganda jarðarinnar Hvamms  
og í því uppkveðinn svo feldur

Dómur:

Því dæmist rétt vera

Landamerki milli Hvamms og Kjarna skulu vera þessi: Frá Eyafjarðará vestur yfir Flæðarnar eftir merkjaskurði, er stefnir í lautarbolla austan í Hvamms holti, rétt fyrir ofan Akveginn; þaðan beina stefnu í stærsta steininn undir Langakletti, .ann sem merkja girðing liggur nú rétt norðan við; frá steini þess um stefnu á Syðri-Stórhæð sunnanverða, og ræður lína svo langt, sem lönd beggja jarðanna ná.

Dómurinn að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá logbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.  
Dómurinn var í heyrenda hljóði upplesinn í réttinum.

Böðvar Bjarkan  
settur

Sigurjón Sumarliðason

Stefán Jónsson

Rétt eftirrit staðfestir

Skrifstofa Eyafjarðarsýslu og Akureyrar, 19/7. 1926



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Jón Steingrímsson

fttr.

Bls. 86 II

þingl. á manntalsþingi AK.

14. Ágúst 1926



### Landamerki Hátúna í Árskógshreppi.

Að norðan skilur lönd Stærra-Árskógar annarsvegar en Hátúns g Kálskynnanna hinsvegar, bein lína frá merkjahnaus í suðausturhorni Staðamós umm sunnanverðan – Ytri-Votaklett, Villingaborgir, norðurbrunn Ystu-lága og þannig upp miðjan Kötluháls. á öllum þessum örnefnum að bera saman og þau að mynda beina stefnu á norðanverðan Grundarhnjúk. Síðan eru merkin suður miðjan hálsinn, vestan við Kötluhól í beina stefnu á Hrutakletta. Vestan frá Kötluhálsi og allt niður að gamla sýsluvegi, en land allt óskiptu milli kálfskynnanna og Hátúns, nema til slæгна. Frá vegi þessum eru suðurtakmörk Hátúns frá kálgarðsvegg í kvíaból beint niður túnið að bugðu bæjarlækarins í Hátúni, skammt sunnan og ofan við bæjinn. Þaðan ræður svo lækurinn merkjum niður – fyrir Brekku og allt austur í Grafarlæk. Grafarlækurinn skilur svo á milli Selárbakka og Hátúnsengja annars vegar en Selárlands hinsvegar allt út að Stórapolli við Ytri-Selárbakkamógrafir. Úr stórapolli gildir svo bein lína að merkjahnausum í suðausturhorni Staðarmós.

Frá gamla sýsluvegi skiptist land allt annað en tún, í spildur frá norðri til suðurs. Ofan Brekkna eiga Hátún og Syðra-Kálfskynni sína Spilduna hvort, en neðan Brekkna Hátún og Selárbakki. Ofan Brekkna eru aðalspildurnar þrjár og sú efsta tvískipt um þvert eptir beinni línu frá Syðra-Grásteini í neðanverðum Háamel og austur að merkjasteini í neðanverðu Rauðaholti, sem er orskamt suðvestur við haug Hræreks konungs. Á Hátún syðri-spilduna, en Syðra-Kálfskynni þá ytri. Austurtakmörk þessarar spildu eru bein lína frá merkjasteini í Rauðaholti að Stórasteini í suðurbrún Kvíahólsbollans. Næstu spildu á svo Syðra-Kálfskynni og er austurbrún hennar bein lína frá suðausturhorni mógrafanna við túngarðinn í Hátúni að merkjahnaus í holtinu stutt fyrir austan Hraukshól. Engjaspilduna austan við þessa línu á svo Hátún allt fram á Brekknabrún. Lágarnar austan í Brekkunum skiptast þannig milli jarðanna, að Hátún á nyrðri lágarnar suður fyrir Ausu, en kálfskynni þær syðri, allt suður að bæjarlæk. Engjaspildurnar og móarnir austan við Brekkurnar skiptast eptir greinilegum merkjahnausum frá norðri til suðurs. Á Hátún Efstuspildu, þriðju spilduna (Miðspildu), og suðurhluta móspildurnar, eða skammt norður fyrir mógrafirnar utan við bæjarlækinn frá Kálfskynni. Ennfremur fylgir Hátúni tunspilda út austan við Syðra-Kálfskynnibæinn og er hún greinilega ummerkt.

Við undirritaðir vottum hjer með með undirskriptum okkar, að framanskráð landamerki sjeu rjett, hver fyrir á jörð, sem jafnframt er tilgreint

23. nóvember 1935

Jóhannes Óli frá Hátúni

Valtýr Jónsson, Selárbakka



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Jóhann Sigurðsson, Selá

Sigfús Þorsteinsson, Syðra-Kalfskynn

Jón Einarson, Ytra-Kálskynni

Samþykkir sem umboðsmaður Stærra-Árskógar og Selár.

Hámundarstöðum 4. marts 1935

Davíð Sigurðsson

Orðrjett uppritað eptir frumriti með eiginhandarundirskriptum viðkomandi manna sem geymt er í mínum vörzlum

Ásgarði 28. marts 1936

(Ólæsilegt nafn)

Jóhannes Óli

Vitundarvottar.

Trausti Jóhannsson

Óli Traustason



Upplesið til þingl. 11/12. 1941. Kl 10  
til þingl. á manntalsþingi arskógshr  
Ltr Kl 334.

Landamerki milli Krossa og Hellu í Arskógshreppi eru sem hér segir:

Norðaustur-takmörk Krossalands móts við Hellu eru frá landamerkjum Litlu Hámundarstaða við Merklæk eftir skurði beina línur í nyrðri bakka ytri Krossagrafa. Þaðan eftir skurði og nú-verandi girðingu bein línur í hornstaur á norðurbakka syðri krossagrafa. Frá þeim hornstaur bein línur suður í merki Krossa og Engiheidar austan þjóðvegur syðst í Krossaleiti. Þaðan á Helluland austan þjóðvegur við Litla-Arskógsmarkjum.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar ábúenda og umráðamanna Hellu og Krossa undirrituð.

Hellu 10. maí 1940

Jóhann Tryggvi Ólafsson

Kristján E. Kristjánsson

Vitundarvottar:

Steingr. Sigursteinsson

Oskar Valtýsson

Stgr. 1,40



Móttekið <sup>14/12. 1942 kl 10</sup> til þinglestur á manntalsþingi Öxnadalshr. 1943. MI 147

### Tilkynning til landamerkjaskrár Eyjafjarðarsýslu

Með kaupsamningi og afsali dags. 20. maí 1936 seldi ég undirritaður Bjarna Kristjánssyni 1/3 Jarðarinnar Steinsstaða í Öxnadal, en undanskildi þó landspildu nyrst í Steinsstaðalandi. Sú landspilda takmarkaðist af landi Efstalandskots að norðan, fjallsbrún að austan, Öxnadalsá að vestan og af girðingu frá Öxnadalsá að sunnan það sem hún nær og eftir stefnu girðingarinnar til fjalls.

Þar sem eg er eigandi þessarar landspildu og hef nytjað hana frá ábylisjörð minni Efstalands Koti, er eg nú hefi eignast með þinglýstu afsali, hefi eg ákveðið, að landspilda sú af Steinsstöðum, er að ofan greinir fylgi her eftir Efstalandskoti og verða þá landamerki þeirrar Jarðar framvegis sem hér segir:

Að vestan, norðan og austan óbreytt frá fyrri landamerkjaskrárlýsingu, en að sunnan færast landamerki suður um nefnda landsspildu, svo að suðurtakmörk landareignar Efstalands Kots verða: Girðing frá Öxnadalsá það sem hún (þ. e. girðingin) nær og eftir stefnu hennar til fjalls.

Efstalandskoti 2. nóv. 1942

Brynjólfur Sveinsson





## Landamerkjagerð milli Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsýslu og Veigastaðar í Suður-Þingeyjarsýslu á sýslumótum.

Ár 1945, þriðjudaginn 17. september vorum við undirritaðir komnir saman á Akureyri, til þess að ljúka landamerkjagerð milli Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsýslu og Veigastaða í Suður-Þingeyjarsýslu.

Einar Árnason, bóndi á Eyrarlandi, er kvaddur til gerðarinnar af sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, leggur hann fram skipunarbrjef sett dags. 27. sept. 1945, Jóhannes Laxdal, hreppstjóri, Tungu, skipaður af sýslumanni Þingeyjarsýslu, hann leggur fram skipunarbrjef sitt dags. 6. sept. 1946, og Friðrik Magnusson, lögmaður á Akureyri, sem skipaður er oddamaður í landamerkjagerðinni með símskeyti dómsmálaráðuneytisins dags. 16. nóv. 1944. Skipunarbrjefin eru tölusett 1-3 í skjölum landamerkjagerðarinnar.

Einar Árnason leggur fram frumrit af landamerkja Ytri-Varðgjár dags. 20. maj 1889 og þinglesið í Öngulstaðamanntalsþingi 19. maj 1890 og innfært í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu bl. 7 2. parti, og er skjalið merkt sem m. 4 í fylgiskjölum landamerkjagerðarinnar.

Gerðamenn hafa allir samtímis gengið á merkin. Fór merkjagangan fram þ. 11. sept. 1945. Auk gerðamanna voru viðstaddir merkjagonguna Tryggvi Jóhannsson, eigandi og ábúandi Ytri-Varðgjár, Þorlákur Marteinsson, eigandi og ábúandi að 1/3 hluta Veigastaða og Geir Jóhannesson, ábúandi á 2/3 hlutum Veigastaða, eign ríkissjóðs. Landbúnaðarráðuneyti hafði verið gert aðvart með símskeyti um það, hvenær merkjagangan fari fram, en enginn var mættur af þess hálfu. Afrit af símskeytinu er lagt fram sem nr. 5 í fylgiskjölum landamerkjagerðarinnar. Við athugun á merkjunum kom í ljós að vörður þær, sem merkjalýsingin, skjal nr. 4, talar um að sjeu á sjáfarbakka, á Stapaklopp og frá Stapaklopp beina stefnu í merkilæk á leitinu, eru nu með ollu horfnar.

Ágreiningslaust er um örnefnið Stapaklöpp, að því fráteknu að Tryggvi Jóhannsson telur að steinar er liggja norðan við klettinn, en þar á milli er gróið sund, beri að telja norðurenda Stapaklappar, og þau hafi verið varða. Þá er ágreiningslaust um klöppina, sunnan við merkilæk á Skeiðunum, er merkjalýsingin á fylgiskjali nr. 4 greinir, og Tvístein.

Eptir þessu virðast merkin vera glögg, að því fráteknu, að ekki er ágreiningslaust um það hvar merkin liggi um Stapaklopp til Sjáfar.

Merkjagerðamenn eru sammála um, að ekki sje auðið að telja steinana eða klöppina ~~er~~, er liggur norðan Stapaklappa og áður var getið hluta af Stapaklöpp, og eru á einu máli um það, að merkjalínan liggi um Stapaklopp, norðarlega, þar sem sjá má klett á klöppinni, er bendir til, að þar hafi til skamms tíma verið varða, en allstaðar annarstaðar er mosaskóf á klöppinni

Samkvæmt þessu teljum við rjett merki milli jarðanna Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsýslu og Veigastaða í Suður-Þingeyjarsýslu vera þannig:



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Frá Stapaklökk til fjalls, þaðan sem vjer teljum, að sjáist marka fyrir vörðu<sup>botni</sup> ~~brötti~~ á klökkinni, beina stefnu í klökk rjett Sunnan við merkjalæk á Skeiðunum, þaðan í Tvístein og svo beina stefnu syðst í slakkann utanvert við Varðgjárhnúk, og svo beint austur á miðja heiði.

Frá Stapaklökk til vesturs bein stefna gegnum vörðu á sjáfarbakkanum vestan á miðja Leiru miðað við suðurbrún Búðargíls austast í Höfðanum á Akureyri

Merkin ákveðum við samkvæmt þessu

Akureyri 17. sept. 1945

Sign. Friðrik Magnusson

Sign. Einar Árnason

Sign. Jóhannes Laxdal

Rjett eptirrit staðfestir

Skrifstofu Eyjafjs. og Ak. 3/10 1945

F. Skarphjeðinss

Gjald:

Staðfesting	kr.	21.00
Stimpl.	kr.	1.00
Samt		<u>2.00</u>



Ár 1945 fimmtudaginn 18. október komum við undirritaðir saman við Stapaklöpp á merkjum milli Ytri-Varðgjár og Veigarstaða og hlóðum upp merkivörðu á klöppinni á þeim stað er við höfum ákveðið merkin samkvæmt merkjagerðinni. Einnig hlóðum við vörðu á sjáfarbakkanum þar sem merkjalínan liggur frá Stapaklöpp <sup>vestur</sup> ~~norður~~ á leirum með stefnu í norðurbrún Búðargils austast í Höfðanum á Akureyri: Er þá merkjagerðarstörfum okkar lokið. Þóknun okkar fyrir merkjagerðarstörfin ákveðum við kr. 300.00 til hver gerðarmanns, alls kl. 900.00, og auk þess utlagðan ferðakostnað okkar og annan kostnað samkvæmt reikningi.

Til staðfestu ritum við nöfn okkar undir gerðinaabókina

Ytri-Varðgjá, 18. okt. 1945

Friðrik Magnússon,

Jóhannes Laxdal

Einar Árnason

Samþykkur framanritaðri merkjagerð að því er til jarðarinnar Ytri-Varðgjár tekur.

Akureyri, 3. apríl 1946

Tryggvi Jóhannsson

Eigandi Ytri-Varðgjár.

Vottar:

Guðmundur Jónsson, Eyrarlandi

Hermann Guðnason, Hvarfi

Samþykkur framanritaðri merkjagerð að því er tekur til 1/3 hluta jarðarinnar Veigarstaða

Akureyri, 27. apríl 1946

Þorl. Marteinson

eigandi 1/3 hl. Veigastaða

Vottar:

Gisli R. Magnusson

Ben Steingrímsson

Samþykkur framanritaðri merkjagerð að því er til mín tekur sem ábúanda 2/3 hluta úr jörðuni Veigastaða.

Akureyri, 4. maj 1946

Geir Jóhannsson

Vottar:

Gísli R. Magnússon



### Landskipti

Á óskiptu landi jarðanna Syðri- og Ytri-Varðgjár í Öngulsstaðahreppi.

Með bréfi dags. 7. sept. 1951 til bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu óskaði eigandi Ytri-Varðgjár í Öngulsstaðahreppi Tryggvi Jóhannsson eftir því, að útnefndur yrði oddamaður, til að taka sæti í landskiptanefnd til skipta á sameignarlandi jarðanna Ytri- og Syðra-Varðgjá í Öngulsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu. Til starfa þessa skipaði sýslumaður Sigurð M. Helgason fulltrúa á Akureyri.

Sjálfkjörnir í nefndina voru úttektarmenn hreppsins Björn bóndi Jóhannesson á Syðra-Laugalandi og Árni Jóhannesson, hreppstjóri á þverá, sbr. lög um landskipti nr. 46-1941.

Eftir að landskiptanefndin var orðin fullskipuð tók hún til tíma þegar hún skoðaði landið og var eigendum beggja jarðanna tilkynnt þar um með hæfilegum fyrirvara.

Á tilsettum tíma, fimmtudaginn 3. október 1951 komu allir nefndarmenn, sem að ofan eru nefndir, saman að Ytri-Varðgjá til þess að framkvæma skiptin. Mættir voru auk nefndarmanna, Tryggvi Jóhannsson bóndi, eigandi Ytri-Varðgjár og Páll bóndi Vigfússon, eigandi Syðri-Varðgjár.

Til staðar við gjörðina voru þessi skjöl:

1. Endurrit af útnefningu oddamanns í nefndina.
2. Endurrit úr Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu, með lýsingu á landamerkjum jarðanna Ytri- og Syðri-Varðgjá frá 1889.
3. Endurrit úr Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu með lýsingu á landamerkjum milli jarðanna Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsýslu og Veigastaða í Suður-Þingeyjarsýslu á sýslumótum. Einnig voru til staðar landskiptalög og jarðamatsbókun frá 1861 og kynntu nefndarmenn og jarðeigendur sér þessi gögn.

Nefndarmenn og eigendur jarðanna gengu um landið og athuguðu um merki gagnvart nágrennajörðum, og landið sjálft, sem skipta átti og gerðu mælingar á því.

Merkjalína milli þeirra hluta nefndra jarða, er óskipt er, ákvað nefndin þannig:

Frá stað þeim, þar sem svonefnd Litla-Varðgjá (hóll) var, að norðaustur-horni túngarðs, Syðri-Varðgjár ræður girðing sú, er nú er milli túnanna, frá norðausturhorni nefnds túngarðs eftir allháum rinda milli tveggja lækja í stærsta steininum í steinahlallabrun og síðan áfram, sama lína til fjalls eins og landareignin nær.

Lagt er fyrir eigendur jarðanna að klappa M. í ofanefndan stein í Steinahlalla.

Rafstöðvar eru nú fyrir bæði býlin, sín fyrir hvort býli og er stöð fyrir Syðri-Vargðjá í landi því, er óskipt hefir verið, en vatn til stöðvanna er fengið úr sama læknum, sem einnig er á landi



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Því er verið hefir óskipt. Skulu réttindi eigenda Syðri-Varðgjár til vatns til stöðvarinnar haldast óbreytt eins og verið hefir og frjáls aðgangur að stöðinni svo og til að halda við vatnsrennslinu eins og þörf er á fyrir stöðina, án endurgjalds. Að öðru leyti gilda almenn lög um vatnsréttindi á jörðunum.

p. t. Akureyri 8. október 1951.

Sigurður M. Helgason

(sign.)

Árni Johannesson

(sign.)

Björn Jóhannsson

(sign.)

Er samþykkur ofanrituðu sem eigandi Syðri-Varðgjár.

p. t. Akureyri, 31. okt. 1951

Páll Vigfússon

(sign.)

Er samþykkur ofanrituðu sem eigandi Ytri-Varðgjár.

p. t. Akureyri, 27. nóv. 1951

Tryggvi Jóhannsson

(sign.)



Landamerki milli jarðanna RAUÐHÚSA og VALLA í Saurbæjarhreppi.

Með bréfi dags. 2 maí s. l. til bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu óskuðu eigendur jarðanna Rauðhúsa og Valla eftir því að skipaður yrði oddamaður til þess, ásamt úttektarmönnum hreppsins, að ákveða landamerki milli Rauðhúsa og Valla, en ágreiningur hafði verið um landamerkin.

Til þessa starfs skipaði sýslumaður Kristján Jónsson fulltrúa ásamt úttektarmönnum hreppsins, þeim Valdimar Pálssyni hreppstjóra og Pálma Þórðarsyni, Núpufelli.

Þegar nefndin var fullskipuð tók hún til tíma er hún skoðaði landið og var eigendum beggja jarðanna tilkynnt það með hæfilegum fyrirvara. Á tilsettum tíma, sunnudaginn 25. maí 1952 komu allir nefndarmenn, sem að ofan eru taldir, saman að Rauðhúsum til þess að ákveða landamerkin.

Mættir voru auk nefndarmanna, Brynjólfur Jónsson, Rauðhúsum og Sigurvin Jóhannesson, Völlum.

Til staðar við gjörðina voru þessi skjöl:

1. Útnefningarbréf oddamanns í nefndina
2. Endurrit úr Landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu með lýsingu á landamerkjum jarðarinnar Vellir í Saurbæjarhreppi frá 12. maí 1890. Sérstakt landamerkjabréf fyrir Rauðhús reyndist ekki finnanlegt.

Nefndarmennirnir, og eigendur jarðanna gengu um landið, og athuguðu ummerki gagnvart jörðum og landið sjálft, sem ágreiningur var um.

Eftir nána athugun ákváðu nefndarmennirnir hin umdeildu landamerki þannig:

Norðan ræður merkjum svokallaður Gálghamar, sem er rétt austan við gamalt brúarstæði á Djúpadalsá. Frá Gálghamri eru landamerki í beina stefnu í Klofastein, sem er í Rauðhúsahólum. Þaðan gengur merkjalínan í suður í vörðu á mel sunnan við svonefnda Háumýri. Frá vörðu þessari eru landamerkin í beina stefnu í vörðu rétt norðaustan við svonefndan Ásgarð.

Báðir eigendur jarðanna lýstu því yfir, að þeir mundu una þessari ákvörðun nefndarinnar.

P. t. Akureyri 26. maí 1952

Kristján Jónsson

Vald. Pálsson

Pálmi J. Þórðarson



Landamerki milli Hesjuvalla og Kífsár.

Frá stórum steini, sem stendur á kollóttum mel vestan við Lónið beint í krók á merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum. Síðan ræður merkjalækurinn þar til að hann skiptist milli fossa í fjallinu sunnan við svokallað Breiðholt. Eftir það ræður syðri kvísl lækjarins í steypa þró á Skálarbrún, þaðan í gil í skálinni og á fjallið þar sem það byrjar að lækka norðan við Mannshrygg.

Hesjuvöllum 18. ágúst 1952.

Vilhjálmur Jónasson

– Handsalað –

Þorkell Björnsson

Vottar:

Guðmundur Jónsson

Höskuldur Jóhannesson



### Landamerki nýbýlisins Árbæjar í Hrafnagilshreppi.

Að sunnan er Finnastaðaá, sem skiptir löndum milli Hraungerðis og Árbæjar.

Að austan á eyðibýlið Holt land að, og er girðing á merkjum í beinu framhaldi af landamerkjagirðingu milli Finnastaða og Holts.

Að norðan rennur lækur á merkjum Finnastaða og Árbæjar á ca. 250 m. kafla austast. Er lækurinn beygir til norðurs er bein lína úr beygjunni og í sýsluveg vestan túns. Ræður þá vegurinn merkjum á kafla til norðurs eða að læk þeim, er fyrr greinir, fylgir síðan læknum til vesturs upp sunnan við svonefndann Kvíhól. Beygja þá merkin til norðurs eftir skurðbakka ca. 25 m. Síðan beina línu vestur í fjallgirðingu. Ofan fjallgirðingar á Árbær óskipt beitiland með öllum öðrum býlum í Grundarplássi.

Undirritaðir eru samþykkir ofanskráðum landamerkjum.

Ragnar Davíðsson  
Grund

Ketill Guðjónsson  
Finnastöðum.

Aðalsteina Magnúsdóttir  
Grund

Ólafur Kristjánsson  
Hraungerði

Mótt. til þingl. í Hrafnagilshreppi þ. 17.10.1952.

(17. okt 1952)





### Landamerki Ytra-Fells i Hrafnagilshreppi

Við undirritaðir höfum komið okkur saman um svofelda skiptingu milli jarðarinnar Möðrufells og nýbýlisins Ytra-Fell i Hrafnagilshreppi. Land nýbýlisins takmarkast þannig:

Að vestan ræður sýsluvegur. Að norðan landamerkjagirðing milli Hraungerðis og Möðrufells ofan á Flóahól, en þaðan ræður lína sjónhending í Bræður. Austurtakmörk landsins eru girðing á Neðra-Hrauni.

Að sunnan ræður milli nýbýlanna Ytra-Fells og Syðra-Fells bein lína úr vörðu á Langhól í Hvíldarstein og þaðan bein lína í Neðra-Hraun. Býlið hefur rétt til hagabeitar í óskiptu landi jarðarinnar að einum þriðja móti nýbýlinu Syðra-Felli og Möðrufelli.

Samþykkir ofanrituðu.

Möðrufelli 14/11 1952,

Jón H. Kristinsson  
eigandi Ytra-Fells

Kristján Ó. Jónsson  
eigandi Möðrufells

Þorsteinn Kristinsson  
eigandi Syðra-Fells.



Landamerki Syðra-Fells í Hrafnagilshreppi

Við undirritaðir höfum komið okkur saman um svofeldað landskiptingu milli jarðarinnar Möðrufells og nýbýlisins Syðra-Fells.

Land nýbýlisins takmarkast þannig:

Að vestan af sýsluveginum, að norðan af beinni línu úr Langhól í Hvíldarstein og þaðan í Veðra-Hraun. Að austan ræður girðing á Neðra-Hrauni. Að sunnan ræður girðing milli Möðrufells og Gilsbakka upp að sýsluvegi.

Býlinu fylgir bithagi í óskiptu landi að einum þriðja hluta móti nýbýlinu Ytra-Felli og Möðrufelli.

Samþykkir ofanrituðu

Möðrufelli 14/11 1952

Þorsteinn Kristinsson  
eigandi Syðra-Fells

Jón H. Kristinsson  
eigandi Ytra-Fells

Kristinn Ó. Jónsson  
eigandi Möðrufells.



Landamerki milli Upsa í Dalvíkurhreppi og Lækjarbakka, Miðkots og Efstakots í sama hreppi.

Merki milli Upsa og Lækjarbakka:

Að suðvestan ræður girðing merkjum á milli túna jarðanna, og er hún þrýtur, þá bein stefna úr girðingarmola eftir stefnu girðingarinnar í Brimnesá (Brimneslæk.)

Að vestan ræður lækur merkjum norður að Miðkotslandi.

Við sjóinn, að sunnan, bein lína úr steini í flæðarmáli (Kollur) vestur í mitt ræsi á akveginum norður ströndina. Þaðan eftir vesturbrún akvegarins í Brimnesá. Landeiganda Lækjarbakka skal þó heimil umferð um afleggjara sunnan nefnds vegarræsis, austan akvegarins.

Norðurtakmark: Bein lína til sjáfar frá landamerkjum Miðkots og Lækjarbakka.

Merki milli Upsa og Miðkots:

Að sunnan ræður girðing merkjum, sem liggur þvert frá landamerkjum Lækjarbakka og Upsa í suðurenda Efsta-Kotslands.

Að norðan ræður girðing, er liggur frá merkjum Efstakots og Upsa norður í hornstaur á móbarði. Þaðan bein lína stefna á Hálshorn að landamerkjum Efstakots.

Við sjóinn; Frá landamerkjum Lækjarbakka og Miðkots, eftir vesturbrún akvegarins norður í merki á miðri leið að Brekkulæk. – Skal steypur merkjasteinn á þessum takmörkum.

Merki milli Upsa og Efstakots:

Að sunnan ræður girðing merkjum, sem liggur úr horni Miðkotslands í samgirðingu að landamerkjum Miðkots og Upsa. Að norðaustan ræður girðing frá Hólsmarkjum, og eftir henni bein stefna í merki Miðkots og Upsa.

Við sjóinn: Frá Hólsmarkjum eftir vesturbrún akvegarins að Svarðarbraut.

Verði núverandi vegarstæði fært skulu steyptir merkjasteinar á nógildandi merkjalínum samkvæmt ofanrituðu ~~samkvæmt~~ samkomulagi. Ennfremur skal umrætt land kortlagt svo fljótt, sem því verður við komið.

Dalvík, 30. janúar 1954

Samþykktur vegna eiganda Upsa

Jón Stefánsson

(sign)

Samþykktur <sup>vegna</sup> fyrir Efstakots

Þorsteinn Antonsson

(sign)



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Samþykktur vegna Miðkots

Páll Guðlaugsson

(sign)

Samþykktur vegna Lækjarbakka

Jóhann Jóhannsson

(sign)

Vottar:

V. Óskarsson

(sign)

Gestur Hjörleifsson

(sign)



Landamerki milli Einhamars og Nýja-bæjar í Skriðuhreppi.

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Einhamars og Nýjabæjar í Skriðuhreppi leyfum okkur, að fara þess á leit við yður hr. sýslumaður, að þér tilnefnið oddamann, sem ásamt úttektarmönnum hreppsins ákveði landamerki milli téðra jarða.

Skuldbindum við okkur til þess að hlýta úrskurði þeim, sem ofangreindir menn fella um ágreiningsefnið og þinglesa landamerkjum á næsta manntalsþingi.

Kostnaðinn við landamerkjagerðina greiðum við að jöfnu.

p. t. þinghúsi Skriðuhrepps 27/11 1952.

Aðalsteinn Guðmundsson  
eigandi Einhamars

eigandi Nýjabæjar  
Skúli Guðmundsson.

Vottar að undirskrift  
Magnús Bjarnason  
Ragnar Guðmundsson

Akureyri 9. des 1952.

Með skriflegum samningi, dags. 27. f. m. hafa þeir Aðalsteinn Guðmundsson, eigandi Einhamars í Skriðuhreppi og Skúli Guðmundsson, eigandi Nýjabæjar í sama hreppi skuldbundið sig til þess að hlíta ákvæðum úttektarmanna hreppsins og oddamanns er þar til yrði útnefndur af sýslumanni, um landamerki milli téðra jarða sem nú er nokkur ágreiningur um. Kostnað við merkjagerðina skuldbinda eigendur jarðanna sig til að greiða að fullu.

Fyrir því eruð þér, herra fulltrúi, hér með útnefndur til þess sem oddamaður með úttektarmönnum Skriðuhrepps að ákveða nefnd merki eftir þeim gögnum sem þar um er hægt að fá.

Friðjón Skarphéðinsson

Hr. fulltrúi Sigurður M. Helgason  
Akureyri.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Samvkæmt ofanskráðum samningi Aðalsteins Guðmundssonar eiganda eyðibýlisins Einhamars og Skúla Guðmundssonar, eiganda eyðibýlisins Nýjabæjar, um gjörðardóm um landamerki milli teðra jarða, ofanskráðu skipunarbréfi sýslumanns Eyjafj.sýslu, úrskurðum við að landamerki milli teðra jarða séu sem hér greinir:

Landamerki Nýjabæjar og Einhamars í Skriðuhreppi.

Lína frá Hörgá við Merkjalækjarós eftir núverandi girðingu að „Einhamri“, sem er allstórt klettabelti neðarlega í fjallshlíðinni, og áfram sama stefna upp á brún hamarsins og skal þar vörðu gera. Þaðan liggur línan í beina stefnu í vörðu, sem stendur á hrygg norðan við slakkann upp af „Einhamri“ og er 314 metra frá vörðu á hamarsbrún. Frá vörðu á hrygg bein stefna í Miðgjá og svo upp í gegn.

Akureyri 1. júlí 1953  
Sigurður M. Helgason  
Eiður Guðmundsson

Ármann Hansson

Snú!

Ágreiningsatriði: Á eftir orðunum: „þar skal vörðu gera“, komi: þaðan liggur lína upp rinda í slakkanum upp af „Einhamri“ og er rindann þrýtur skal setja þar merkjavörðu, og frá henni síðan lína í Miðgjá og þaðan á fjall upp.

Eiðm. Guðmundsson

Samþykkjum ofanritaðan úrskurð gerðadómsnefndar án athugasemdar minni hlutans.

P. t. Akureyri 27. júlí 1953

Skúli Guðmundsson  
eigandi Nýjabæjar

eigandi Einhamars



Landamerki nýbýlis, byggðu í landi Ölvisgerðis og Yzta-Gerðis.

Að norðan ræður Skjóldalsá merkjum.

Að austan eru merki milli nýbýlisins og Miðgerðis frá klöpp norður á gilbarmi Skjóldalsár, beina stefnu í stein, sem er suður og upp frá Miðgerði, er Sóti nefnist. Lína þessi er 6 metrum vestan við svonefnda Merkjaklöpp.

Að sunnan eru merki frá Sóta beina stefnu á hól, sem er næst sunnan við Langamel. Þaðan liggja merki í norður frá nefndum hól í stefnu á Ölvisgerðisklappir. Þar sem þær eru hæstar norður að akvegi, sem liggur í austur nokkru sunnan við Skjóldalsá. Þaðan liggur merkjalínan í vestur, beina stefnu í stóran stein, sem er á gilbarminum norðan við Yzta-Gerði og þaðan sömu stefnu í ána. Auk heimalands samkv. ofanrituðu, fær nýbýlið frían upprekstur í Skjóldal fyrir búpening sinn og beit í svonefndum Miklagarðshaga.

Gjört að Yzta-Gerði 28. marz 1955.

Jón Jónsson

Gunnbjörn Jónsson

Kristinn Kjartansson

Miklagarði.

Tryggvi Jóhannesson.

Miðgerði.



Landamerki Höskuldsstaða- Jódísarstaða í Öngulstaðahreppi, Eyjafirði.

Við undirrituð Ingólfur Kristjánsson, Kristbjörg Kristjánsdóttir og Snjólaug Kristjánsdóttir eigendur  $\frac{3}{4}$  hluta jarðarinnar Jódísastaðir í Öngulstaðahreppi og Sigurður Snæbjörnsson eigandi  $\frac{1}{4}$  hluta jarðarinnar Jódísarstaðir í Öngulstaðahreppi, höfum í dag samþykkt svofellda skiptagjörð. Allt land fyrir vestan þjóðveg er tekið til skipta og auk þess land austan þjóðvegur að Stekkjarklökkum.

Hluti Sigurðar hefir fengið lögfest nafnið Höskuldsstaðir.

1. Innan núverandi túngirðingar fá Höskuldsstaðir 185 m breiða spildu norðan af túninu mælt frá þinglýstum merkjum Jódísarstaða og þverár.

2. Af landinu vestan túngirðingar fá Höskuldsstaðir land sem hér segir. Frá norðvesturhorni túngirðingar 185 m suður eftir girðingunni og er þar hornmerki. Frá því hornmerki eru mörkin lína dregin samhliða landamerkjaskurði Jódísarstaða og þverár 516 m. löng og er þar sett á áður nefndan merkjaskurð. þar er hornmerki. þaðan ræður landamerkjaskurður Jódísarstaða og þverár að áður nefndu túngirðingarhorni. Sú lína er 530 m.

3. Af svonefndri Sökku fá Höskuldsstaðir sem hér segir. Að norðaustan og austan ræður austari skurðurinn unz komið er 235 suður fyrir beygju, sem á honum er. þar er nú merki. Að sunnan ræður lína dregin frá þessu merki í merki í vestari skurðinn sem er sett 70 m sunnan við syðri þverskurð austan við vestari skurðinn. Að vestan ræður vestari skurðurinn norður þangað sem austari og vestari skurðirnir mætast.

4. Fyrir austan þjóðveg fá Höskuldsstaðir land sem hér segir. Að vestan ræður þjóðvegurinn frá þinglýstum landamerkjum Jódísarstaða og þverár að girðingarhorni sem er um 15 m sunnan við heimreiðina að Jódísarstöðum. þar beygja mörkin í austur um 265 m eftir girðingu að girðingarhorni. þar beygja merkin hornrétt í norður 225 m og er þar hornmerki. þar beygja merkin hornrétt í austur unz komið er að Stekkjarklökk og beygja mörkin þar í norður allt að þinglýstum landamerkjum Jódísarstaða og þverár og fylgja þeim merkjum vestur að þjóðvegi.

5. Höskuldsstaðir eiga rétt til  $\frac{1}{4}$  hluta alls óskipts lands, sem er land austan Stekkjarklappa og Helgárselslanda

6. Höskuldsstaðir hafa frjálstan umferðarétt eftir veginum á skurðbökkum, sem eru nauðsynlegir til þess að komast að landi, sem Höskuldsstaðir eiga í Sökku, enda annist Höskuldsstaðir viðhald þeirra vega að  $\frac{1}{4}$  hluta.

7. Höskuldsstaðir greiða eftirleiðis  $\frac{1}{4}$  hluta af gjaldi því sem Jódísarstaðir eiga að greiða til áveitufelags Öngulstaðahrepps.

8. Skiptagjörð þessari fylgir uppdráttur Landnáms ríkisins nr 1412, 23.

Jódísarstöðum 18. júlí 1956

Ingólfur Kristjánsson (sign)

Kristbjörg Kristjánsdóttir (sign)





ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Snjólaug Kristjánsdóttir (sign)

Sigurður Snæbjörnsson (sign)

Vitundarvottar:

Sigurlaug Einarisd.

Guðrún Gamalíelsd.

Framanritað rétt innfært

Skrifstofa Eyjafjs. og Ak. 26/7. 56

Sig M. Helgason settur



Landamerki milli Ytri-Varðgjár og Austurhlíðar eru sem hér greinir samkv. afsali dags. 14. júlí 1956.

I. Frá Norðurlandsvegi til Vaðlaheiðar og vestur á miðja leiru (á móti Akureri). Frá Norðurlandsvegi ca. 8 m norðar en Garðagilslækur fellur í gegn um veginn og beina stefnu í húsið Aðalstræti 54, Akureyri.

II. Frá Norðurlandsvegi til Vaðlaheiðar og austur á miðja Vaðlaheiði (landamerkjum við Fnjóskadal):

Eftir smáskurði frá Norðurlandsvegi ca. 63 metrum sunnar en Garðagilslækur fellur í gegn um veginn og beina stefnu um svokallaða Varðgjárvörðu á vestari brún Vaðlaheiðar (hæsta sjónarhól brúnarinnar séð neðanfrá) og austur á miðja heiði.

Akureyri, 14. júlí 1956

Tryggvi Jóhannsson (sign)

samþykkur:

Akureyri 14. júlí 1956.

Kristján Tryggvason (sign)

Vottar:

Jón Jónsson

(sign)

Friðrik Magnússon

(sign)

Vottar:

Jón Jónsson

(sign)

Friðrik Magnusson

(sign)



Landamerki Guðrúnarstaða og Möðruvalla í Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Að sunnan eru landamerkin milli Guðrúnarstaða og Möðruvalla við svokallað Mönuteigsgil við þjóðveg, þaðan beina línu með girðingunni austur að félagsgirðingu (engjagirðingu), er liggur út og suður undir fjallshlíðinni, og suður að svokölluðum Sandgilslæg að Helgastaðamerkjum og með þeim læk að svokölluðum Sandgilsfláa í fjallsbrúninni. Vestur frá þjóðveginum við Mönuteigsgil, bein lína í Eyjafjarðará, og ræður áin merkjum að vestan.

Að norðan eru landamerkin milli Guðrúnarstaða og svo nefnds Víðineslands (í Öxnafellislandi) í Syðri-Bátshól, vestan við Eyjafjarðará, þar sem hann er hæstur, og beint strik þaðan utanhalt við svokallað Guðrúnarstaðagil í fjallsbrúninni. Að norðan eru landamerkin eftir miðju fjallinu.

Akureyri 16 sept. 1958

Jónas Sigurðsson (sign.)  
Eigandi Guðrúnarstaða

Jón Tryggvason (sign.)  
Eigandi Möðruvalla

Vottar :  
Jónas G. Rafnar (sign.)  
Árni Jónsson (sign.)



Landskifti milli Búlands og Pálmholts í Arnarnesshreppi.

Við undirritaðir ábúendur og eigendur jarðanna Búlands og Pálmholts í Arnarnesshreppi, höfum ákveðið að skifta því landi jarðanna, sem óskift hefir verið, en það er allt landið norðan Pálmholtsvegar.

Skiftin eru þannig:

Bein lína úr Sigríðarsteini, sem er rétt norðan Pálmholtstúns í stefnu á Bjarnarhól. Það sem er austan þessarar línu er eign Búlands en allt vestan hennar er eign Pálmholts.

Að öðru leyti eru skifti jarðanna þau, sem undanfarið hafa gilt, þessi: Vélgrafinn skurður sunnan frá Pálmholtslæk og norður í Búlandstún, skiftir hann landi jarðanna norður eftir meira en hálfa lengd skurðsins eða norður að gömlum flóðgarði suðaustur frá Pálmholti, garðurinn, með girðingu, eru merki það sem hann nær vestureftir, en þaðan er girðing norðvestur í túngirðingu Pálmholts.

Auk þessa á Búland nokkurn hluta af gamla Pálmholtstúninu, ca. 4 dagsláttur og er það afmarkað með girðingu.

Búlandi og Pálmholti 21. janúar 1961

(Sign) Halldór Ólafsson

(Sign) Kjartan Ólafsson



### Landamerki Mikla-Garðs I og II.

Land Mikla-Garðs II, sem er hálfur Mikli-Garður áður en Litla-Garði var skipt úr landi Mikla-Garðs.

Úrskipt land Mikla-Garðs II liggur annarsvegar norðast á jörðinni og svo og spilda frá norðri til suðurs austan við fjallgirðingu þvert yfir landið milli Yztagerðis og Hlíðarhaga.

Merkin eru sem hér segir:

Frá Hagagirðingu þar sem hún liggur yfir sýslu hæveg á Hallahól og vélgrafinn skurður kemur að vegi, þaðan með skurðinum og girðingu á skurðbakkanum, til norðvesturs og síðan vesturs uppundir gamla kirkjugarð, þaðan úr skurðendanum girðing í norðausturhorn gamla kirkjugarðsins, þaðan til vesturs um gamla bæinn og svo áfram til vesturs í girðinu, sem liggur upp í túngirðingu, þá ræður merkjum túngirðing sem liggur vestan og sunnan við Hattinn, unz kemur austur að þvergirðingu, vestan nú nýræktaðs túns og ræður sú þvergirðing merkjum suður að merkjum við Hlíðarhaga. Að vestan ræður fjallgirðing merkjum eins og fyrr segir.

Óskipt land Mikla-Garðs II er :

1. Haginn.
2. Fjallið fyrir ofan Mikla-Garð.
3. Skjöldalur að sunnan.

Allt í þeim hlutföllum sem fyrr greinir. Mikli-Garður I, Litli-Garður og Árgerði hafa umferðarrétt syðst í landi Mikla-Garðs II til fjallsins, ef þeir heldur vilja þá mega þeir girða 20 m spildu syðst í landi Mikla-Garðs II við merki Hlíðarhaga.

Miklagarði 16/11 1961

f. h. Mikla-Garðs I samþykkir:

Kjartan Ólafsson (sign)

f. h. Mikla-Garðs II samþykkir:

Kristinn Kjartansson

(sign)



### Landamerki milli Uppsala I og Uppsala II í Öngulsstaðahreppi.

Frá landamerkjum Klaufar og Uppsala frá norðri til suðurs á merkjasundi, liggja landamerki milli Uppsala I og II eftir Fjánhúslæk norðaustur og norður eftir læknum allt að brúnni á heimreiðarvegi, þá í austur eftir girðingu meðfram heimreiðinni unz kemur að girðingu er liggur í suður, eftir henni suður að girðingu um heystæði norðanvert, sem liggur í suðaustur þá eftir henni í vesturenda á framræsluskurði, síðan eftir honum austur að girðingu, er liggur norður Gamlatún, eftir henni í stefnu á suðvestur horn á íbúðarhúsi, í norður jafnt suðurgafli trjagarðsins, þá beint í austur í Bæjarlæk.

Síðan eftir læknum unz komið er í stefnu á austurhlið Reykhússins, þá suður eftir girðingu þar til kemur að girðingu er liggur austur, þá eftir henni austur í vestasta framræsluskurð nr. 1, þar suður skurðinn 13 metra, þá austur yfir skurðina nr. 2-3 og 4 og áfram austur syðst á Steinhjalla og austur í skurð nr. 5. Þá norður þann skurð allt norður í Bæjarlæk, þá austur eftir Bæjarlækjarskurði, unz hann endar móts við austasta skurð nr. 6.

Hefur Uppsalir I land norðan merkjana, en Uppsalir II land sunnan þeirra. Á sama veg er landi á Skeiðum og í Fjalli skift til helminga austur og upp, allt á Fjallsbrún.

Land þessara býla í Brúnum og í Staðarbyggðarmýrum er óskift, með sameiginlegum notum. Óskift er land á Bæjarhól og nánasta umhverfi kringum íbúðarhús, fjós og önnur útihús er þar standa.

Uppsalir II á í landi Uppsala I, spildu 1827 fermetra, sem takmarkast af Braggaskurði að sunnan, skurði að vestan, girðingu að norðan og austan, í beina stefnu í austur enda Braggaskurðar.

Ný landamerki milli Klaufar og Uppsala I í áður óskiftu landi eru: þar sem austasti framræsluskurður endar að norðan við Hvítuflatir, en þaðan eru 250 metrar eftir norður í vestur eftir skurði vestur yfir Steinhjalla og beint áfram vestur mýrarnar unz skurðinn þrýtur, þá úr honum áfram sendur eftir girðingu beggja þar eftir girðingu áfram suðvestur yfir melana í gömlu merkin á barðinu við svonefnd Hólshús

Að öðru leyti vísast til Landamerkjabókar Eyjafjarðarsýslu um landamerki Uppsala I og II við nágretta jarðir.

Uppsölum 15. Júní 1962

Ingólfur Pálsson (sign)

Garðar Vilhjalmsson Uppsölum

(sign)

Er samþykkur ofanritaðri landamerkjalytingu Klaufar og Uppsala.

Guðmundur Sigurgeirsson (sign)



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Klauf

Vitundarvottar

Ingibjörg Jóhannsdóttir (sign)

Ingvar Þ. Vilhjálmsson (sign)



Landskiptagerð milli þúfnavalla I og þúfnavalla II og Gerðis.

Samkvæmt lögum um landaskipti nr. 46, 27. júní 1941, 16 gr. skiptu eigendur jarðanna: Gerðis, þúfnavalla I og þúfnavalla II með aðstoð og samþykki Hermanns Valgeirssonar í Lönguhlíð, úttektarmanns hreppsins, heimabithaga téðra jarða. Jarðir þessar eru úr jörðunum þúfnavöllum og Saurbæ, eru voru sameinaðar árið 1892, en skipt aftur í þrjár jarðir árið 1922. – Skipt var þá túnnum, engjum og húsum, en allur bithagi og afréttarland var sameiginlegt. – Var slægjulandi á jörðinni þúfnavöllum – Saurbæ skipt í þrjá jafna parta, svo að hver hinna nýju jarða fékk jafnt slægjuland. Landaskipti þessi sem nú voru gerð voru jöfn þriðjungaskipti, en tillit tekið til gæða landsins, sem er misjafnt.

Samkvæmt ofanrituðu skiptist heimabithaginn þannig:

A. Í hlut Gerðis kemur land allt frá landamerkjum Myrkárbakka ofan engjagirðingar og upp að fjallsrótum, út fyrir ofan gömlu túnin í Gerði og Saurbæ, að þvergirðingu, sem liggur upp skammt fyrir utan Hólshústóftarbrot og rétt sunnan við Mikluskriðu og á Háfjöll.

2. Spilda utan af Flötumóum og þúfnavalla hálsi. Spilda þessi afmarkast að sunnan af línu (girðingu) sem liggur af syðri enda Stórabugs, þvert upp að Barká og endar við Tungufoss, að norðan ræður Barká merkjum.

B. Í hlut þúfnavalla I kemur landspilda er afmarkast af línu er liggur út og upp af þúfnavallatúni í beina stefnu á Grástein, yzt á Kvíahæð, um vörður á hálsinum við Kvíagötur og þaðan áfram niður skammt utan við Sjónarhól og í vörðu á melnum, örskammt utan við, þar sem Flóalækur fellur í Barká.

Spildan markast að öðru leyti af Barká út að tungufossi og þaðan af línu þeirri, sem markar hluta Gerðis af hálsinum, og þar er getið, þá úr þeirri línu efst á Flötumóum, suður yfir lægðina í Yztasundsmel; yfir Miðsund og í vörðu, rétt utan og neðan við Kringlugerði. þaðan hornrétt niður að þjóðveginum í grjótvörðu á mel rétt ofan við móana. þá ræður þjóðvegurinn mörkum suður að túni og síðan norðurjaðar túnsins.

2. Landspilda milli þjóðvegarins og Hörgár frá Langaós að Sunnan að Hjólansbeygju að norðan.

C. Í hlut þúfnavalla II kemur:

1. Landspilda, sem markast að sunnan af markalínu þeirri er liggur upp á Háfjöll, norðan Gerðislanda. Fyrir ofan hálsinn af línu úr Slabba um Keldu á þvermel og í vörðu rétt utan við Rauðabjarghvamm.





Síðan ræður Barká merkjum og vörðu utan við Flóalæk og þaðan lína sú, er þaðan liggur að þúfnavallatúni og áður er getið. Að ~~norðan~~, neðan eru merkin jaðar þúfnavallatúna að ofan, og sunnan við túnið að gömlu heimreiðargötunum milli þúfnavalla og Saurbæjar.

2. Landspilda, sem markast af Stórabug og Hörgá suður að Hjólangsbeygju, þaðan með þjóðveginum suður að endavörðu á merkjalínu þeirri sem áður er nefnd, þaðan í línu efst á Flötumóum að Gerðislandi.

3. Móaspilda neðan Saurbæjarmýrar að þjóðveginum skal fylgja.

Allar merkjalínur skulu merktar með vörðum úr grjóti, eða öðrum glöggum varanlegum merkjum, einkum þó línuendarnir.

Annað land.

1. Afréttin – þúfnavallasveigur frá Héðinsskarði að Keldu, skiptist ekki.

2. Austurhlíð Slembimúla frá Höggi og Slakka að Svartagili og bakkar og eyrar meðfram Hörgá frá Langaós að Eggjasundslæk skal vera óskipt land fyrst um sinn.

3. Veiðiréttur í Barká og Hörgá er óskiptur.

Framangreind landaskipti samþykkjast hér með.

St. þúfnavöllum 25. sept 1966.

Hermann Valgeirsson  
úttektarmaður.

Landaskiptin eru hér með samþykkt af okkur undirrituðum eigendum jarðanna: Gerðis, þúfnavalla I og þúfnavalla II.

þúfnavöllum, 3. október 1966.

Guðmundur Eiðsson  
eigandi þúfnavalla I að  $\frac{3}{4}$

Eiður Guðmundsson  
eigandi þúfnavalla I að  $\frac{1}{4}$

Ólafur Skaftason  
eigandi Gerðis.

Baldur Guðmundsson  
eigandi þúfnavalla II.



Breyting á landamerkjaskrá Neðri-Vindheima.

Í stað orðanna: „Að vestan eldri farvegur Hörgár, þar áin rennur nú mikið austur en hún rann fyrir nokkrum árum.“ Komi: „Að vestan bein lína milli tveggja merkjastaura. Stendur sá nyrðri 350 metra vestur frá grjótvörðu á klöpp í suðurbarmi Gípugils, en sá syðri á landamerkjum Efra-Rauðalækjar og Neðri-Vindheima 90 metra vestur frá merkjastaur á næstu bakkabrún þar austur af.“

Gert að Neðri-Vindheimum 20. maí 1967

Hermann Valgeirsson

Lönguhlíð

(sign)

Jóhannes Jóhannesson

Vindheimum

(sign)

Gjald kr. 50-  
greitt.



Breyting á landamerkjaskrá Lönguhlíðar

Í stað orðanna: „Ofan í móts við Gípugil.“ komi: „að vestari merkjastaur á landamerkjum Efri-Rauðalækar og Neðri Vindheima og þaðan bein lína norður að merkjastaur gegnt Gípugili.“

Neðri Vindheimum 20. maí 1967

Hermann Valgeirsson  
Lönguhlíð  
(sign)

Jóhannes Jóhannesson  
Vindheimum  
(sign.)



### Landamerki

milli Skáldalækjar og Hamars í Svarfaðardalshreppi, er sættir urðu um fyrir landamerkjadómi á vettvangi miðvikudaginn 20. júní 1973:

„Bein lína úr Hestanestanga yfir víkina eftir skurði, sem grafinn hefur verið í víkina frá Skíðadalsvegi og áfram í merkjahæl í Skipalág. Þaðan bein lína í suðvestlæga stefnu í merkjagarð þar sem framræsluskurður, sem liggur norðan garðsins, beygir í norður. Bein lína er úr framangreindum merkjahæl í tind Kerlingar. Síðan ræður merkjagarðurinn suður og upp í ásinn í Sveitalang, (merkjagarður) en frá samkomu garðanna bein lína suðvestur eftir ásnúm í Grástein á Sökkumörkum“.

f. h. Svarfaðardalshrepps,  
eiganda Hamars:

Hjalti Haraldsson, sign.

Þórarinn Jónsson, sign.

Ólafur Tryggvason, sign.

Sigurjón Sigurðsson, sign,

Jónas Þorleifsson, sign.

f. h. eig. Skáldalækjar-“

Hallur Steingrímsson, sign.

Í merkjadómi:

Bogi Nilsson, sign.

Hjörtur E. Þórarinsson, “

Snorri Kristjánsson, sign

Vottar: Lúðvík Kaaber, sign.

Ævar Hjartarson, sign.



Landamerki milli Torfness og Fagraskógar í Arnarneshreppi:

Undirrituð, Magnús Stefánsson bóndi Fagraskógi, Ragnheiður Stefánsdóttir Kotárgerði 24 Akureyri og Þóra Stefánsdóttir, Fornhaga 24, Rvík, en Ragnh. og Þóra eru eigendur jarðarinnar Torfnes í Arnarneshreppi, erum sammála um landamerki á milli Fagraskógar og Torfness, þannig:

1. Að norðan markast land Torfness af merkjagirðingu milli Torfness og Rauðuvíkur.
2. Að vestan markast land Torfness og Fagraskógar af staur, er stendur 160 m. vestan Ólafsfjarðarveggar í staur er stendur 20 m. frá vegmiðju sama vegar, og að sunnan af beinni línu úr þeim staur, til sjávar í hæstu þúfu á Hrafnabjörgum.

Akureyri 13. ágúst 1976

Magnús Stefánsson, sign.

Ragnheiður Stefánsdóttir, sign,

Þóra Stefánsdóttir, sign.



### Landamerki

milli Núpufells og Sandhóla Saurbæjarhreppi, er sættir urðu um fyrir landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu fimmtudaginn 18. október 1923:

### Sátt

Landamerki milli jarðanna Núpufells og Sandhóal skuli vera þessi: Eyjafjarðará ræður frá merkjum Sandhóla og Saurbæjar að kvístarfarveg þeim er fellur austan við Sandhólahólma. Þaðan bein stefna sem næst miðjum kvístarfarveginum í staur er við framhaldsárið var stungið niður í hólmanum fast við kvístlina. Þaðan bein stefna suðvestur í bakkahornið við Eyjafjarðará þar sem vestari kvístarfarvegurinn fellur úr ánni. Skal setja þessi merki niður með greinilegum vörðum eða stefnumerkjum er síðan takast upp í landamerkjaskrá jarðanna.

Sandhólaeigandi eða ábúandi má eigi amast við fénaði Núpufellsmanna á þeim tíma árs sem búpeningur er innan girðingar, enda beitir hann eigi hólmann meðan áin fellur, eins og hún nú fellur.

Málskostnað kr. 90 krónur greiða málsaðilar þannig:  
Núpufellseigendur kr. 50.00 og Sandhólaeigandi kr. 40.00

Magnús Kristjánsson  
Fyrir sjálfan mig og fyrir  
hönd föður míns  
Pálmi J. Þórðarson.

Sáttin var í réttinum upplesin og undirrituð af málsaðilum.

Niðurlag réttarhaldsins var haldið á Sandhólum og mætti Pálmi Þórðarson fyrir hönd beggja eiganda Núpufells.

Rétti slitið

Steingrímur Jónsson.  
Benedikt Einarsson.  
Valdimar Pálsson.

Innfært 19/12. 1984



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS



## Landskiptagerð

um landskipti jarðarinnar Litla-Dunhaga Arnarneshreppi milli eigenda Jósavins Gunnarssonar og Jósavins Helgasonar.

Hinn 31. október 1986 vorum við undirritaðir Ólafur G. Vagnsson Hlébergi, sem oddamaður og útektarmenn Arnarneshrepps Magnús Stefánsson Fagraskógi og Ingimar Brynjólfsson Ásláksstöðum dómkvaddir til að framkvæma landaskipti í Litla-Dunhaga milli eigenda Jósavins Gunnarssonar og Jósavins Helgasonar.

Eftir allítarlega skoðun á landi byggingum og öllum aðstoðum ásamt viðræðum við aðila málsins, höfum við orðið sammála um eftirfarandi skiptagerð:

1. Landið skiptist með beinni línu frá Hörgá að þjóðvegi 320 m. norðan við landamerkin milli Litla og Stóra-Dunhaga og samhliða þeim.

Ofan þjóðvegur liggur skiptilínan 255 m. norðan við merkin milli Stóra-Dunhaga og samhliða þeim upp móts við austurhlið lóðar Litla-Dunhaga III (gamla íbúðarhúsið) en þaðan liggur linan beint norður í suðausturhorn lóðarinnar. Lóð Litla-Dunhaga III er síðan á merkjum en hún er sameign beggja aðila.

Frá lóðarmörkum að norðan

liggur skiptalína um heimreiðina norður að læk en þaðan skiptir lækurinn löndum og síðan framræsluskurður, sem lækurinn rennur eftir allt upp að efsta þverskurðinum til norðurs. Þaðan liggur skiptilínan sem þann þverskurð 70 m. í norður en síðan aftur til vesturs í beina stefnu upp í fjallsgirðingu þar sem miðpunktur er milli landamerkja Litla-Dunhaga á mótí Björgum og Stóra-Dunhaga. Ofan fjallsgirðingar liggur línan mitt á milli merkja á fjall upp. Hluti Jósavins Helgasonar úr skiptum þessum sem nefndur verður Litli-Dunhagi I, er syðri hluti landsins neðan þjóðvegur en ytri hluti þess ofan vegar.

Hluti Jósavins Gunnarssonar, sem nefndur verður Litli Dunhagi II, er því ytri hluti landsins neðan þjóðvegur en syðri hluti þess ofan vegar.

2. Við þessa skiptingu landsins lenda 24,9 ha slægjulanda í hlut Jósavins Gunnarssonar en 15,2 ha í hlut Jósavins Helgasonar þ. e. mismunur upp á 9,7 ha. Til jöfunar þessu teljum við að Jósavin Gunnarsson verði að greiða Jósavin Helgasyni kr. 275.000 – í ræktunarkostnað, kostnað vegna girðinga og leigu á landi á meðan á ræktun stendur.

Jósavin Gunnarsson skal hinsvegar fá í sinn hlut 70% af jarðræktar framlagi út á fyrstu 4,85 ha sem Jósavin Helgason ræktar.

3. Veiðiréttur í Hörgá er sameiginlegur og tekjur af veiði eða veiðileiga skiptist að halfu.

4. Finnist heitt vatn í landi jarðarinnar skulu báðir aðilar hafa sama rétt til að nýta það og leigutekjur og sölu vatns ef til kemur skulu skiptast að hálfu.





5. Báðir aðilar hafa rétt til að taka vatn til heimilis þarfa og bús í landi hins enda sé það landeiganda meinalaust. Tjón á landi og mannvirkjum vegna vatnsveitunnar skal bætt að fullu.
6. Land það, sem vegagerð ríkisins hefur nú til umráða og réttur til malartekju samkvæmt samningi þar um, skal falla til Jósavins Gunnarssonar.
7. Í tengslum við landaskipti þessi kaupir Jósavin Helgason eignarhlut Jósavins Gunnarssonar í gömlum útihúsabyggingum, þ. e. hlöðu og áföstum byggingum, á matsverði kr. 495.000. –
8. Greiðsla mismunur á verði útihúsa og ræktunarkostn. kr. 220.000. – greiði Jósavin Helgason að hálfu við undirskrift landskiptagerðar og að hálfu, við afhendingu bygginganna, sem ákveðin er 1. júlí 1988, og skal þá afsal útgefið.
9. Fyrir 1. september 1988 skulu aðilar hafa fært önnur hús, vélar og aðrar eignir yfir á sinn hlut landsins.
10. Merkjalinur samkvæmt landskiptagerð þessari hafa verið dregnar inn á loftmynd sem geymd er á skrifstofu Bunaðarsambands Eyjafjarðar.

Akureyri 16/6 1988

Ólafur G. Vagnsson (sign)

Ingimar Brynjólfsson (sign)

Magnús Stefánsson (sign).

Hef kynt mér landskiptagerð jarðarinnar Litla-Dunhaga.

Tek mér frest til yfirmats.

Jósavin Helgason (sign)

Samþykkuð fyrir hönd Litla-Dunhaga II

Josavin Gunnarsson (sign).

Vottar: að rétttri dagsetn. fjárræði og undirskrift útgefanda.

Ingibjörg Helgadóttir (sign)

Valdis Rut Josavinsdóttir (sign)



Við undirritaðir Páll Ólafsson, Dagverðartungu og Þorsteinn Jónsson, Brakanda gerum svohljóðandi samning um skipti á landi jarðarinnar Bláteigs, sem við höfum keypt.

Landið skiptist af hálfu að flatarmáli, eftir mælingu sem gerð verður og samkvæmt þeim atriðum sem hér verða fram tekin:

Þorsteinn fær allt land ofan þjóðveggarins eins og hann liggur nú. Páll fær bakkana neðan frá Hörgá og upp eftir þar til næst jöfn stærð við fyrrgreindan hluta Þorsteins. Takmörk þessa hluta liggj hornrétt við merkjagirðingu Bláteigs og Hólakots. Mismunur á landgæðum fyrrgreindra hluta greiðist á peningum samkvæmt mati á landinu.

Sá hluti landsins sem ótalinn er, skiptist að jöfnu eftir stærð, þanig að Þorstein fær syðri hlutan en Páll þann nyrðri og er það land lagt að jöfnu að gæðum.

á mörkum jarðarhlutanna skal reist girðing og skal uppsetning og viðhald kostað jafnt af báðum, einnig skiptist að jöfnu kostnaður við að fjarlægja hústóftir þær sem á jörðinni eru nú.

Réttindi og skyldur varðandi Hörgá, skulu tilheyra að öllu hluta Páls. Fyrrgreind mæling og mat á landinu skal falið Ævari Hjartarsyni ráðunaut og skal úrskurður hans vera endanlega bindandi fyrir báða aðila.

Samningur þessi er gerður í tveim eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki. Gjört að þrihyrningi 6. maí 1967

Þorstein Jónsson (sign)

Páll Ólafss. (sign)

Vitundarvottar:

Haukur Steindórss.

Guðmundur Steindórs.

Innfært 22. ágúst 1994.